birta

GÍSLI PÉTUR HINRIKSSON

Leikur til að skilja

*rómantík *hátíska *súpur

BIRTA FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

TÆKNIBLAÐIÐ

NÝ TEGUND AF FARTÖLVU

Teiknað beint á skjáinn

SÉRBLAÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

28. október 2005 – 291. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

FÖSTUDAGUR

Draumur rithöfundar rætist

Allir vilja skrifa bók sem kemur einhverju góðu til leiðar. Það hefur Gerði Kristnýju tekist með Myndinni af pabba.

FÓLK 50

Fer á glæpaþing

Árna Þórarinssyni hefur verið boðið á ráðstefnu um glæpasögur í Litháen.

FÓLK 50

Vill aðskilnað ríkis og kirkju

„Menn leita nú sem fyrr tilgangs í lífinu, athvarfs í hörðum heimi, siðferðilegra leiðbeininga. .... Þessari djúpu og miklu þörf getur kirkjan best fullnægt, ef hún er óháð, laus undan kæfandi faðmlögum ríkisins," segir Hannes Hólmsteinn Gissurarson.

UMRÆÐAN 24

Breiðablik, nei takk!

Valsstúlkurnar Margrét Lára Viðarsdóttir og Laufey Ólafsdóttir hafa ekki áhuga á því að spila með kvennaliði Breiðabliks sem safnar gríðarlegu liði þessa dagana.

ÍÞRÓTTIR 44

VEÐRIÐ Í DAG

VÍÐA VONSKUVEÐUR SUNNAN

og vestan til í fyrstu en víða í kvöld og nótt, síst austan til. Slydda nyrðra en rigning sunnan og austan til. Rigning, slydda eða snjókoma vestan til síðdegis. Hiti 0-9 stig, hlýjast suðaustan til.

VEÐUR 4



Sjónvarpið rukkar sama og það borgar

Ólafur Jóhannesson kvikmyndagerðarmaður gagnrýnir RÚV fyrir að okra á starfsstétt hans. RÚV greiddi Ólafi 1,5 milljónir fyrir sýningu á Blindskeri en rukkaði hann um 1,4 milljónir fyrir not á efni úr myndasafni Sjónvarps.

KVIKMYNDAGERÐ „Ríkisútvarpið veldur ekki hlutverki sínu. Það borgar fyrir íslenskt efni af meðaumkun og okrar á kvikmyndagerðarmönnum þegar þeir vilja nota efni úr safni þess," segir Ólafur Jóhannesson kvikmyndagerðarmaður. Ólafur gerði meðal annars heimildarmyndina Blindsker sem fjallar um ævi og störf Bubba Morthens og sýnd var á síðasta ári.

Ríkisútvarpið greiddi Ólafi 1,5 milljónir króna fyrir sýningarrétt myndarinnar í sjónvarpi en hann þurfti að greiða stofnuninni 1,4 milljónir fyrir not á efni úr safni Sjónvarpsins. Alls notaði Ólafur átján mínútur af safnaefni en myndin er 100 mínútur að lengd.

Ólafi var af vissu leyti nauðugur einn kostur að selja Ríkisútvarpinu sýningarréttinn því ellegar hefði hann þurft að greiða meira fyrir safnaefnið. „Ég fékk að nota þetta efni gegn því að ég myndi selja RÚV myndina. Mér var sagt að ég yrði að greiða miklu meira fyrir safnaefnið ef ég seldi hana til Stöðvar tvö."

Blindsker hlaut góðar viðtökur, sló aðsóknarmet heimildarmynda í kvikmyndahúsum og hlaut Edduverðlaun sem besta heimildarmyndin 2004. Gerð hennar kostaði 14,5 milljónir króna en innkoman nemur 11,3 milljónum. Mismunurinn er 3,2 milljónir.

Ólafur segir mikilvægt fyrir heimildarmyndagerð í landinu að kvikmyndagerðarmenn geti notað safnaefni Sjónvarpsins gegn eðlilegu umsýslugjaldi. „Safnaefnið er ekki einkaeign Ríkisútvarpsins heldur almenningseign. RÚV á að safna samtímaefni og kvikmyndagerðarmenn eiga að spegla það framan í þjóðina. Þetta má ekki vera tekjustofn fyrir RÚV enda ekki í djúpa vasa að seilast."

Ólafur segir örðugt að vinna að heimildarmyndagerð við þær aðstæður sem hér ríkja. „Það er ansi hart ef við þurfum að flytja í burtu. Það er ekki nóg að Kvikmyndamiðstöðin standi sig vel, þetta er ekki hægt nema Ríkissjónvarpið spili með," segir Ólafur og hvetur nýjan útvarpsstjóra til að gera breytingar enda beri Ríkisútvarpinu að styðja við bakið á menningunni.

„Mér fannst Ólafur vera sáttur þegar hann samdi við Ríkisútvarpið um sýningarrétt á Blindskeri og verð á efni úr safni Sjónvarpsins. Þetta var sú niðurstaða sem varð ofaná og undirritaður var samningur um eftir að fleiri kostir höfðu verið skoðaðir. Athugasemdir hans nú koma mér algjörlega á óvart," segir Bjarni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Sjónvarps.

bjorn@frettabladid.is

ÍSILAGT RAUÐAVATN Frosthörkur eru fullorðna fólkinu oft til trafala. Skafa þarf af bílnum áður en lagt er af stað í vinnuna, skipta yfir á vetrardekkin og gefa sér lengri tíma til að komast á milli staða. Á sama tíma skemmta börnin sér oft best í frostinu. Hér berjast tveir ungir Árbæingar um pökkinn á Rauðavatni. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Medcare flaga rak Gunnar Val Gunnarsson fyrir að leka upplýsingum:

Fékk sér kaffi og var rekinn

UPPSAGNIR Gunnari Val Gunnarssyni var sagt upp störfum hjá fyrirtækinu Medcare flögu fyrir að leka upplýsingum til starfsmanna um yfirvofandi flutninga rekstrarins og uppsagnir á starfsfólki. Gunnar vann við hugbúnaðarsmíð hjá fyrirtækinu. Uppgefið uppsagnarefni var alvarlegt trúnaðarbrot.

Gunnar heyrði á tal stjórnenda í fyrirtækinu þar sem áform um flutning starfseminnar bar á góma. Gunnar hringdi í félaga sinn og bað hann að leita staðfestingar á því sem hann hefði heyrt því hugsanlega væri um að ræða staðfestingu á orðrómi sem lengi hefði heyrst meðal starfsmanna. Staðfesting á fyrirætlunum félagsins fékkst sama kvöld frá millistjórnanda í fyrirtækinu.

Á vinnustaðnum er þannig um hnúta búið að kaffivél er við hlið fundarherbergis og er það alkunna meðal starfsfólks að heyra megi mælt mál úr fundarherbergi fram að kaffivél. Gunnar fékk sér kaffi og heyrði þá á tal stjórnenda. Fundarmenn vissu af veru starfsmanna í húsinu.

Fjörutíu manns hefur verið sagt upp hjá fyrirtækinu. Tuttugu af þeim störfum verða flutt til Bandaríkjanna, Evrópu og Kanada en tuttugu störf leggjast af. - saj



PAUL VOLCKER Stýrði rannsókninni.

„Olía-fyrir-mat"-hneyksli:

Milljarðamútur til Saddams

SÞ, AP Um 2.200 fyrirtæki sem komu að viðskiptum við Írak í gegnum svonefnda „olía-fyrir-mat"-áætlun Sameinuðu þjóðanna greiddu samtals um 1,8 milljarða Bandaríkjadollara, andvirði um 111 milljarða króna, í mútur og leynilegar aukagreiðslur til ríkisstjórnar Saddams Husseins. Þetta er niðurstaða óháðrar rannsóknarnefndar.

Þetta er nærri helmingur allra fyrirtækja sem þátt tóku í áætluninni 1997-2003. Flest eru fyrirtækin sem um ræðir bandarísk, frönsk, rússnesk eða þýsk, en á hinum langa lista er einnig að finna fyrirtæki á Norðurlöndum. Volvo er þar á meðal. Alls eru fyrirtæki og einstaklingar frá 66 löndum ásökuð um mútugreiðslur. - aa

Héraðsdómur staðfestur:

Sjómaður fær veikindalaun

DÓMSMÁL Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Vestfjarða frá því í febrúar um að Hraðfrystihúsið Gunnvör greiði sjómanni veikindalaun. Frystihúsið þarf að greiða manninum rúmlega 1,9 milljónir króna með vöxtum.

Sjómaðurinn mætti ekki til vinnu eftir frítúr 5. júní 2002, en hann hafði misst son sinn sem lést eftir hrottalega líkamsárás í Hafnarstræti í Reykjavík. Hann mætti ekki til vinnu fyrr en í nóvember sama ár. Frystihúsið taldi manninn hafa verið í launalausu leyfi, en fyrir lá veikindavottorð. Mat dómsins var að frystihúsinu hefði verið kunnugt um aðstæður mannsins. - óká

Norðurlandaráð:

Rússar vilja auka samstarf

STJÓRNMÁL Rússar vilja nánara samstarf við Norðurlandaráð og hafa lagt fram tillögu um það í forsætisnefnd ráðsins.

Gennadij Khripel, sem fór fyrir sendinefnd Rússa á þingi Norðurlandaráðs í Reykjavík, telur að þetta megi gera með gagnkvæmum samstarfssamningi.

GENNADIJ KHRIPEL

Rannveig Guðmundsdóttir, forseti Norðurlandaráðs, lofaði engu en margir fulltrúar í ráðinu eru fylgjandi því að efla samstarfið.

Samstarfsfundur norrænna og rússneskra þingmanna verður í Osló í byrjun næsta árs. - jh

SPURNING DAGSINS

Sjón, ertu sögu ríkari?

„Já, því í fyrradag kom út ný bók eftir mig."

Rithöfundinum Sjón voru afhent verðlaun Norðurlandaráðs á miðvikudag. Sama dag kom bók hans Argóarflísin út.

Alþjóðlegt forvarnarsamstarf kynnt á Bessastöðum:

Hugvit gegn fíkniefnavánni

FORVARNARSTARF „Þetta er einstakt tækifæri til að bjóða öðrum þjóðum upp á það besta úr rannsóknarstarfi íslensku háskólanna," segir Dagur B. Eggertsson, formaður stýrihóps nýs alþjóðlegs forvarnarverkefnis sem ýtt var úr vör á Bessastöðum í gær.

Tilgangur verkefnisins er að rannsaka fíkniefnaneyslu ungmenna í tíu borgum, bera saman ólíkar aðferðir í forvörnum og að virkja stofnanir, stjórnvöld, skóla og almenning í þessum tíu borgum í vánni gegn fíkniefnum.

Að verkefninu standa Reykjavíkurborg, Háskóli Íslands og Háskóli Reykjavíkur en Actavis Group styrkir það og Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er verndari þess. Verkefnið er unnið á vegum samtakanna Evrópskar borgir gegn fíkniefnum.



SKRIFAÐ UNDIR SAMSTARFSSAMNING Borgarstjóri og rektorar Háskólans í Reykjavík sem og Háskóla Íslands undirrituðu samstarfssamninginn að Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, Kristín Ingólfsdóttir, rektor Háskóla Íslands, og Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor Háskólans í Reykjavík, undirrituðu samstarfssamning að Bessastöðum í gær og við sama tækifæri var undirritaður samstarfssamningur milli Actavis og Reykjavíkurborgar. - jse

Héraðsdómi snúið við:

Tveir sýknaðir af líkamsárás

DÓMSMÁL Tveir voru í gær sýknaðir í Hæstarétti af líkamsárás sem þeir höfðu verið fundnir sekir um í héraði. Mennirnir voru kærðir fyrir að hafa ráðist á tvo starfsmenn Kaffi Akureyrar í fyrrahaust þegar vísa átti þeim út af staðnum.

Héraðsdómur Norðurlands eystra dæmdi hvorn um sig í mánaðar fangelsi, skilorðsbundið í tvö ár. Þar voru þeir þó sýknaðir af árásinni á annan manninn.

Hæstiréttur átelur að tekin skuli hafa verið skýrsla símleiðis í héraðsdómi af mikilvægu vitni í málinu. Horfa þurfi til þess þegar sönnunargildi framburðarins sé metið. - óká

Minningarathöfn á Flateyri:

Við hæfi að Vigdís færi

FORSETAEMBÆTTIÐ „Frú Vigdís Finnbogadóttir tengdist mjög mikið þessum atburðum og fólkinu á Flateyri og því var það við hæfi að hún færi þangað við þetta tækifæri," segir Örnólfur Thorsson, skrifstofustjóri á skrifstofu forseta Íslands.

ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON, FORSETI ÍSLANDS Forseti Íslands var ekki viðstaddur minningarathöfnina á Flateyri.

Ýmsir veltu því fyrir sér af hverju Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, var ekki viðstaddur minningarathöfnina á Flateyri.

Aðspurður hvort ekki hefði þótt við hæfi að bæði fyrrum forseti og núverandi væru viðstaddir athöfnina sagðist Örnólfur ekkert vilja segja. „Þetta var niðurstaðan," bætir hann við. - jse

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

HERÞYRLA VARNARLIÐSINS Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI Suðurflug mun sjá um þjónustu við flugvélar varnarliðsins sem og aðrar flugvélar á vegum Atlantshafsbandalagsins.

Suðurflug semur við bandaríska herinn

Suðurflug á Keflavíkurflugvelli skrifar í nóvember undir samning við bandaríska flugherinn um rekstur flugstöðvar varnarliðsins. Verðmæti samningins hleypur á hundruðum milljóna. Umsvifin munu tvöfaldast með samningnum.

FLUG „Við höfum skipað okkur í fremstu röð í flugafgreiðslu," segir Davíð Jóhannsson, framkvæmdastjóri Suðurflugs á Keflavíkurflugvelli.

Flugafgreiðslufyrirtækið Suðurflug varð hlutskarpast í útboði um rekstur flugstöðvar varnarliðsins. Til stendur að undirrita samning milli flughersins og Suðurflugs 7. nóvember næstkomandi. Í samningnum felst afgreiðsla og þjónusta við allar herflugvélar sem og aðrar vélar á vegum Bandaríkjastjórnar og Atlantshafsbandalagsríkjanna.

„Þetta er mjög stór samningur vegna þess að það eru yfir 3.000 herflugvélar sem fara í gegnum Keflavík á hverju ári," segir Davíð. Samningurinn mun hafa umtalsverð áhrif á rekstur fyrirtækisins og nefnir Davíð sem dæmi að nú þurfi níu manna fyrirtækið að bæta við sig fimmtán starfsmönnum. Davíð getur ekki sagt til um verðmæti samningsins en ljóst er þó að það hleypur á hundruðum milljóna.



DAVÍÐ JÓHANNSSON FRAMKVÆMDASTJÓRI SUÐURFLUGS Davíð segir samninginn hafa mikil áhrif á rekstur fyrirtækisins.

Nýlunda er að bandarískt flugherinn gerir samninginn en hingað til hefur þessi þjónusta tilheyrt sjóhernum og flotastöð varnarliðsins. Flotastöðin hefur áður keypt þessa þjónustu af IGS, sem er flugafgreiðsla í eigu Icelandair.

Suðurflug hefur haft sín megin viðskipti af afgreiðslu smærri flugvéla sem leið eiga um Keflavík. Viðskiptin hafa aukist nokkuð að umfangi eftir að móðurfélagið, Air Atlanta, hóf reglulega fraktflutninga um Keflavík á Boeing 737 vél.

Suðurflug hefur verið starfrækt síðan 1972 og var upphaflega flugfélag sem sá um flugkennslu og leiguflug. Upp úr 1990 kom til nýtt eignarhald til sögunnar í félaginu þar sem Air Atlanta, Olíufélagið, Eignarhaldsfélag Suðurnesja og fleiri aðilar gerðust hluthafar. Um leið var áherslan færð á þjónustu við flug. Suðuflug er að 91 prósenti í eigu Air Atlanta. saj@frettabladid.is

Póstsendu fíkniefnin:

Fleiri færðir til yfirheyrslu

FÍKNIEFNI Yfirheyrslur í fíkniefnamálinu þar sem póstsendingar koma við sögu héldu áfram í gær. Auk mannsins og konunnar sem sitja í gæsluvarðhaldi vegna málsins hafa fleiri verið yfirheyrðir en enginn handtekinn.

Ásgeir Karlsson, yfirlögregluþjónn í ávana- og fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík, kvaðst ekki vilja tjá sig efnislega um rannsóknina meðan hún stæði yfir, en henni yrði hraðað eftir föngum.

Lögreglan hafði fylgst með manninum og konunni um skeið og lét til skarar skríða 19. október. Þá höfðu þau farið með umslag af pósthúsinu þar sem konan vann. Umslagið hafði innihaldið kókaín áður en lögreglan skipti um efni í því og áframsendi á pósthúsið. Grunur leikur á allmörgum póstsendingum með fíkniefnum sem þetta fólk og jafnvel fleiri tengist.

Gæsluvarðhald yfir parinu rennur út í dag. - jss

DÓP Í PÓSTINUM Par situr í gæsluvarðhaldi eftir aðgerðir lögreglu.

EVRÓPA

Ungmenni hanna gervihnött

Rússnesk geimflaug á vegum Evrópsku geimferðastofnunarinnar flutti gervihnött sem námsmenn höfðu hannað út í geiminn og komu honum á sporbaug umhverfis jörðu í gær. Gervihnötturinn var smíðaður og hannaður af nemendum í geimvísindum í 23 háskólum í Evrópu og tóku yfir fjögur hundruð nemendur þátt í verkefninu. Vonast var til þess að verkefnið gæti orðið innblástur fyrir þá sem eru að íhuga hvaða nám þeir eiga að velja sér og gæti hvatt fleiri til að mennta sig í fræðum á sviði geimvísinda.

Sjávarútvegsráðherra á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna:

Nýtingarrétturinn sé útvegsmanna

SJÁVARÚTVEGUR „Það er einfaldlega skynsamlegra út frá sjónarhóli auðlindanýtingar, og hagkvæmni, að veiðiréttur sé skýrt skilgreindur og afmarkaður og að hann sé í höndum þeirra sem hafa með nýtingu auðlindarinnar að gera. Þess vegna er ég talsmaður þess að nýtingarrétturinn sé útvegsmanna," sagði Einar K. Guðfinnsson þegar hann mætti útvegsmönnum í fyrsta skipti sem sjávarútvegsráðherra á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna sem hófst í gær.

Einar Kristinn sagði dreifingu veiðiréttar í sjávarútvegi miklu meiri en dreifingu eignaraðildar í langflestum stóru atvinnuvegum Íslendinga. Furðulegt væri ef menn héldu að vá væri af samþjöppun í sjávarútvegi en léðu ekki máls á því að setja skorður á eignarhalds fjölmiðla.

SJÁVARÚTVEGSRÁÐHERRA Á AÐALFUNDI LÍÚ „Það er skynsamlegt við þessar aðstæður að auka gjaldeyriskaup Seðlabankans," sagði Einar K. Guðfinnsson, sem vill með því veikja gengi íslensku krónunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björgólfur Jóhannsson, formaður LÍÚ, líkti nýtingu sjávarauðlinda við landnám. Forsenda friðsamlegrar sambúðar og hagsældar hefði verið virðing fyrir réttindum manna til afnota auðlinda. - bg

RÁNIÐ
Gunnhildur Hrólfsdóttir

ERAGON
Christopher Paolini

STRAVAGANZA STJÖRNUBÓKIN
Mary Hoffman

RÍKEY RÁÐAGÓÐA
Eyrún Ingadóttir

RISAEÐLUTÍMINN
Ingibjörg Briem
Maribel Gonzales Sigurjóns

DAGBÓK PRINSESSU
Meg Cabot

APPELSÍNUSTELPAN
Jostein Gaarder

BÖRN LAMPANS IKNATON RÁÐGÁTAN
P. B. Kerr

GALDRASTELPUR SÖNGUR ÞAGNARINNAR
Lene Kaaberbøl

Allar barnabækur í verslunum okkar um helgina

3 fyrir 2

Bókinni má skila til 15.01.06.
SKIPTI-MIÐINN
PENNINN-EYMUNDSSON BÓKABÚÐIR MÁLS OG MENNINGAR

Við ábyrgjumst skilarétt á öllum bókum sem keyptar eru í verslunum okkar.

Gríptu tækifærið og gerðu góð kaup á barnabókum, nýjum sem gömlum.
Veldu þrjár og greiddu fyrir tvær*.
Góð bók gerir börnin klók!

FYRSTU 200 ORÐIN
Límmyndabók

FYRSTA ORÐABÓKIN MÍN
Richard Scarry



250 ÞRAUTIR, LEIKIR OG GÁTUR

DÝRIN Í SVEITINNI

KOSSINN SEM HVARF
David Melling

LEYNILANDIÐ
Jane Johnson

HUNDURINN SEM ÁTTI AÐ VERÐA STÓR
Irma Lauridsen
Jens Ahlblom

VOÐAVERK
Philip Ardagh

FLUGUHRISTINGUR HANDA GREIFANUM
Geronimo Stilton

OJBARA, VARSTU AÐ FRETA FRÓÐI
David Roberts



RISSA VILL EKKI FLJÚGA
Kristín Steinsdóttir
Halla Sólveig Þorgeirsdóttir

TIL FISKIVEIÐA FÓRU
Bruce McMillan

VÖLUSPÁ
Þórarinn Eldjárn
Kristín Ragna Gunnarsdóttir







REGNBOGINN
Ragnheiður Gestsdóttir

Tilboðið gildir aðeins **28. til 30. október,** föstudag til sunnudags!

BOKA BÚÐIR

PENNINN Eymundsson

*Þú greiðir ekki fyrir ódýrustu bókina.

Fíton/SÍA F10148338

GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 27.10.2005

		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	60,44	60,72
Sterlingspund	GBP	107,8	108,32
Evra	EUR	73,27	73,67
Dönsk króna	DKK	9,818	9,876
Norsk króna	NOK	9,374	9,43
Sænsk króna	SEK	7,701	7,747
Japanskt jen	JPY	0,5236	0,5266
SDR	DR	87,65	88,17

Gengisvísitala krónunnar

102,7486

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Chirac á leiðtogafundi Evrópusambandsins:

Stendur vörð um styrkina

EVRÓPUSAMBANDIÐ, AP Jacques Chirac Frakklandsforseti krafðist þess á leiðtogafundi Evrópusambandsins sem haldinn var í grennd við Lundúnir í gær að ráðamenn hinna aðildarríkjanna sýndu landbúnaðarstyrkjakerfi sambandsins „algjöra virðingu". Margir innan sambandsins þrýsta hins vegar á um að kerfið verði stokkað alveg upp í tengslum við gerð fjárlagaramma sambandsins fyrir tímabilið 2007 til 2013.

Chirac varaði líka við því að Frakkar myndu beita neitunarvaldi gegn nýjum samningum um heimsviðskipti sem gengju of langt í frjálsræðisátt hvað varðar viðskipti með búvörur. Á vettvangi Heimsviðskiptastofnunarinnar WTO er verið að vinna að slíkum samningum.

Frakkar hafa lengi staðið vörð um niðurgreiðslukerfi landbúnaðarins í ESB sem franskir búvöruframleiðendur njóta sérstaklega góðs af. Landbúnaðarkerfi ESB takmarkar einnig innflutning á búvörum frá löndum utan sambandsins. Chirac neitaði því samt að Frakkar fylgdu nú verndarstefnu sem svari við hattvæðingunni. **- aa**

BRÚNAÞUNGUR FORSETI Jacques Chirac á blaðamannafundi eftir leiðtogafundinn í Hampton Court utan við Lundúnir í gær.

Flug til Grænlands:

Miklir hagsmunir í húfi

SAMGÖNGUR Vestnorræna ráðið ræðir hvernig megi koma í veg fyrir að flug frá Íslandi til Grænlands leggist af, en samningur um flugsamgöngur við Grænland rennur út nú um áramót.

Þórður Þórarinsson, framkvæmdastjóri ráðsins, segir mikla hagsmuni í húfi fyrir ferðaþjónustuna á Íslandi og Suður-Grænlandi. Svæðið sé markaðssett sem ein heild. Því geti það haft í för með sér tekjumissi og fækkun á ferðamönnum verði flugleiðin lögð niður.

Íslensk stjórnvöld ætla að styrkja flugið, en beðið er eftir svari frá grænlensku landsstjórninni. ■

STYKKISHÓLMUR Ungi kennarinn sendi annarri stúlkunni 1.276 smáskilaboð og hinni 2.444.

Sendi dónaskilaboð í farsíma:

Situr inni í tvo mánuði

DÓMSMÁL Maður sem viðhafði kynferðislegt og klámfengið tal í fjölmörgum smáskilaboðum í farsíma tveggja ungra stúlkna í Stykkishólmi þarf að greiða þeim 400.000 krónur í bætur og var dæmdur í fimm mánaða fangelsi.

Hæstiréttur staðfesti í gær fangelsisdóm Héraðsdóms Vesturlands yfir manninum, en hækkaði bótagreiðslur til hvorrar stúlku um 150.000 krónur. Þrír mánuðir refsingar mannsins eru skilorðsbundnir í þrjú ár. Brotin voru framin á árunum 2003 og 2004.

Maðurinn var kennari í grunnskóla heimabæjar stúlknanna og lék með körfuknattleiksliði bæjarins. **- óká**

Hálka á Reykjanesbraut:

Fjórar bílveltur á stuttum tíma

UMFERÐ Fjórir bílar ultu með skömmu millibili á Reykjanesbraut milli Voga og Straums snemma í gærmorgun vegna ísingar. Einn maður meiddist lítillega og var fluttur á slysadeild Borgarspítalans. Miklar skemmdir urðu hins vegar á bifreiðunum og varð að fjarlægja þær með krana.

Lögreglan bendir ökumönnum á að skoða hitaskilti Vegagerðarinnar áður en ekið er um Reykjanesbrautina og búa sig undir hálku ef hitastig er kringum frostmark. ■

Börnin horfðu upp á ofbeldisverk um nótt

Maður sem barði annan með hafnaboltakylfu í höfuðið um nótt í Öxnadal fer í fangelsi. Fórnarlambið hafði áður barið konu sína á fylleríi í sumarbústað á Hólum. Ung börn þeirra urðu vitni að atburðunum. Reynt var að leyna árásinni.

DÓMSMÁL 26 ára gamall Akureyringur, Hákon Örn Atlason, hefur verið dæmdur í átján mánaða fangelsi, en hann barði mann í höfuðið með hafnaboltakylfu á Öxnadalsheiði í ágúst í fyrra. Sá höfuðkúpubrotnaði og hlaut heyrnarskaða. Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða fórnarlambi sínu rúma milljón króna í bætur.

Þá var Hákon dæmdur fyrir að hafa haft í fórum sínum 63 grömm af hassi og fyrir að hóta lögreglumanni og fjölskyldu hans lífláti.

Árásin með hafnaboltakylfunni átti sér stað laust eftir klukkan tvö um nótt, en kona kallaði til lögreglu með því að hringja í Neyðarlínu. Hún kvaðst stödd í Öxnadal og mátti ráða af samtalinu að eitthvað væri að. Þegar lögregla var á leiðinni hringdi hún aftur og var þá ljóst að einhver var meðvitundarlaus eftir barsmíðar.

Fórnarlambið virtist að sögn lögreglu undir áhrifum áfengis eða fíkniefna og var uppstökkur, en hann var kominn til meðvitundar þegar lögreglu bar að. Hann var með mikinn áverka á höfði.

Börn mannsins höfðu mátt horfa upp á atburði næturinnar, en maðurinn hafði verið ásamt konu, börnum og fleira fólki í sumarbústað á Hólum. Þar reifst hann við konuna og lamdi fyrir framan börnin. Árásarmaðurinn var kvaddur til að keyra fólkið til Akureyrar, en í bílnum hélt parið áfram að rífast. Árásarmaðurinn stöðvaði bílinn eftir að hafa sjálfur lent í útistöðum við manninn og hringdi í tvær konur sem komu á móti þeim í bíl. Aðra þeirra bað hann að hafa kylfuna með.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

MAÐUR MEÐ HAFNABOLTAKYLFU Í byrjun ágúst í fyrra var maður höfuðkúpubrotinn með hafnaboltakylfu um nótt í Öxnadal, en dómur féll nýverið í málinu. Myndin er sviðsett.

Sonur fórnarlambsins lýsti því hjá lögreglu hvernig önnur konan færði manninum kylfuna og hvernig hann og önnur konan hafi svo dregið pabba hans út úr bílnum. Eftir sátu börnin hrædd með móður sinni. Eftir einhverjar stympingar úti við var maðurinn svo barinn með kylfunni.

Þegar lögreglu bar að sagði fólkið að höfuðáverkann hefði maðurinn fengið við fall í götuna. Daginn eftir höfðu hins vegar ættingjar mannsins samband og upplýstu að hann hefði verið barinn með kylfu. Var fólk þá boðað til frekari skýrslutöku. Tæpri viku eftir atburðinn vísaði önnur konan svo á kylfuna þar sem hún var falin.

Hákon sætti einnig ákæru fyrir að hafa verið með 63 grömm af hassi í bíl sem lögreglan á Blönduósi stöðvaði í júlí í fyrra. Hann sagðist hafa verið beðinn um að flytja efnið frá Reykjavík til Akureyrar gegn greiðslu. Lögreglumanninum hótaði Hákon þegar honum var tilkynnt um gæsluvarðhaldsúrskurð vegna kylfumálsins.

Hákon var hins vegar sýknaður af því að hafa sparkað í andlit liggjandi manns á Kaffi Akureyri í októberlok í fyrra, en einungis eitt vitna bar um árásina. Hákon var sakaður um að hafa barið manninn niður, en fórnarlambið sagðist ekki geta greint um málavexti þar sem allt hefði gerst svo hratt. Hann sagðist ekki þekkja til Hákonar.

olikr@frettabladid.is

HÚS VÁTRYGGINGAFÉLAGSINS

Uppgjör TM á 3. ársfjórðungi:

Hagnast um 2,5 milljarða

VIÐSKIPTI Hagnaður Tryggingamiðstöðvarinnar hf. nam 2.554 milljónum króna á þriðja fjórðungi þessa árs. Á sama tímabili í fyrra var hagnaðurinn 127 milljónum króna minni. Samanlagður hagnaður félagsins á fyrstu níu mánuðum ársins nemur 5.435 milljónum króna.

Hagnaður af vátryggingastarfsemi var 89 milljónir króna. Langstærsti hluti hagnaðarins er af fjármálastarfsemi en að stórum hluta til er um að ræða markaðshækkun á hlutabréfum, sem færð eru sem rekstrartekjur, og því ekki um innleystan hagnað að ræða. **- hb**

Rannsókn á íkveikjum:

Lögreglan er engu nær

LÖGREGLA „Staða rannsóknarinnar er óbreytt enn," segir Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá rannsóknardeild lögreglunnar í Reykjavík, um íkveikjur í borginni fyrstu helgina í september.

Grunur leikur á að kveikt hafi verið í að minnsta kosti fjórum stöðum í borginni þá helgi. Þar á meðal eru tvær íkveikjur sem áttu sér stað með um sólarhringsmillibili á sama stað í skemmu við Fiskislóð.

Ómar Smári segir að ekki hafi komið fram nýjar vísbendingar en rannsókn lögreglu haldi áfram. **- óká**

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

RÉTT AÐ FYLGJAST MEÐ ÞRÓUN VEÐURS Í DAG !!

Þær eru slæmar veðurhorfurnar fyrir kvöldið og nóttina víða um land, síst þó austan til. Búast má við stormi sunnan til, allra vestast á landinu, Vestfjörðum og á útnesjum nyrðra. Þessu fylgir snjókoma eða slydda en rigning sunnan og austan til.

HÖFUÐBORGIN Í DAG

Allhvöss norðanátt. Úrkomulaust í fyrstu en rigning eða slydda síðdegis og í kvöld. Hiti 1-4 stig að deginum.

um hádegi »



» á morgun



Hvassviðri á austurhluta landsins, annars heldur hægara.

» sunnudagur



Hæglætisveður.

Kaupmannahöfn	15°C hálfskýjað	París	22°C hálfskýjað	Alicante	25°C hálfskýjað
Osló	8°C skýjað-skúr	Berlín	19°C léttskýjað	Mílano	23°C léttskýjað
Stokkhólmur	14°C hálfskýjað	Frankfurt	21°C hálfskýjað	New York	11°C léttskýjað
Helsinki	3°C skýjað	Madríd	17°C skýjað-skúr	San Francisco	18°C skýjað-skúr
London	18°C léttskýjað	Barcelona	22°C hálfskýjað	Orlando/Flórída	25°C léttskýjað

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Afnemum VSK af öllum fatnaði

TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á fatnað á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.

Um helgina færðu allan dömu-, herra- og barnafatnað, undirföt, sokka og sokkabuxur án VSK.

Dagana 28.-30. október afnemum við VSK af öllum fatnaði í verslunum Hagkaupa.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Gildir til 30. október.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

KJÖRKASSINN

Eiga Íslendingar að hækka framlög sín til þróunaraðstoðar?

Já 58%

Nei 42%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Viltu sjá aukið samstarf milli Norðurlandanna?

Láttu skoðun þína í ljós á Vísi.is

PFS hugar að framkvæmd lagaákvæða um öryggi og þagnarskyldu:

Reglur tilbúnar fyrir áramót

FJARSKIPTI Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar, segir unnið að því að fara yfir lagaákvæði sem lúta að vernd fjarskipta og starfsháttum fjarskiptafyrirtækja með það fyrir augum að búa hugsanlega til vinnureglur þar að lútandi.

Þetta er gert í kjölfar þess að Sturla Böðvarsson samgönguráðherra fól stofnuninni að bregðast sérstaklega við vegna frétta í Fréttablaðinu um upphaf Baugsmálsins, en þær byggðu á skjölum sem blaðið komst yfir.

Hrafnkell áréttar að hugsanlegum leka á töluvpósti Jónínu Benediktsdóttur hafi ekki verið vísað til stofnunarinnar. „Mér vitanlega hefur hún ekki kosið að kæra ólöglegan aðgang að tölvupósti sínum til yfirvalda, hvorki til okkar né lögreglu," segir hann.

HRAFNKELL V. GÍSLASON Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar segir stærri fjarskiptafyrirtækið meðvituð um skyldur sínar varðandi öryggi fjarskipta.

Í vinnu stofnunarinnar er aðallega horft til 47. greinar fjarskiptalaga um öryggi og þagnarskyldu. Þar segir að fjarskiptafyrirtæki skuli gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja öryggi fjarskiptanna. „Við vinnum að því að setja upp annað hvort reglur eða leiðbeiningar um með hvaða hætti við munum framfylgja þessu í framtíðinni." Hrafnkell vonast til að þessari vinnu ljúki fyrir áramót, en fyrirtækjum verður gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en nýjar reglur taka gildi. - óká

Dæmdur fyrir líkamsárás:

Réðist á tvo og beinbraut

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt 26 ára gamlan mann í fimm mánaða fangelsi, þar af þrjá skilorðsbundna til tveggja ára, fyrir líkamsárás.

Maðurinn játaði að hafa ráðist á tvo menn á bifreiðastæði fyrir utan heimili sitt í Kópavogi í febrúar á þessu ári, með þeim afleiðingum að annar þeirra nefbrotnaði en hinn rifbeinsbrotnaði og tognaði.

Annar mannanna leigði íbúð hjá móður ákærða og upphófust átökin vegna ágreinings um leigu. Honum var ekki gert að greiða mönnunum neinar bótakröfur. ■

Fá 2,5 milljörðum meira:

Síldarafli eykst

VEIÐAR Verðmæti síldarafla fyrstu sjö mánuði ársins er tæpum 76 prósentum meira en á sama tíma í fyrra. Munurinn er um 2,5 milljarðar króna.

Alls var aflaverðmæti íslenskra skipa 41,8 milljarðar á tímabilinu, samanborið við 41,7 milljarða í fyrra, en það er 0,2 prósenta aukning. - grs

LANDSBYGGÐIN

Áfram gegn flutningi flugvallar Áfram, hagsmunasamtök Dalvíkurbyggðar, standa nú fyrir undirskriftasöfnun gegn flutningi Reykjavíkurflugvallar úr Vatnsmýri.

HÉRAÐSDÓMUR

Þarf ekki að sitja inni Átján ára piltur sem rauf skilorð í annað sinn þarf ekki að sitja inni, samkvæmt dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í vikunni. Er það þar sem að brot hans nú varðaði aðeins 170.000 króna sekt.

ÞING NORÐURLANDARÁÐS Á HÓTEL NORDICA

Saman erum við í liði sigurvegarans

Þingi Norðurlandaráðs lauk í Reykjavík í gær. Danir taka við formennsku í ráðinu um næstu áramót og var Ole Stavad, þingmaður danskra jafnaðarmanna, einróma kjörinn forseti þess áður en þinginu var slitið í gær.

STJÓRNMÁL Ole Stavad, þingmaður danskra jafnaðarmanna, var einróma kjörinn forseti Norðurlandaráðs áður en þingi þess var slitið í Reykjavík í gær.

Danir taka við forystu í Norðurlandaráði um næstu áramót en Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, gegnir embættinu fram að þeim tíma.

OLE STAVAD ÞINGMAÐUR DANSKRA JAFNAÐARMANNA ER NÝR FORSETI RÁÐSINS „Norðurlöndin eru öll á lista yfir þau tíu ríki í veröldinni sem sýna mesta samkeppnishæfni, bestan árangur á tæknisviði eða mestan sköpunarkraft."

Ákveðið var í lok þinghaldsins að næsti fundur Norðurlandaráðs yrði í Kaupmannahöfn í nóvember á næsta ári.

Ole Stavad segir gagnrýni á Norðurlandasamstarfið ekki nýja af nálinni. „Frá bæjardyrum fjölmiðla kann að virðast sem Norðurlandasamstarfið sé lítið frétt-næmt einmitt vegna þess að málin eru leyst, líka nú þegar við höfum ákveðið að endurskipuleggja starfsemina."

Ole lítur til þess sem Norðurlöndin hafa áorkað og hversu framarlega þau standi í margvíslegu tilliti. „Sérstaða okkar Norðurlandabúa fellur ekki af himnum ofan. Við eigum að gaumgæfa það sem við gerum vel og halda því sameiginlega á lofti. Það er ótrúlegt að Norðurlöndin fimm hafa verið mæld og vegin af óháðum aðilum og eru öll á lista yfir þau tíu ríki í veröldinni sem sýna mesta samkeppnishæfni, bestan árangur á tæknisviði eða mestan sköpunarkraft."

Ole Stavad segir að töluleg gögn, sem Norðurlöndin afla, veiti leiðsögn um það hvernig þjóðirnar geta sameiginlega myndað sigurlið. „Nýjar tölulegar upplýsingar sýna til dæmis að Danir standa Finnum og Íslendingum langt að baki um þessar mundir á sviði háskólamenntunar. Ef við gerum ekkert í málinu verðum við Danir ekki í sigurliðinu eftir tíu ár. En vegna þess hversu lík norrænu þjóðfélögin eru getum við tekið mið af því sem nágrannar okkar gera vel og unnið að sameiginlegum lausnum,"

Ole Stavad segir mikilvægt að halda áfram umbótum á Norðurlandaráði. „Við eigum nú að beina sjónum okkar að því að bæta til dæmis stöðu Grænlands og Færeyja í samstarfinu, styrkja Norðvestursvæðið. Sömuleiðis beinum við sjónum okkar að úrlausnarefnum sem Norðurlöndin þurfa að ræða við Rússa svo dæmi sé tekið," segir Ole Stavad.

johannh@frettabladid.is

Erlendir verkamenn á vegum starfsmannaleigunnar 2B ehf.:

Rétturinn endurnýjaður með helgarferð til útlanda

VERKALÝÐSMÁL Vinnumálastofnun synjaði beiðni starfsmannaleigunnar 2B ehf. um atvinnuleyfi fyrir 36 Pólverja sem hér hafa verið við störf á hennar vegum.

Verkamenn á vegum 2B hafa starfað hjá nokkrum fyrirtækjum hér á landi, en án atvinnuleyfa. Slíks leyfis þarf ekki að afla fyrir þá sem hér eru skemur en þrjá mánuði á ferðamannaáritun. Gissur Pétursson, forstjóri Vinnumálastofnunar, staðfestir að ekki hafi verið gefin út leyfi til 2B áður.

Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður 2B, segir fátt að gera við synjun Vinnumálastofnunar, en þó verði skoðað hvort ákvörðunin verði kærð. „Ætli verði ekki bara notað þetta klassíska úrræði að menn fari í helgarferð til Köben og komi svo aftur," segir hann, en við það myndi hefjast nýtt þriggja mánaða tímabil ferðamannaáritunar.

LÖGMAÐUR 2B Sveinn Andri Sveinsson, lögmaður 2B, segir viðbúið að verkamenn á vegum fyrirtækisins verði sendir úr landi eftir að Vinnumálastofnun neitaði þeim um atvinnuleyfi og snúi svo von bráðar aftur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fimm félög innan samiðnar hafa krafið sex fyrirtæki um upplýsingar um vinnutíma og kjör starfsmanna en þau eru öll með menn frá 2B í vinnu. Fyrirtækin eru Suðurverk á Kárahnjúkum, Dynkur í Mosfellsbæ, Völvusteinn á Akureyri, Timbursmiðjan á Akureyri og svo Fagsmíði í Kópavogi og Ístak í Reykjavík, bæði með starfsmenn við Grundartanga. Þá hafa aðildarfélög innan Samiðnar og Starfsgreinasambands Íslands sent frá sér tilkynningu um að þau séu reiðubúin „að gera allt sem í þeirra valdi stendur" til að liðka fyrir því að erlendu starfsmennirnir sem verið hafa hér á vegum 2B fái atvinnuleyfi hjá fyrirtækjunum sem þeir starfa hjá „eða eftir atvikum öðrum fyrirtækjum." Þá segjast félögin tilbúin til samstarfs við Vinnumálastofnun og hlutaðeigandi fyrirtæki um „farsæla lausn" mála starfsmannanna. - óká

Frábær verð!

SPARIÐ 14.900,-

„SAFIR“ SVEFNSÓFI
VERÐ ÁÐUR 39.900,-

25.000,-

„SAFIR“ SVEFNSÓFI

Tvöfaldur svefnsófi með vandaðri springdýnu. Fáanlegur í gráum lit.
St. 230 x 57 x 90 sm. Útdreginn st. 195 x 114 sm.

SPARIÐ 4.000,-

„SEJA“ 1 HURÐ
VERÐ ÁÐUR 7.990,-

3.990,-

SPARIÐ 5.000,-

„SEJA“ 2JA HURÐA
VERÐ ÁÐUR 9.990,-

4.990,-

„SEJA“ GLERSKÁPAR

Glæsilegur glerskápur fyrir sparistellið.
1 hurð st. B:37 sm, H:156 sm og D:35 sm.
2 hurðir st. B:61 sm, H:156 sm og D:35 sm.

„HELENA“ KOMMÓÐUR

Kommóður úr gegnheilli, antikbæsaðri furu með sérstaklega djúpum skúffum.

4+2 skúffur	3+2 skúffur	2+2 skúffur
Hæð 134 sm	Hæð 109 sm	Hæð 84 sm
Breidd 86 sm	Breidd 86 sm	Breidd 86 sm
Dýpt 43 sm	Dýpt 43 sm	Dýpt 43 sm

SPARIÐ 7.000,-

„HELENA“ KOMMÓÐA
VERÐ ÁÐUR 16.900,-

9.900,-

Gegnheil Fura

SPARIÐ 7.000,-

„HELENA“ KOMMÓÐA
VERÐ ÁÐUR 19.900,-

12.900,-

Gegnheil Fura

SPARIÐ 4.910,-

„HELENA“ KOMMÓÐA
VERÐ ÁÐUR 12.900,-

7.990,-

SPARIÐ 10.000,-

PLUS B20 BOXDÝNA
VERÐ ÁÐUR 29.900,-

19.900,-

VERÐ ÁN FÓTA

120x200 sm **39.900,-**
140x200 sm **49.900,-**

PLUS B20 BOXDÝNA

Afbragðsgóð, miðlungsstíf dýna. Í efra lagi eru 250 pokagormar pr. m2 og í neðra lagi eru 150 BONELL-gormar pr. m2. Með dýnunni fylgir þykk og góð yfirdýna (25 mm) úr polyúretansvampi. Slitsterkt áklæði úr bómull/polyester. Grindin er úr sterkri, ofnþurrkaðri furu.

ATH. TILBOÐIN GILDA 29.-30. OKT.

-góð kaup

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

Við breytum og seljum því
SÝNINGAR-INNRÉTTINGAR
MEÐ 65% AFSLÆTTI
VERÐ ÁÐUR 590.000
Verð nú 199.000
Kirsuberjaviður
Stærð 210 + 90 cm
Viðbætur fáanlegar á afar góðu verði! Án tækja.
VERÐ ÁÐUR 199.000
Verð nú 49.000
Kirsuberja-viður + birki
140 cm
Útlitsgölluð
Athugið!
-Borðplötur innifaldar
-Heimilistæki ekki í verði.
-Staðgreiðsluverð.
-Afborungarverð er 5% hærra.
-Innréttingarnar fást afhentar strax
Opið virka daga 9-18
laugardaga 10-16
www.design.is @ 2005
Rafha ehf
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500

Tilnefndur dómari í hæstarétt Bandaríkjanna dregur sig í hlé:

Bush neyðist til að skipa á ný

WASHINGTON, AP George Bush Bandaríkjaforseti tilkynnti í gær að Harriet Miers, sem hann tilnefndi í embætti hæstaréttardómara fyrir um þremur vikum, hefði afþakkað tilnefninguna. AP fréttastofan segir að Miers hafi tekið ákvörðun sína vegna þess mótbyrs sem tilnefning hennar fékk og harðrar gagnrýni á hæfi hennar.

Þá er því haldið fram að Miers hafi ekki talið sig njóta nægilegs stuðnings í öldungadeild bandaríska þingsins, en tilnefningin þarf að fá staðfestingu þar.

Demókratar sökuðu Bush í gær um að hafa beygt sig undir vilja róttækra hægrimanna í Repúblíkanaflokknum sem höfðu efasemdir um pólitíska hollustu Miers.

Opinber útskýring Hvíta hússins á ákvörðun Miers var sú að hún hefði dregið sig í hlé vegna þess að þingmenn beggja flokka hefðu leitast við að fá aðgang að innanhússskjölum sem tengdust störfum hennar sem lögfræðilegs ráðgjafa forsetans en birting þeirra gæti valdið því að forsetinn ætti erfiðara með að fá beinskeytta ráðgjöf í framtíðinni. **- sda**



MIERS OG BUSH Harriet Miers, hæstaréttarlögmaður og lögfræðilegur ráðgjafi Hvíta hússins, afþakkaði tilnefningu Bush til embættis hæstaréttardómara.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kópavogslögregla vill ekki til Reykjavíkur

Patreksfirðingar gætu verið hundruð kílómetra frá næsta vakthafandi lögregluþjóni ef tillögur nefndar um nýskipan lögreglumála ná fram að ganga. Lögreglan í Kópavogi vill ekki sameinast embættinu í Reykjavík.

LÖGGÆSLA „Þetta er jafn galið og að hafa lykilembætti lögreglunar í Reykjavík út í Viðey og engar bátaferðir þar á milli," segir Geir Gestsson í bæjarstjórn Vesturbyggðar um tillögur nefndar á vegum dómsmálaráðuneytisins um nýskipan lögreglumála. Þar er lagt til að lögregluembætti lögreglan á Patreksfirði sameinist þeirri á Bolungarvík og mun báðar vera undir lykilembættinu á Ísafirði.

Geir segir að ef tillögurnar nái fram að ganga verði bakvaktir lagðar af á Patreksfirði sem þýði að á nóttum verði næsti vakthafandi lögregluþjónn á Ísafirði. Þangað er hins vegar ófært lungann úr vetri .

„Það er alltaf verið að tala um hvað uppbygging á Ísafirði sé góð fyrir Vestfirðinga en á meðan samgöngur eru ekki betri en þetta njótum við ekki þessarar uppbyggingar hér á sunnanverðum Vestfjörðum nema að litlu leyti," bætir Geir við. Hann segir alla bæjarstjórn Vesturbyggðar leggjast harðlega gegn þessum tillögum.

Sigríður Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísafirði, segir að tillögurnar miði að því að bæta þjónustuna í minni byggðum en ekki að draga úr henni. Hún vildi þó ekki tjá sig frekar um málið.

Fleiri hafa lýst áhyggjum sínum vegna tillagnanna. Landssambandi lögreglumanna hefur borist bréf frá lögreglumönnum í Kópavogi þar sem efasemdum er lýst varðandi tillögurnar. Að sögn Páls Winkel, framkvæmdastjóra sambandsins, hefði lögreglan þar frekar kosið að sameina löggæsluna aðeins í Hafnarfirði og Kópavogi. Fréttablaðið hefur einnig heimildir fyrir því að nokkrir lögreglumanna í Kópavogi hafi sagst munu segja starfi sínu lausu gangi tillögurnar eftir.

Páll segir að enn sé lögreglumönnum ekki vel ljóst hvernig útfærslan verði og því sé ótímabært að tjá sig um tillögurnar. Þær verði kynntar á fundum sem haldnir verði með lögreglumönnum á næstu dögum og vikum. Stefnt er að því að þeirri kynningu verði lokið í byrjun desember. **jse@frettabladid.is**

LYKILEMBÆTTI	Reykjavík	Borgarnes	Ísafjörður	Akureyri	Seyðisfjörður	Selfoss	Keflavík
EMBÆTTI MEÐ LÖGREGLUSTJÓRN		Akranes Stykkishólmur		Blönduós Sauðárkrókur Húsavík	Eskifjörður	Hvolsvöllur Vestmanneyjar	
LÖGREGLUSTÖÐVAR ÁN LÖGREGLUSTJÓRNAR	Hafnarfjörður Kópavogur	Búðardalur Hólmavík	Bolungarvík Patreksfjörður	Ólafsfjörður Siglufjörður		Höfn Vík	

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

Geggjað grín, hörku hasar klístrað klúður
Varist allar pappírsþurrkur og snýtuklúta, í guðanna bænum!
SJÖTTA SKÁLDVERKIÐ ER KOMIÐ ÚT!
„Fólk á öllum aldri smitast af gleðinni ... enginn ætti að láta þennan furðufugl fram hjá sér fara."
Þórarinn Þórarinsson / Fréttablaðið
KAFTEINN OFURBRÓK OG LÍFTÆKNILEGA HORSKRÍMSLIÐ FYRRI HLUTI: HNERRAÐ AÐ NÆTURLAGI
Geggjað grín!
Hörku hasar!
Klístrað klúður
SJÖTTA SKÁLDVERKIÐ eftir DAV PILKEY
JPV ÚTGÁFA
www.jpv.is

BEÐIÐ EFTIR BENSÍNI Íbúar á flóðasvæðunum, hér í Cancun í Mexíkó, þurfa að sýna mikla þolinmæði til að komast yfir eldsneytisdropa á þeim fáu bensínstöðvum sem opnar eru.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tiltekt hafin í slóð fellibylsins Wilmu:

Þúsundir innlyksa

FLÓRÍDA, AP Íbúar Flórída, strandhérað Mexíkó og annarra svæða sem fellibylurinn Wilma gekk yfir eru í óða önn að taka til eftir hamfarirnar. Ríkisstjóri Flórídafylkis Jeb Bush, bróðir Georgs W. Bush, hefur axlaði ábyrgð á seinagangi við björgunarstörf vegna eftirkasta fellibylsins.

„Við höfum ekki náð þeim afköstum sem við vildum," sagði hann á blaðamannafundi í Flórída í gær. Aðstoðin væri ekki nógu markviss.

Langar biðraðir voru við bensínstöðvar á Flórída og þúsundir ferðamanna í mexíkóska ferðamannabænum Cancun biðu þess enn að fá flug- eða rútufar þaðan. Um 22.000 ferðamenn urðu innlyksa í borginni og öðrum ferðamannastöðum við Mexíkóflóann, sem urðu illa úti af völdum Wilmu. Fellibylurinn hefur þar með valdið ferðamannaiðnaði Mexíkó miklum búsifjum.

Að minnsta kosti fimm dauðsföll á Flórída voru rakin til Wilmu, fjögur í Mexíkó, eitt á Jamaíka og tólf á Haítí.

Wilma var 21. fellibylurinn á svæðinu í ár, en ekki er vitað til að svo margir fellibylir hafi myndast á einu misseri frá því skráningar hófust. **- aa**

rifka
cosmetics

Þú færð vetrargjöfina þína í Debenhams dagana 27. okt til 2. nóv.

Komdu og skoðaðu Rifka – vinsælustu nýju förðunarlínuna



Þú færð tösku og fallega slæðu að eigin vali þegar þú verslar **Rifka** vörur fyrir **kr. 3.900*** eða meira.

Fagfólk **Rifka** aðstoðar þig við valið.

*Á meðan birgðir endast

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

DEBENHAMS
SMÁRALIND

SUBARU
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Á EIGIN VEGUM

NÝR FORESTER

Við kynnum til sögunnar nýjan, breyttan og enn aflmeiri Subaru Forester. Nýr Forester er eins og sérhannaður fyrir íslenskar aðstæður - þægilegur, rúmgóður, aflmikill og öruggur á nánast hvaða undirlagi sem er. Óhætt er að fullyrða að Forester fer sínar eigin leiðir þegar kemur að aksturseiginleikum og búnaði.

STAÐREYNDIR:
- 21% kraftmeiri - 158 hö.
- Sítengt aldrif (AWD)
- Veghæð - 20,5 cm
- 16" álfelgur
- Mikið rými

SJÁLFSKIPTUR
VERÐ 2.550.000 kr.
30.315 kr. á mán.*

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Selfossi 482-3100 | Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230 | Sæmundargötu 3 550 Sauðárkróki 453-5141 | Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808 | Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376 | Víkurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990 | Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453 | Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540 | Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960

*Bílasamningur miðað við 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði

Fíton / SÍA

Morð á Þingvöllum

KOMIN Í VERSLANIR

Ferðamenn finna lík í Drekkingarhyl í Öxará sem reynist vera af ungri stúlku af kúrdískum uppruna. Strax vaknar grunur um svokallað heiðursmorð og faðir stúlkunnar er handtekinn.

Sem fyrr er það lögfræðingurinn glæsilegi og eitursnjalli, Stella Blómkvist, sem glímir við að upplýsa snúið morðmál.

„Dásamlega óvenjuleg stjarna í glæpasöguheiminum.“
Frankfurter Rundschau

Kilja á góðu verði 1.799 kr.

Mál og menning
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Listamenn stefna Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda:

Saka sjóðinn um ólögmæta eignatöku

DÓMSMÁL Hjónin Baltasar og Kristjana Samper, sem bæði starfa sem listamenn og hafa verið sjálfstætt starfandi atvinnurekendur mestan hluta ævi sinnar, hafa stefnt Söfnunarsjóði lífeyrisréttinda fyrir ólögmæta eignatöku.

„Þau eru sjálfstæðir atvinnurekendur, bæði komin yfir sextugt, og það er verið að krefja þau um iðgjöld. En það er bara þannig að fólk á þessum aldri mun aldrei mynda nein réttindi, þannig að þetta er bara eignaupptaka,“ segir lögmaður hjónanna, Steingrímur Þormóðsson.

Þegar lög voru sett nýverið um skyldubundnar greiðslur sjálfstæðra atvinnurekenda í lífeyrissjóði var ekki gert ráð fyrir fólki sem hefur alla tíð unnið sjálfstætt og mun lítið eða ekki njóta lífeyris, ef það byrjar að greiða nú, vegna þess hve upphæðin verður lág þegar ber að greiða hana út, þegar viðkomandi verður sjötugur, að sögn Steingríms.

Héraðsdómur Reykjaness mun væntanlega rétta í málinu snemma á næsta ári.

- smk

Ekki dæmd til áhrifaleysis

Undir yfirskriftinni Þjóðarspegillinn 2005 kynna í dag vel á annað hundrað fræðimanna rannsóknir í félagsvísindum við Háskóla Íslands.

FÉLAGSVÍSINDI Þetta er í sjötta sinn sem slík „uppskeruhátíð“ félagsvísinda er haldin við Háskóla Íslands. Alls verða haldnir 122 fyrirlestrar í 33 opnum málstofum. Að dagskránni standa Félagsvísindadeild, Viðskipta- og hagfræðideild og Lagadeild HÍ.

Ein málstofanna 33 fjallar um stöðu smáríkja í Evrópusamrunanum. Gunnhildur Lily Magnúsdóttir, doktorsnemi í stjórnmálafræði við HÍ og háskólann í Lundí, flytur einn þeirra fyrirlestra sem áhugasömum gefst þar færi á að hlýða á.

„Fyrirlesturinn fjallar um getu og leiðir smáríkja almennt til áhrifa í alþjóðasamstarfi með því að þau nota úrræði sem ég kalla hugræn úrræði,“ segir Gunnhildur í samtali við Fréttablaðið. „Hugræn úrræði eru almennt séð öðruvísi úrræði en stór ríki nota til að hafa áhrif. Hefðbundin valdatæki stórra ríkja byggja á tölulegum styrk svo sem stórri stjórnsýslu, hernaðar- og efnahagsmætti. Hugræn úrræði byggja aftur á móti á eigindlegum þáttum,“ útskýrir hún. „Dæmi um þetta er hvernig lítil ríki nýta sérþekkingu sem leið til aukinna áhrifa og hvernig þau eru talin fyrirmynd annarra ríkja í ákveðnum málaflokkum, til dæmis í umhverfismálum, og nýta þá ímynd til að sannfæra önnur ríki, stór sem smá, um að þeirra leið sé rétta leiðin.“

Spurð hvort þá væri hugsanlegt að Ísland nýtti sér viðurkennda sérþekkingu sína í fiskveiðistjórnunarmálum til að hafa áhrif, til dæmis á stefnu Evrópusambandsins í þeim málum, segir

GUNNHILDUR LILY MAGNÚSDÓTTIR
Hugræn úrræði nýtast smáríkjum til áhrifa.
FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Gunnhildur það vissulega hugsanlegt. Í doktorsrannsókninni sé hún að skoða sérstaklega hvernig norrænu ríkin innan ESB - Finnland, Svíþjóð og Danmörk - beiti sér til að hafa áhrif á stefnu ESB í umhverfismálum og félagsmálum. Tilgangurinn sé ekki síst að draga ályktanir sem heimfæranlegar væru á stöðu Íslands í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi.

En niðurstöður rannsóknar sinnar til þessa orðar Gunnhildur svona: „Smáríki eru ekki dæmd til að vera áhrifalaus í alþjóðasamstarfi. Þau geta skipað sér í forystu og aukið áhrif sín innan ákveðinna málaflokka með því að beita markvisst hugrænum úrræðum.“ **audunn@frettabladid.is**

Verðlaun Norðurlandaráðs fyrir nýstárlegt námsefni:

Tilveran í tölvuleik

MENNTUN „Hugmyndin kviknaði þegar ég fór sjálfur að takast á við föðurhlutverkið og hugsaði um það hvernig gera mætti stærstu viðfangsefni tilverunnar að raunveru-leik,“ segir Ómar Örn Magnússon, kennari við Hagaskóla í Reykjavík.

MILLJÓN Í VERÐLAUN Ómar Örn Magnússon kennari og Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Hann tók í gær við verðlaunum Norðurlandaráðs, um einni milljón íslenskra króna, sem Norræna ráðherranefndin úthlutaði fyrir námsefni í neytendamálum.

Ómar lýsir leiknum sem gagnvirkum hermileik. „Nemendur geta spilað stóru viðfangsefnin í tilverunni frá 20 til 50 ára í þessum leik. Nemendur kynnast því vali sem flestir einstaklingar standa frammi fyrir á lífsleiðinni. Þetta er sett fram sem keppni og námsefni í senn og veitt eru verðlaun fyrir frammistöðu. Það örvar nemendur og heldur þeim að efninu. Menn geta safnað stigum, bekkurinn getur gert það og jafnvel skólinn allur gagnvart öðrum skólum,“ segir Ómar.

Alls bárust 24 tillögur í samkeppninni, þar af átta frá Íslandi.

- jh

VERÐVERND • VERÐVERND • VERÐVERND

...ekkert mál!

VERÐVERND Í FRAMKVÆMD

Miðvikudaginn 26. október 2005 framkvæmdi fréttastofa Stöðvar 2 verðkönnun í verslun okkar í Grafarholti. Þar kom í ljós að keppinautar okkar voru með lægri verð á eftirtöldum vöruliðum og í ljósi þess kynnum við ný og lægri verð á þessum vörum sem gilda í öllum verslunum Húsasmiðjunnar um land allt.

Þannig virkar VERÐVERND Húsasmiðjunnar.

485 ~~495~~

Plast tommustokkur

1.210 ~~1.295~~

16 mm. Sporjárn

2.195 ~~2.245~~

BAHCO hamar

3.995 ~~4.428~~

Kúbein

1.490 ~~1.595~~

Stanley málmband

1.565 ~~1.580~~

BAHCO bogasög

Við endurgreiðum mismuninn **PLÚS 20%**

Fyrstir íslenskra byggingavöruverslanna
veitum við.....
.....verðvernd

Nánari skilmálar: www.husa.is

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

Ísraelar mótmæla ummælum Írana um að þurrka ætti Ísrael út af kortinu:

Vilja láta vísa Írönum úr SÞ

JERÚSALEM, AP Ríkisstjórnir landa heims fordæmdu ummæli Íransforseta um að þurrka ætti Ísrael út af heimskortinu. Lítið var þó um beinar undirtektir við kröfu Ísraela um að gera ætti Íran brottrækt úr Sameinuðu þjóðunum fyrir vikið.

„Frá stofnun Sameinuðu þjóðanna 1945 hefur það aldrei komið fyrir að handhafi ríkisvalds eins aðildarríkis SÞ hafi opinberlega krafist útrýmingar annars aðildarríkis," sagði Shimon Peres, aðstoðarforsætisráðherra Ísraels í útvarpsviðtali. „Viðlíka hneyksli hefur aldrei komið upp og það er ómögulegt að horfa framhjá þessu," sagði hann.

Peres sagðist ekki viss um hvort afstaða Ísraelsmanna gagnvart Íran myndi hafa einhverja framgöngu, en að henni yrði að halda fram.

Talsmaður utanríkisráðuneytis Ísraels, Mark Regev, sagði að Ísraelar hefðu mótmælt yfirlýsingum Írana á fundi Sameinuðu þjóðanna á miðvikudag en ekki hefði enn verið ákveðið hvort krefjast ætti þess opinberlega að Írönum yrði vikið úr SÞ. - sda

SHIMON PERES Ísraelar vilja láta reka Írana úr Sameinuðu þjóðunum.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skipaflutningar frá höfuðborgarsvæðinu til Vestfjarða:

Nýtt skip í stað Jaxlisins

FLUTNINGAR Flutningaskipið Jaxlinn sem selt var til Danmerkur um miðjan þennan mánuð fær fljótlega arftaka. „Og það verður enginn eftirbátur hans," segir Ragnar Magnús Traustason, framkvæmdastjóri Sæskipa sem gerðu út Jaxlinn.

„Við höfum augastað á skipi sem er af sömu stærð og breidd og Jaxlinn en er þó hannað þannig að það getur tekið mun fleiri gáma. Nú er það bara spurningin hvenær þetta skip losnar úr sínum verkefnum," segir Ragnar en vill engu spá um hvenær það geti orðið. „Óskastaðan var sú að fá skipið strax eftir að Jaxlinn fór en af því gat ekki orðið og þá er ekkert annað að gera en bíta á jaxlinn," bætir hann sposkur við.

JAXLINN Jaxlinn er nú kominn til Danmerkur og fyrrverandi eigandi bítur á jaxlinn meðan beðið er eftir arftaka.

Guðmundur Kristjánsson, hafnarvörður á Ísafirði, segir söknuð að Jaxlinum. „Hann var tryggur, alltaf á áætlun og var fólki hér mikilvægur enda mikilvægt að sem mest fjölbreytni sé í flutningum á svæðinu. Það mætti frekar greiða niður sjóflutninga en landflutningana en ég lít svo á að þeir séu niðurgreiddir meðan bílstjórar greiða ekki þann olíuskatt sem áætlað var að setja á þá í sumar," segir hafnarvörðurinn. - jse

Mismunandi áhrif lækkunar heildsöluverðs á lyfjum í apótekum:

Halda afslætti þrátt fyrir verðlækkun

LYFJAVERÐ „Við veitum mjög góðan afslátt á lyfjaverði. Við höfum ekki fellt hann niður í neinu tilfelli, en höfum þurft að minnka hann í einstaka tilvikum, en svo eru mörg lyf sem halda fullum afslætti.“

Þetta segir Kristín Guðmundsdóttir lyfsali í Rimaapóteki, sem hún á og rekur sjálf. Umræða um lyfjaverð hér á landi var vakin enn á ný þegar lyfjahópur Samtaka verslunar og þjónustu lýsti því yfir að lækkanir á heildsöluverði lyfja skiluðu sér ekki til sjúklinga. Talsmenn stóru lyfjakeðjanna, Lyfja og heilsu og Lyfju, hafa sagt að lækkunin myndi valda skerðingu á afslætti apótekanna á verðum til sjúklinga og jafnvel yrði að afnema þá með öllu.

RIMAAPÓTEK Einyrkjaapótekin svokölluðu eru sögð lúta öðrum rekstrarlögmálum en stóru keðjurnar og geta því boðið sjúklingum meiri afslátt.

Kristín segir að áherslur séu aðrar í stóru lyfjasmásölukeðjunum en hjá apótekum sem rekin séu af einstaklingum. Fjárfestar eigi stóru keðjurnar og þeirra markmið sé að græða á rekstrinum. Markmið einyrkjanna í lyfsölustétt sé meira að hafa atvinnu af rekstrinum. Í Rimaapóteki sé til að mynda engin yfirstjórn, sem auki rekstrarkostnað.

Spurð um áhrif lækkunar á smásöluverði lyfja segir Kristín að búast megi við því að róðurinn þyngist eitthvað í rekstrinum, en afsláttum til sjúklinganna verði reynt að halda sem mest óbreyttum í lengstu lög. **- jss**



DALAI LAMA Trúarleiðtoginn fundaði með hótelstjórum víðs vegar úr heiminum í Nýju-Delí í Indlandi í gær þegar ársfundur alþjóðlegra hótelsamtaka var haldinn. Í samtökunum eru yfir 420 af fínustu hótelum heimsins.

HINN EINI SANNI FETA Matvælaframleiðendur óttast að önnur lönd fylgi í fótspor Grikklands, til dæmis að Bretar krefjist þess að cheddar-ostur verði eingöngu framleiddur í Englandi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómur Evrópudómstólsins:

Fetaosturinn er gríska

BRUSSEL, AP Evrópudómstóllinn hefur fellt þann úrskurð að fetaostur sé upprunalega frá Grikklandi og þar af leiðandi hafi Grikkir einkarétt á að framleiða ost undir nafninu „feta“.

Enda þótt Ísland sé hluti af Evrópska efnahagssvæðinu telur Magnús Ólafsson, forstjóri Osta- og smjörsölunnar, að áhrif dómsins hérlendis séu hverfandi. „Við höfum kallað þetta íslenskan feta. Hvort við verðum neydd árið 2007 til að breyta því höfum við ekki skoðað til hlítar.“

Í nær tvo áratugi hafa þýskir og danskir ostagerðarmenn barist fyrir því að fá að halda áfram að líkja eftir gríska ostinum og kalla þann ost feta. Að þeirra sögn er það tæknin sem notuð er við gerð ostsins sem gerir hann að fetaosti, ekki uppruni hans. **- smk**

MAHMOUD ABBAS Segir kosningarnar fara fram í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Palestínu:

Abbas heldur sínu striki

RAMALLAH, AP Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, sagði á palestínska þinginu á miðvikudag að einungis „guðleg íhlutun“ gæti komið í veg fyrir að þingkosningar yrðu haldnar í Palestínu 25. janúar næstkomandi.

Hamas-samtökin höfðu áður lýst því yfir að þau teldu vopnahlé við Ísraela renna úr gildi yrði kosningunum frestað.

Í það minnsta fimm fórust og þrjátíu særðust í sjálfsmorðssprengjuárás á götumarkaði í ísraelska bænum Hadera í fyrradag. Samtökin Heilagt stríð hafa lýst ábyrgð á hendur sér.

Tælensk veisla

Austurlensk

Nýtt

Goði Kryddaður lambahryggur
1198 kr/kg
Sérkryddaður

Goða ítölsk ofnsteik
25%
Afsláttur

Túnfiskur 250 g
239 kr/pk

Afsláttur
45%

Borganes grísahakk
399 kr/kg

Gourmet ungnautahakk
889 kr/kg

GOURMET

GOÐI

Tilapi fiskflök 600 g
479 kr/pk

Jónagold epli
49 kr/kg

Appelsínur
59 kr/kg

Melóna gul
69 kr/kg

Panga fiskflök 600 g
479 kr/pk

Íslenskt kínakál

besta verðið á kínakáli í dag

Íslenskt kínakál
99 kr/kg

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur.
Tilboðin gilda 27 -30 okt eða á meðan birgðir endast.

Nettó - Akureyri - Akranesi - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi

tælenskt góðmeti

stemmning

Sjaldséð verð

Ísfugl kjúklingavængir
99 kr/kg

GOÐI

Goða gourmet ungnautastrimlar
1598 kr/kg

Pekingönd
999 kr/kg
Sparar 300 kr/kg

Tælensk Stemmning í Nettó

Frábær kynningartilboð á
Exotic food
línunni

Fríar prufur
Exotic:
Tom yum paste
Green curry paste
Red curry paste

netto

KANARÍFUGLAR Í BANGKOK Í TAÍLANDI Yfirvöld í Taílandi hafa sett reglugerð um dauðan fuglafénað. Reglurnar banna allan flutning, sölu og greftrun fugla sem látist hafa af fuglaflensu og er ætlað að sporna gegn útbreiðslu veirunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skúlason ehf. bætir við sig viðskiptavinum þrátt fyrir lögreglurannsókn:

Meira að gera eftir rannsókn

FJÁRSVIK „Við höfum fengið ný viðskipti frá því að málið kom upp og höfum enga viðskiptavini misst þannig að málið hefur ekki haft tiltakanleg áhrif á reksturinn," segir Jóhannes B. Skúlason, framkvæmdastjóri Skúlason ehf. Húsleit var gerð í húsakynum fyrirtækisins í byrjun mánaðarins að frumkvæði breskrar efnahagsbrotalögreglu í tengslum við meintar blekkingar í viðskiptum og peningaþvætti.

„Það er allt of snemmt að segja til um hvort við höfum undir höndum næg sönnunargögn til þess að leggja fram ákærur," segir David Jones, upplýsingafulltrúi hjá bresku efnahagsbrotalögreglunni. „Við höfum ekki enn getað ákveðið hvenær eða hvernig við munum reyna að ljúka málinu, enda virkar það ekki þannig í hlutfallslega stórum málum sem þessum," segir Jones. Hann segir rannsóknarlögreglumenn vera upptekna við að fara yfir þau gögn sem safnað var.

Jóhannes segist hafa talað við bresku lögreglumennina fyrir viku síðan. „Þeir sögðu mér að rannsóknin gæti tekið allt upp undir tvö ár," segir Jóhannes. Hann hefur fengið þau gögn til baka sem tekin voru við húsleitina. - saj

JÓHANNES SKÚLASON FRAMKVÆMDASTJÓRI Skúlason ehf. hefur bætt við sig viðskiptavinum eftir að húsleitin var framkvæmd. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Dönsk matvælakönnun:

Nautahakkið reyndist of feitt

DANMÖRK Danskt nautahakk inniheldur oft töluvert meiri fitu en sagt er til um á pakkningum. Þetta kemur fram í nýrri könnun þar sem meðal annars var mæld fita í nautahakki sem auglýst var að væri að hámarki átta prósent fita.

Þriðjungur pakkninganna reyndist hins vegar fitumeiri og mest mældist fitan sautján prósent.

Þau sláturhús sem komu hvað verst út úr könnuninni hafa verið sektuð og einnig hefur samband slátrara ávítt þau fyrir slæm vinnubrögð. ■

Reykingabann á Englandi:

Öldurhús fá undanþágu

ENGLAND Breska ríkisstjórnin hefur fallist á áform um að banna reykingar á öllum opinberuminnandyrastöðum í Englandi. Undanþágu frá banninu geta klúbbar og krár fengið sem ekki stunda matsölu.

REYKLAUS KRÁ

Í undirbúningi er víðtækara reykingabann í Skotlandi, Wales og Norður-Írlandi. Eftir því sem frá greinir á fréttavef breska útvarpsins, BBC, er þessi niðurstaða vonbrigði fyrir heilbrigðisráðherrann Patriciu Hewitt, sem barðist fyrir því að jafnvíðtækt bann tæki gildi á Englandi. ■

Viðræður um stjórnarmyndun í Póllandi:

Uppnám vegna þingforseta

PÓLLAND, AP Viðræður um myndun samsteypustjórnar hægriflokkanna tveggja sem unnu þingkosningarnar í Póllandi í síðasta mánuði virðast vera farnar út um þúfur. Donald Tusk, leiðtogi markaðshyggjuflokksins Borgaravettvangs (PO), segist ekki sjá neina möguleika á að halda viðræðunum áfram eftir að stærsti flokkurinn, Lög og réttlæti, kom því í gegn að fulltrúi hans yrði þingforseti.

Tusk, sem tapaði í úrslitaumferð forsetakosninga á sunnudaginn fyrir frambjóðanda Laga og réttlætis, sagði að stjórnarmyndunarviðræðurnar hefðu siglt í strand eftir að meirihluti þingmanna á pólska þinginu kusu Marek Jurek, þingmann Laga og réttlætis, í þingforsetaembættið. Með þessu hefði óformlegt samkomulag flokkanna tveggja um skiptingu æðstu embætta verið rofið.

TUSK VONSVIKINN Segist ekki sjá neina möguleika á að halda viðræðum áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Talsmenn Laga og réttlætis sögðu hins vegar að þeir ætluðu sér enn að mynda stjórn með Borgaravettvangi. Samanlagt hafa flokkarnir 288 sæti af 460 á pólska þjóðþinginu. - aa

Kúrdar í hátíðarskapi:

Sektaðir fyrir notkun Q og W

TYRKLAND Dómstóll í Siirit í Tyrklandi hefur sektað tuttugu Kúrda fyrir að rita stafina Q og W á veggspjöld sem rituð voru á kúrdísku og hengd upp í tilefni nýárs, sem hófst í mars að okkar tímatali.

Þarlend lög banna notkun stafa sem ekki er að finna í tyrkneska stafrófinu og því var hver og einn Kúrdanna sektaður um sem nemur fimm þúsund krónum, að því er CNN hermir. Kúrdum eru tryggð ýmis réttindi í Tyrklandi en oft er sótt að þeim að sama skapi eins og dæmin sýna. ■

BANDARÍKIN

Unglingar grunaðir um spellvirki

Eimreið með 66 vöruflutningavagna í eftirdragi fór út af sporinu nærri Northfield í Michigan í vikunni. Enginn meiddist en farmurinn stórskemmdist. Lögregla telur að unglingar hafi fiktað í útbúnaði sem flytur lestir af einum teinum á aðra.

Orkuforði Breta dugir aðeins ellefu daga:

Óttast frosthörkur

VEÐURFAR Bretar hafa áhyggjur af því að komandi vetur verði mjög kaldur, en síðustu tíu ár hefur veturinn þar í landi verið mjög hlýr.

TRAUSTI JÓNSSON

Í frétt í dagblaðinu The Independent í vikunni kemur fram að menn hafi áhyggjur af almennum orkuskorti en orkuforðinn þar í landi dugir nú aðeins í ellefu daga, samanborið við 55 víðast á meginlandi Evrópu.

„Bretar eru viðkvæmari en flestar þjóðir í Norður-Evrópu þar sem þeir eru vanir mildara veðurfari," segir Trausti Jónsson veðurstofustjóri. Hann bendir til að mynda á að upphitun húsa þar sé mun lakari en til dæmis á Norðurlöndum og að Bretar setji ekki nagladekk undir bíla á veturna.

„Líkurnar á mjög köldum vetri eru almennt fimm til átta prósent, en ef þessar spár reynast réttar eru líkurnar eitthvað meiri."

Trausti segir þessar spár hafa lítið gildi fyrir Ísland. „Það er ekkert endilega kaldara hér í austanátt og oft hlýtt um vetur hér þegar kalt er í Evrópu." - grs

Umboðsmaður gagnrýnir dómsmálaráðuneytið:

Synjun ráðuneytis stóðst ekki lög

DÓMSMÁL Synjun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á gjafsóknarumsókn í tilteknu máli var ekki í samræmi við lög, samkvæmt niðurstöðu Umboðsmanns Alþingis. Beinir hann þeim tilmælum til ráðuneytisins að málið verði tekið til meðferðar á ný, komi fram ósk þess efnis frá viðkomandi félagi. Verði þá leyst úr því í samræmi við þau sjónarmið sem rakin eru í álitsgerð.

Forsvarsmaður fyrirtækis lagði fram umsókn um gjafsókn vegna bótamáls á hendur íslenska ríkinu sökum þess að hald var lagt á traktorsgröfu í eigu félagsins. Synjun dóms- og kirkjumálaráðuneytisins grundvallaðist á þeirri afstöðu að gjafsóknarheimildir laga um meðferð einkamála eru takmarkaðar við einstaklinga en ekki lögaðila. Maðurinn skaut málinu til Umboðsmanns. Umboðsmaður bendir á að í 178. grein laga um meðferð opinberra mála er mælt fyrir um að sækja skuli bótakröfu í einkamáli í héraði með venjulegum hætti en veita skuli aðila gjafsókn fyrir báðum dómum. Telur hann þó að tilefni kunni að vera til að huga að því hvernig meðferð þessara mála verði best hagað þannig að úrlausn þeirra verði með sem einföldustum og fljótvirkustum hætti. - jss

TRYGGVI GUNNARSSON Umboðsmaður Alþingis telur að synjun dómsmálaráðuneytis á gjafsókn í tilteknu máli hafi ekki samræmst lögum.

JÓLABLAÐIÐ 2005

Nú styttist í jólin og Fréttablaðið verður með veglegt jólablað 29. nóvember.

Efni blaðsins verður fjölbreytt og af ýmsum toga. Vönduð gjafaumfjöllun. Fagmenn jafnt sem leikmenn gefa góðar uppskriftir að jólamat og ljúffengum aðventuréttum. Þjóðkunnir einstaklingar rifja upp eftirminnileg jól og segja frá hefðum sinnar fjölskyldu.

Í stuttu máli verður blaðið skemmtilegt, líflegt og eigulegt!

107.000 EINTÖK MEÐ FRÉTTABLAÐINU

Upplýsingar veita
Hinrik Fjeldsted • Sími 550 5837 • GSM 662 5829 • hinrik@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ
– stærsti fjölmiðillinn

blómaval
heillandi heimur

„ORÐRÉTT“

Ef og þegar

„Ég ætla að sjá til fram að mánaðamótum og þá er ég hættur - ef ég hætti.“

Jónatan Garðarsson, dagskrárgerðarmaður hjá RÚV, er ósáttur við hlut menningarefnis í nýju Kastljósi. Fréttablaðið.

Gaman að því

„Mér finnst gaman að tala.“

Dögg Hjaltalín, fjárfestatengill hjá Avion Group, um áhugamál sín í Morgunblaðinu.

nær og fjær
tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? FLOSI ÓLAFSSON HROSSABÓNDI OG RITHÖFUNDUR

Stórbóndi að Stóra Aðalbergi

„Það er ósköp lítið að frétta, ég sit hér bara og stari í loftið,“ sagði Flosi Ólafsson, hrossabóndi og rithöfundur, þegar blaðamaður spurði frétta í Borgarfirðinum í gær. „Eða jú, reyndar á ég afmæli í dag en það er nú kannski ekki fréttnæmt. Nema þá að ég á allt eins von á því að sveitungar kíki inn í heimsókn og þá ber vel í veiði fyrir mig því það er siður hér í sveit að baka pönnukökur og annað góðgæti þegar gesti ber að garði. Það er í einu skiptin sem ég kemst í ætan bita því flest góðgæti er álitið bannvarningur þegar ég er annars vegar.“

Hægt og rólega virðist rifjast upp fyrir Flosa að nóg er að gerast. „Nú er sá tími ársins að við förum að draga undan hrossunum og gefa þeim útreiðarfrí. Það er nú svo komið að ég hef dregið svolítið saman seglin en sonur minn sem býr hér á næsta bæ er í rauninni óðalsbóndi á 300 hektara jörð svo ég hef flest hrossin þar. En það vantar ekki óðalsheitið á kotið mitt, þegar ég keypti jörðina hét hún reyndar bara Berg en ég varð fyrir barðinu á þingeysku tilhneigingunni sem er sú að skjóta „Stór“ og „Aðal“ við öll nöfn svo nú er ég orðinn stórbóndi að Stóra Aðalbergi,“ sagði Flosi og hló.

Hann skreppur annað slagið í bæinn þó sveitin sé honum kærust. „Ég safna saman erindum og skrepp í bæinn svona á viku eða hálfs mánaðar fresti. Svo er ég nú þannig í sveit settur að það tekur ekki nema hálfan annan klukkutíma að skjótast í bæinn svo ef okkur hjónin langar á leiksýningu, nú þá rjúkum við bara í okkar fjallabíl og förum í leikhús,“ sagði afmælisbarnið.

Að lokum mundi Flosi svo eftir helstu tíðindunum. „Það hlýtur nú að teljast til stórtíðinda að engin bók kemur út eftir mig fyrir þessi jól.“



MEÐ DANNEBROG Á HÚDDINU Dönskum ráðherrum á Norðurlandaráðsþingi var ekið á milli staða undir danska fánanum. Bifreiðin er vitaskuld gljáfægð og glansandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Íslendingur finnur lausn fyrir fórnarlömb hamfara

Fréttir af mannskæðum hamförum úti í heimi hreyfa mismikið við fólki. Elías Sveinsson, uppfinningamaður og fyrrum tugþrautarkappi, skellir þó ekki skollaeyrum við slíkum fréttum. Hann hefur boðið Rauða krossi Íslands uppfinningu sína sem hann segir að bjargað gæti þúsundum mannslífa á hamfarasvæðunum í Pakistan.

ELÍAS SVEINSSON Uppfinningamaðurinn stendur stoltur við sköpunarverkið. Hann vonast til að það hljóti náð hjá toppunum í Genf því það geti bjargað þúsundum mannlífa á hamfarasvæðunum í Pakistan.

„Við Íslendingar höfum það bara allt of gott til að láta ekki til okkar taka þegar fólk er unnvörpum að láta lífið,“ segir Elías fullur ákafa. „Þess vegna kom þessi uppfinning mér í hug um leið og ég heyrði að skortur væri á tjöldum fyrir fólkið í Pakistan sem misst hefur allt sitt í jarðskjálftanum.“

Uppfinning hans er í raun sáraeinföld en hún byggist á því að sex spýtur, jafnar að lengd, eru gataðar við annan endann, reipi strengt í gegnum götin og þá er hægt að láta þær standa og mynda þær þá stoð fyrir tjald. „Svona gerðu indjánarnir þetta og það dugði þeim í margar aldir svo þetta ætti að geta komið hjálparþurfandi fólki að gagni,“ segir Elías meðan hann bregður upp spýtunum sem síðan standa stöðugar.

„Við þurfum bara að senda þeim hugvitið því nóg er af timbri á þessum slóðum og eins dúkum sem síðan á að bregða yfir stoðirnar og þá er komið hið burðugusta tjald.“

Elías kynnti hugmynd sína fyrir David Lynch, verkefnisstjóra neyðaraðstoðar erlendis hjá Rauða krossi Íslands. „Þetta virðist ágætasta hugmynd,“ segir David, sem tók mynd af sköpunarverkinu og sendi til höfuðstöðvanna í Genf. „Það eru reyndar reist tjöld á hamfarasvæðunum eftir ákveðnum stöðlum en það er aldrei að vita hvað mennirnir segja í höfuðstöðvunum,“ bætir David við.

Elías segist ekki vera umhugað að græða formúu fjár á hugviti sínu. „Ég bara keppi að því að gera þetta líf aðeins betra fyrir þá sem verst hafa það.“

Og það vantar ekki keppnisandann í kappann en það vita þeir sem muna eftir Ólympíuleikunum í Montreal 1976. Elías keppti þar í tugþraut og gerði sér lítið fyrir og vann eina keppnisgreinina. **jse@frettabladid.is**

Rætt um skólagöngu hjartveikra barna á málþingi í Gerðubergi í dag:

Lög brotin á hjartveikum börnum

„Samkvæmt lögum eiga börnin rétt á einstaklingsmiðuðu námi en það er allur gangur á því hvernig það gengur,“ segir Hallfríður Kristinsdóttir, móðir hjartveikrar stúlku og gjaldkeri Styrktarsjóðs hjartveikra barna. Málþing um skólagöngu hjartveikra barna verður haldið í Gerðubergi í dag en af orðum Hallfríðar að dæma er mikilvægt að hlutaðeigendur kippi málum í liðinn.

Árlega greinast á bilinu 50 til 60 börn með hjartasjúkdóma og þurfa mörg þeirra að gangast undir nokkrar hjartaaðgerðir á skólaárunum og missa þá úr námi. „Það er allur gangur á hvað þau eru lengi að jafna sig. Að auki eru þau afar viðkvæm fyrir öllum pestum og ef flensa gengur fá þau hana. Á tíu ára skólagöngu geta fjarvistirnar safnast upp í nokkra mánuði,“ segir Hallfríður og bætir við að börnin glími líka við þreytu og þróttleysi þó ekki sjáist það á þeim og fyrir vikið getur námið reynst þeim enn örðugra.

HALLFRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR, GJALDKERI STYRKTARSJÓÐS HJARTVEIKRA BARNA

Á málþinginu í Gerðubergi í dag flytja bæði sérfræðingar og foreldrar hjartveikra barna erindi og í lokin verða umræður.

Yfirskrift þess er „Mér um hug og hjarta nú“, og er það vísað til ljóðs Steingríms Thorsteinsson. „Kór lítilla hjartabarna söng þetta lag í söfnun á Stöð tvö í mars 1997,“ segir Hallfríður. „Það er svo fallegt og höfðar svo vel til okkar að við notum þessar línur svona.“

Við fögnum aukinni samkeppni...

...og höldum áfram að bjóða byggingavörur á betra verði

Það er hagur neytenda að verðsamkeppni er loks hafin í sölu á byggingavörum eins og auglýsing okkar frá síðasta sumri kallaði eftir

MÚRBÚÐIN

Byggingavöruverslunin í Árbænum

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

HJÓNAVÍGSLUR Á HVERJA ÞÚSUND ÍBÚA



baksvið
fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: INFLÚENSUSPRAUTA

Bólusetja þarf árlega

Heilsugæslustöðvar og vinnustaðir eru farin að bjóða upp á inflúensubólusetningar, en búast má við inflúensufaraldri í vetur sem fyrr.

Hvað er inflúensa?
Inflúensa er bráð veirusýking, oftast með hita, sem orsakast af inflúensu A- og B-veirum og veldur faraldri nánast á hverjum vetri. Hlutfall þeirra sem smitast og veikjast í faraldri er tíu til fjörutíu prósent og vara faraldrar gjarnan í fimm til tíu vikur. Inflúensa A er algengari en inflúensa B en báðar tegundir geta greinst í faraldri.

Hvernig er hægt að fyrirbyggja hana?
Landlæknir mælir með inflúensubólusetningu hjá öllum eldri en sextíu ára og börnum og fullorðnum sem þjást af langvinnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúdómum, sykursýki, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi veikindum.
Bóluefni til varnar inflúensu hefur verið í notkun um árabil. Í því eru dauðar inflúensu A- og B-veirur. Bóluefnið hefur litlar aukaverkanir í för með sér en má ekki gefa þeim sem hafa ofnæmi fyrir eggjum. Það veldur ónæmissvörun í líkamanum sem minnkar líkur á eða kemur í veg fyrir að fólk veikist. Einnig dregur það úr veikindum hjá eldra fólki og lækkar jafnframt dánartíðni af völdum inflúensu og lungnafylgikvilla hennar.

Hversu oft á að bólusetja?
Mælt er með bólusetningu gegn inflúensu árlega þar sem breytingar eiga sér stað á inflúensustofnum frá ári til árs.

SPURT OG SVARAÐ
AÐGERÐIR GEGN MANSALI

KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR
Fulltrúi á Norðurlandaráðsþingi.

Hjálpa fórnarlömbunum

Þing Norðurlandaráðs samþykkti á miðvikudag tillögu þar sem þeim tilmælum er beint til norrænna stjórnvalda að þau hafi frumkvæði að rannsóknum sem upplýst geti hverjir standi á bak við mansal vegna kynlífsþrælkunar.

Hvert er markmið tillögunnar?
Okkur langaði til að búa til einhvers konar stofnun sem myndi bæði reyna að leita lausna hvernig við getum komið fórnarlömbunum til hjálpar, og hvernig við getum, með hjálp fórnarlambanna, haft upp á þeim sem sem skipuleggja þessa glæpi.

Hvers vegna er þörf á formlegri tillögu?
Við teljum að þær aðgerðir sem lögreglan og yfirvöld eru að nota í dag skili ekki árangri, því það eina sem gert er þegar konur eru uppgötvaðar ólöglegar í landinu, þá eru þær bara sendar aftur til baka til þess lands sem þær komu frá.

Tvískattlagt á leið til Reykjavíkur

Umræðan um lagningu Sundabrautar hefur að undanförnu legið nokkuð í skugga flugvallarumræðunnar. Þrjár lausnir hafa verið kannaðar á fyrsta áfanganum, sem er þverun Kleppsvíkur frá Gufuneshöfða. Þær eru í fyrsta lagi hábrú sem kæmi niður við Sæbraut, í öðru lagi göng undir sundið og í þriðja lagi innri leið, nær Elliðaárdal, með lágbrú.

LAUSN 3 INNRI LEIÐ MEÐ LÁGBRÚ Þessi mynd sýnir innri leið, en á henni má sjá landfyllingar sem fallið hefur verið frá. Þess í stað er áætlað að þessi leið verði brúuð með lágbrú. Áætlaður kostnaður er 7,8 milljarðar.

Ríkisstjórnin ákvað í byrjun september að leggja átta milljarða af söluandvirði Símans til verksins á árunum 2007 til 2010. Í framhaldi af því var ákveðið í borgarstjórn að fara innri leið sem jafnframt er ódýrust. Sú ákvörðun er þó háð samþykki umhverfisráðherra og íbúa í grennd við framkvæmdasvæðið. Seinni áfanginn er svo þverun Kollafjarðar með brú en þar er deilt um hvort viðunandi sé að fjármagna þá framkvæmd með veggjöldum.

Júlíus Vífill Ingvarsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, er ekki sáttur við þessa ákvörðun borgarstjórnar og segir að skynsamlegast væri að leggja þessar þrjár lausnir í dóm borgarbúa.

Dæmigert mál til að leysa með íbúalýðræði

„Seltirningar fóru þá leið snemmsumars þegar taka þurfti mjög mikilvægarskipulagslegarákvarðanir um framtíð miðbæjarins að leggja tvo kosti í dóm kjósenda og láta svo bæjarstjórn vera bundna af þeirri niðurstöðu sem íbúarnir kæmust að. Fyrir þær kosningar var allt útlit fyrir að mikið fjaðrafok yrði vegna málsins en síðan að íbúar hafa kveðið upp sinn dóm er málið fallið í ljúfa löð og allir virðast sætta sig við mat fólksins," segir Júlíus Vífill.

„Það væri hrein vantrú á borgarbúa að halda að þeir geti ekki komist að skynsamlegri niðurstöðu í þessu máli. Svo er það nú einu sinni þannig að lýðræðið er ekkert stabílt fyrirkomulag sem engum breytingum tekur, það er í þróun eins og allt annað og þróunin er í þá átt að í mikilvægum málum sem þessum eigi fólkið sjálft að ráða."

Þrír kostir vænstir

Þessar þrjár lausnir sem settar voru fram í upphafi hafa ekki verið fyrirferðarmiklar í almennri umræðu.

Nokkrir hafa þó talað um það hve tilkomumikil hábrúin yrði en hún er nær helmingi dýrari en lágbrúin enda yrði hún að vera 48 metra há svo hún hamlaði ekki skipaumferð. Lágbrúin gerir ráð fyrir því að eyja sé mynduð úti á miðju sundi en síðan brúað til beggja stranda og þykir mörgum sú lausn nokkuð rúmfrek.

Tvær útfærslur á göngum hafa verið kannaðar en það eru jarðgöng, líkt og Hvalfjarðargöng, og svo botngöng sem lægju á sjávarbotni. Sú útfærsla er sú dýrasta af öllum en áætlað er að hún myndi kosta rúmlega fjórtán milljarða.

Að hækka Vesturlandsskattinn

Jóhann Ársælsson, sem og fleiri þingmenn, hefur bent á það að Vestfirðingum, Vest- og Norðlendingum myndi reynast dýr ferðin í höfuðstaðinn ef ætlunin yrði að fjármagna seinni áfanga Sundabrautar, brú yfir Kollafjörð, með veggjaldi. Þeir sem koma að vestan þyrftu þá tvisvar að grípa til buddunnar á leiðinni frá Borgarnesi til Reykjavíkur, þar sem ekki er útlit fyrir að veggjöld í Hvalfjarðargöng verði lögð af næstu tuttugu árin.

„Ég hef lagt fram fyrirspurn til samgönguráðherra um það hvernig hann hyggist fjármagna þetta en mér þykir það alveg út í hött að fólki frá vissum landshlutum reynist dýrt að fara til Reykjavíkur en öðrum ekki," segir Jóhann og minnir á að engin veggjöld hindri menn sem komi að sunnan og austan.

Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs, segir að í ljósi þess að veggjöld í Hvalfjarðargöng séu stundum kölluð Vesturlandsskattur sé það varhugavert að höggva tvisvar í sama knérunn með því að leggja enn meiri veggjöld á leiðina til Reykjavíkur frá Vesturlandi.

Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur enn engin svör veitt við fyrirspurn Jóhanns um veggjöld á Sundabraut.

FRÉTTASKÝRING
JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
jse@frettabladid.is

LAUSN 2 GÖNG Tvær gangalausnir koma til greina; botngögn sem er áætluð að myndu kosta 14,2 milljarða og jarðgöng sem áætlað er að myndu kosta 10,4 milljarða.

LAUSN 1 HÁBRÚ Reiknað var með að hábrúin yrði 48 metra há og næði frá Gufuneshöfða og kæmi niður við Sæbraut. Kostnaður hefur verið áætlaður um 12,5 milljarðar.

DV
Ólafur Eggert Ólafsson vann á Club Clinton og bjó með súludansara – en það var ekki nóg...
Níddist á barnapíunum
SAFNAÐI LÍKA BARNAKLÁMI OG ER Á LEIÐ Í TVEGGJA ÁRA FANGELSI
Þorir þegar aðrir þegja!

IMPORTANT NOTICE

Learn how others are using the Internet for extra income
... some are leaving their jobs behind!

Thousands of people with little or no Internet marketing experience have attended our FREE Training Workshops. Discover how some are now earning incomes as high as $10,000 per month and more as Internet Merchants!* Since 1995, we've been training entrepreneurs and small business owners from all over the world how to create real incomes using our Internet marketing training.

Meet people like Diana Blair. Diana was mowing lawns and driving limousines when she attended our FREE Workshop. All she had was a dream, now her small side business has become a thriving Internet business that expects revenues to exceed $280,000 in 2005.

Reserve now by calling 800-8423

*Individual results are not typical. Your results depend on your product, price and marketing efforts.

skoðun

SJÓNARMIÐ
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON

Þing Norðurlandaráðs ekki eins áberandi og áður.

Enn má hagræða

Það er orðinn fastur liður nú síðastliðin ár að þegar þing Norðurlandaráðs kemur saman heyrast raddir um að leggja beri stofnunina niður. Hún sé orðin óþörf og úrelt. Einkum er nefnt að of miklum tíma og peningum sé varið í veisluhöld, skálaræður og innihaldslitla málfundi. Þessi sjónarmið hafa orðið æ meira áberandi eftir að Danir, Finnar og Svíar gengu í Evrópusambandið. Í fyrra hvöttu tveir þingmenn á finnska þinginu til þess að starfi Norðurlandaráðs yrði hætt. Þeir vildu í staðinn efna til nýrra þingmannasamtaka ríkja í Norður-Evrópu. Í gær sagði leiðarahöfundur sænska dagblaðsins Dagens Nyheter að þótt Norðurlandaráð ætti sér glæsta sögu hefði það lokið hlutverki sínu og tími væri kominn til að kveðja það. Í blaðinu var kveðið fast að orði um gagnsleysi þingsins, sem nú fer fram í Reykjavík; fréttir af því skiptu engu máli og það sem fram færi væri lítils virði. Til samanburðar var nefndur fundur leiðtoga Evrópusambandsins, sem nú fer fram í London. Það væri þýðingarmikil samkoma.

Raunar virðist norrænt samstarf smám saman vera að þokast frá hinni dýru yfirbyggingu stofnanavæðingar undanfarinna áratuga. Hagræðing og sparnaður hafa um skeið verið meðal helstu umræðuefna á þingum Norðurlandaráðs.

Ekki verður því á móti mælt að dregið hefur úr mikilvægi þess að blásið sé til margra daga árlegrar samkomu þingmanna og ráðherra norrænu ríkjanna. Flestir veigamestu þættir norræns samstarfs sem máli skipta hafa fyrir löngu komist í farveg stofnana, reglna og venja sem ekkert þinghald þarf til að tryggja eða halda utan um. Í þessu sambandi nefnir Dagens Nyheter réttilega sameiginlegan vinnumarkað Norðurlandanna sem löngum hefur verið talinn mikilvægasti ávinningur samstarfsins. Hann komst í gagnið fyrir hálfri öld og er jafn góður og gagnlegur norrænu þjóðunum þótt skál hans sé ekki drukkin árlega af nokkur hundruð prúðbúnum þingmönnum í dýrustu veislusölum Norðurlanda.

Raunar virðist norrænt samstarf smám saman vera að þokast frá hinni dýru yfirbyggingu stofnanavæðingar undanfarinna áratuga. Hagræðing og sparnaður hafa um skeið verið meðal helstu umræðuefna á þingum Norðurlandaráðs og fundum norrænna ráðherra. Í tengslum við þingið í Reykjavík ákváðu ráðherrar Norðurlandanna á miðvikudaginn viðamikinn niðurskurð á stofnanaþætti norræns samstarfs. Um tuttugu samstarfsnefndir og menningarstofnanir sem starfað hafa á vegum Norðurlandaráðs verða lagðar niður.

Frá sjónarhóli Íslendinga er norrænt samstarf mikilvægt. Fjárframlög byggjast á höfðatölu og vegna fámennis þjóðarinnar er hlutur okkar margfalt minni en ávinningurinn. Okkur vex því ekki eins í augum kostnaðurinn af starfseminni, sem Dagens Nyheter telur hins vegar allt of mikinn. En við eigum að skoða og meta allar ábendingar og athugasemdir sem snerta þetta samstarf. Vel má vera að enn megi hagræða á þessum vettvangi án þess að það skaði norrænt samstarf, Kannski er of mikið borið í þinghaldið. Ef til vill er nægilegt að þing Norðurlandaráðs sé til dæmis aðeins haldið á tveggja eða þriggja ára fresti. En ástæðulaust og óréttmætt er að einblína á veisluþátt þessarar samkomu og kostnaðinn, sem er óverulegur þegar litið

FRÁ DEGI TIL DAGS

Víðtæk þjónusta
Ritstjóri Morgunblaðsins rekur ekki aðeins sakamálaráðgjöf og þýðingarstofu eins og frægt hefur orðið. Á skrifstofu hans er líka lítil - en vafalaust áhrifamikil - vottunarstofa þar sem forstjórar fyrirtækja geta fengið uppáskrift um gæði starfsemi sinnar og jafnvel eigið siðferði. Í sviptingum viðskiptalífsins þykir sumum gott að hafa slíkt vottorð í vasanum. Hafa ber þó í huga að breytingar eru örar á þessum vettvangi og vottorðin gilda aðeins þar til þau eru afturkölluð.

„Standa undir ábyrgð“
Í ársbyrjun 2004 fjallaði ritstjóri Morgunblaðsins um nýja eigendur Flugleiða í forystugrein blaðsins. Svohljóðandi vottorð var þá gefið út: „Það er mikil ábyrgð fólgin í því að taka að sér eignarhald á svo stórum hlut í Flugleiðum. Þeir Jón Helgi Guðmundsson og Hannes Smárason og fjölskyldur þeirra hafa sýnt að þeir eru til þess fallnir að standa undir slíkri ábyrgð.“ Síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Annar ofangreindra, Hannes Smárason, virðist orðinn persona non grata í augum ritstjórans sem lætur starfsmenn vottunarstofunnar hringja í helstu eftirlitsstofnanir þjóðfélagsins til að þráspyrja um það hvort viðkomandi sé ekki örugglega undir opinberri rannsókn og ef svo er ekki, hverju það sæti.

Enn heilagur
Bót er í máli að um hinn manninn, Jón Helga Guðmundsson, eiganda Byko, Krónunnar og fleiri stórfyrirtækja, er enn skrifað eins og um dýrðlinga í heilagra manna sögum. Í viðskiptapistli ritstjórans, Innherja, í Morgunblaðinu í gær er Jón Helgi góði maðurinn í verðstríði Byko og Húsasmiðjunnar, fullyrt er að lágt vöruverð í Bónusi sé honum að þakka (!) og rúsínan í pylsuendanum er svo uppástunga ritstjórans um að það kæmi sér vel fyrir landsmenn ef „Jón Helgi og hans fólk keyptu Iceland Express“. Segi menn svo að fjölmiðlar séu hlutlausir í stríði viðskiptablokkanna!

gm@frettabladid.is

Skiljum að ríki og kirkju

Í DAG
ÞJÓÐKIRKJAN

HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

Menn leita nú sem fyrr tilgangs í lífinu, athvarfs í hörðum heimi, siðferðilegra leiðbeininga. Þeir vilja eiga saman helgistundir, gleðjast og syrgja í því samneyti við liðna og óborna, sögu sína og eðli, sem kirkjan býður upp á. Þessari djúpu og miklu þörf getur kirkjan best fullnægt, ef hún er óháð, laus undan kæfandi faðmlögum ríkisins.

Fátt bar til tíðinda á nýliðnum landsfundi Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs annað en það, að þar var rætt af miklum móð um aðskilnað ríkis og kirkju. Ég er sammála mörgum í litla flokknum með langa nafnið um það, að skilja beri að ríki og kirkju, en mig grunar, að ástæður mínar séu ólíkar þeirra. Vinstri - grænir eru eflaust ýmsir beinlínis andvígir kirkjunni og vilja þess vegna hætta opinberum stuðningi við hana. Ég er hins vegar hlynntur kristinni kirkju og tel opinberan stuðning henni til trafala.

Trúarlíf er því fjörugra og eðlilegra sem ríkið skiptir sér minna af því. Það hefur staðið íslensku kirkjunni fyrir þrifum, að ríkið skuli hafa tekið hana (eða öllu heldur eina deild hennar) að sér. Prestar þjóðkirkjunnar eru opinberir embættismenn, kontóristar, eins og Kiljan myndi segja, og slíkir menn eru ekki líklegir til afreka. Það á að skilja að ríki og kirkju vegna kirkjunnar, ekki þrátt fyrir hana.

Andstaða margra kirkjunnar manna er líka á hæpnum forsendum. Þeir halda eflaust, að kirkjan myndi koðna niður, ef hún fengi ekki opinberan stuðning. Þetta er mikill misskilningur. Trúarþörfin er jafnmikil nú og áður, eins og kannanir sýna. Menn leita nú sem fyrr tilgangs í lífinu, athvarfs í hörðum heimi, siðferðilegra leiðbeininga. Þeir vilja eiga saman helgistundir, gleðjast og syrgja í því samneyti við liðna og óborna, sögu sína og eðli, sem kirkjan býður upp á. Þessari djúpu og miklu þörf getur kirkjan best fullnægt, ef hún er óháð, laus undan kæfandi faðmlögum ríkisins.

Það geta ekki heldur verið haldbær rök gegn aðskilnaði ríkis og kirkju, að erfitt sé að greiða úr fjárhagsmálum kirkjunnar. Hvað um öll þau lönd, þar sem ríki og kirkja hafa nýlega verið skilin að, til dæmis Svíþjóð? Þetta virtist ekki vera óleysanlegt verkefni þar.

Auðvitað eru síðan önnur sterk rök fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju, og þau eru, að hér á landi er ekki fullkomið trúfrelsi, fyrr en þessu hefur verið hrint í framkvæmd. Ríkið á að mínum dómi ekki nauðsynlega að vera hlutlaust um verðmæti. Það kann að eiga að taka kristna trú fram yfir önnur trúarbrögð, jafnt í skólum sem annars staðar. Við erum kristin þjóð og aðhyllumst kristileg verðmæti. Til dæmis höfnum við algerlega þeirri algengu skoðun sumra annarra, að konur séu óæðri körlum og þurfi að hylja sig með blæjum. Fyrir Guði eru allir jafnir, karlar og konur, ríkir og fátækir, hvítir og svartir.

En ríkið á ekki að gera upp á milli kristinna safnaða. Það á að leyfa einstökum kirkjudeildum að keppa um hylli trúaðs fólks.

Þegar Kristur var eitt sinn spurður, hvernig við ættum að breyta til að öðlast eilíft líf, svaraði hann með dæmisögunni um miskunnsama Samverjann. Hann liðsinnti ferðalang, sem stigamenn höfðu rænt á leiðinni frá Jerúsalem til Jeríkó, en áður höfðu prestur og levíti (lærður maður) gengið fram hjá. Þessi litla saga felur í sér margvíslega lærdóma.

Í fyrsta lagi er ríkið nauðsynlegt, svo að stigamenn úr fjöllunum ógni okkur ekki. Við þurfum öfluga lögreglu og traustar landvarnir.

Í öðru lagi eru til margir menntamenn, sem ekki hjálpa náunga sínum, þótt þeir kunni að mæla fagurlega úr ræðustól. Hér voru þeir presturinn og levítinn.

Í þriðja lagi var miskunnsami Samverjinn aflögufær. Hann gat keypt fórnarlambinu gistingu og aðhlynningu. Með öðrum orðum er nauðsynlegt, að til sé sæmilega efnað fólk, en allir séu ekki jafnfátækir.

Í fjórða lagi gerði miskunnsami Samverjinn góðverk sitt á eigin kostnað, en ekki annarra. Í sjónvarpinu eru viðtöl á hverju kvöldi við fólk, sem vill gera góðverk, en þegar nánar er að gáð, eru þau góðverk jafnan á kostnað annarra. Það eru engin takmörk fyrir manngæskunni, ef menn þurfa ekki að greiða sjálfir fyrir hana, en um leið hættir hún auðvitað að vera manngæska.

Við þurfum presta (og söfnuði), sem breyta eins og miskunnsami Samverjinn, en ekki eins og presturinn og levítinn, sem flýttu sér fram hjá ferðalangnum á veginum. Til þess þarf kirkjan að verða frjáls.

MARKAÐURINN
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA
Mest lesna viðskiptablaðið

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Helgartilboð

TILBOÐ
1.747 kr/kg
Merkt verð 2.495,-

Ferskar
kjúklinga-bringur

FETAOSTS- OG ÓLÍFUFYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR

4 stk. kjúklingabringur
1 dl fetaostur
1 dl grænar ólífur
1/3 búnt steinselja
Salt og pipar
tannstönglar

Saxið ólífur og steinselju. Myljið fetaost og blandið þessu þrennu saman. Ristið í hliðina á kjúklingabringunum með hníf þannig að vasi myndist, setjið fyllinguna inn í og lokið fyrir með tannstönglum. Kryddið bringurnar með salti og pipar og steikið á heitri pönnu, á báðum hliðum. Setjið síðan inn í 180°C heitan ofn í 6 mínútur eða þar til osturinn er bráðnaður.

Úrbeinaður birkireyktur
frampartur

TILBOÐ
1.217 kr/kg
Merkt verð 1.738,-

Íslensk gæða
pekingönd

TILBOÐ
999 kr/kg
Verð áður 1.499,-

Tyson eldaður kjúklingur

20% afsláttur við kassa

TILBOÐ
399 kr/stk
Verð áður 549,-

Fyrirtaks pizzur
- fljótlegt og gott

Gott verð
299 kr/pk

Earthbound Farm lífrænt ræktað salat

Lukku leikur

Um helgina verður lukkuhjólaleikur í Hagkaupum:

Skeifunni föstudag kl. 14-18
Kringlunni laugardag kl. 12-16
Smáralind sunnudag kl. 12-16

Þú kaupir einn af eftirtöldum vöruliðum

ARIEL • LENOR • FAIRY
PAMPERS • ALWAYS • PRINGLES

og færð að snúa lukkuhjólinu.

Í vinning er til að mynda ferðavinningur með Icelandair.

allir vinna!

Gildir til 30. október eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Peningar bæta ýmis mein

UMRÆÐAN
SVAR VIÐ ÁDREPU GUNNARS KARLSSONAR

GEIR ÁGÚSTSSON
VERKFRÆÐINGUR

Gunnar Karlsson prófessor, innblásinn af grein undirritaðs í Fréttablaðinu frá 8. október sl., skrifar þann 20. október grein um græðgi og ýmislegt fleira, og veltir þar við mörgum steinum sem sjálfsagt er að líta nánar undir.

Gunnar segir: „Einstæð móðir í verkalýðsstétt hefur örugglega meiri tekjur nú [...] en stöndugar fjölskyldur höfðu um miðja 20. öld. En líf hennar er ekki að sama skapi auðveldara af því að samfélag hennar gerir meiri kröfur til hennar."

Þetta er einkennilegur samanburður og margt við hann að athuga. Miðað við fjölskyldu á miðri 20. öld getur hin einstæða húsmóðir keypt helstu lífsnauðsynjar á lægra verði, ekið í öruggari bíl, átt fleiri heimilistæki, notið fullkomnari upplýsingatækni, hringt ódýrar og ferðast til útlanda fyrir minni pening, svo fátt eitt sé nefnt. Hitt er e.t.v. rétt að miðað við þá sem hafa mikið á milli handanna í dag getur hin einstæða móðir hugsanlega leyft sér hlutfallslega minna ef allir möguleikar á peningaeyðslu eru meðtaldir. Úrval vöru og þjónustu er líka margfalt meira í dag en það var um miðja 20. öld.

Gunnar segir: „Fátæktarmörkin lyftast í takt við meðaltalið."

Þetta er furðuleg staðhæfing sem gefur til kynna að ein leið til að útrýma fátækt sé að lækka meðaltalslaunin og jafna þau. Samkvæmt þessari staðhæfingu eru íbúar Norður-Kóreu, með sín lágu en jöfnu meðaltalslaun, ekki eins fátækir og þeir íbúar Vesturlanda sem hafa laun vel undir háum meðaltalslaunum samborgara sinna.

Gunnar segir: „Í grófum drættum jafngilda þessi „lífsgæði" neyslu og þar með notkun á orku og auðlindum."

Draugasagan um auðlindaskort og óafturkallanlega tortímingu umhverfisins hefur ekki náð að sanna sig að hluta til eða í heild. Þvert á móti er enginn skortur á neinum auðlindum, og á hinum frjálsa markaði getur eitthvað sem kallast auðlind í dag hæglega verið orðin að verðlausum grjóthaug á morgun. Hugvitsmenn eru stanslaust að þróa tækni sem gerir óarðbæra borholu í dag að ódýrri framkvæmd á morgun. Loft ríkustu stórborganna heldur áfram að batna með fullkomnari brennsluvélum bifreiða og auknum kröfum sífellt ríkari einstaklinga um loftgæði, urðunartækni þeirra ríku heldur áfram að minnka það flatarmál dýrmæts lands sem þarf undir ruslahauga, og svona má lengi telja.

Gunnar segir: „Útkoman yrði sú [ef fátækasta fólk heims næði Vesturlandabúum í lífskjörum] að orku- og auðlindanotkun mannkynsins þyrfti að fjórfaldast áður en það næði allt á það stig sem við köllum mannsæmandi lífskjör."

Þarna virðist Gunnar reikna með því að tækniþróunin hætti að leiða til bættrar nýtingar mest nýttu orkuauðlindanna í dag, að nýjar auðlindir og jafnvel endurnýjanlegar verði ekki uppgötvaðar eða teknar í notkun á hagkvæmman hátt, að sömu orku muni alltaf þurfa til að standa undir því sem við köllum mannsæmandi lífskjör í dag, að tilkoma 60% mannkyns inn á heimsmarkaðinn muni ekki hafa nein áhrif á markaðsaðstæður fyrir nýja orkugjafa, og svona má áfram telja.

Líklega mun aukinn fjöldi virkra einstaklinga á heimsmarkaðnum leiða til betri heims frekar en verri, og það án þess að Vesturlandabúar þurfi að hafa samviskubit eða leggja á sig lífskjaraskerðingu.

Gunnar segir: „Hvernig færi það [að fátækasta fólk heims næði Vesturlandabúum að lífskjörum] með ósonlagið? Hver yrðu gróðurhúsaáhrif þess?"

Þarna skýtur önnur óstaðfest goðsögn upp kollinum. Nú er því varla að neita að hitastig hefur að meðaltali víða verið að mælast hærra í dag en fyrir 30 árum og virðist vera hækka upp á um 0,16°C á áratug, en mælingar sýna ekki merki þess að hitastigshækkunin sé að herða eða hægja á sér. Tilkoma olíubrennandi risahagkerfa í Asíu á síðustu árum virðist lítil áhrif ætla að hafa, og heimsendaspádómar græningja virðast eiga lengra og lengra í land með að rætast.

Síðasta tilvitnunin í Gunnar verður þessi: „Við, frjálslyndir Vesturlandabúar, höfum afneitað þjóðernishyggju og kynþáttahyggju og höfum því enga gilda réttlætingu fyrir því að halda þessum gífurlega auði fyrir okkur eina."

Þetta vill undirritaður taka undir báðum höndum. Vesturlandabúar ættu hið snarasta að gefa fríverslun lausan tauminn og taka opnum örmum við fátækum bændum og verkamönnum þróunarlandanna. Í sameiningu getur mannkynið skapað sér bjarta framtíð mikils auðs, góðra lífskjara og friðsamlegrar samvinnu þar sem peningaliturinn verður eini liturinn sem skiptir máli og framboð og eftirspurn einu stríðandi öflin.

AUGLÝSTU EFTIR STARFSFÓLKI Á RÉTTUM STAÐ

Þú nærð til rúmlega helmingi fleiri Íslendinga á aldrinum 20–40 ára með því að auglýsa í atvinnublaði Fréttablaðsins frekar en atvinnublaði Morgunblaðsins.

Lestur sunnudaga*

Á sunnudögum fylgja bæði Morgunblaðinu og Fréttablaðinu sérblöð inni í aðalblöðunum sem fjalla um atvinnumál. Rúmlega 60% 20–40 ára Íslendinga fletta ekki sunnudagsblaði Morgunblaðsins. Láttu ekki fyrirtæki þitt verða af góðum starfsmanni með því að auglýsa á röngum stað.

allt - atvinna

*20–40 ára Íslendingar. Gallup júní 2005.

Grillaður kjúklingur og Coca-Cola 2l

899kr

Gildir einnig með 2L Coke Light

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
Reykjavík	8.58	13.12	17.24
Akureyri	8.51	12.56	17.00

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er föstudagur 28. október 301. dagur ársins.

KRÍLIN

SMÁAUGLÝSINGAR

Flokkar

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

SMÁAUGLÝSINGAR SÍMI: 550 5000

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is

visir

Þegar Signý á von á gestum matreiðir hún stundum góðan rétt úr kjúklingum og grænmeti. Uppskriftin er á næstu opnu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR.

Gaman að kitla bragð-laukana og góminn

Signý Sæmundsdóttir ætlar að syngja fyrir sveitunga sína austur á Hellu í kvöld. Þegar hún hefur mikið við í matargerð þá eldar hún rétt sem heitir hani í víni.

„Ég er nú ekki með tilstand í eldhúsinu dags daglega en ég hef gaman af mat, bæði að láta mig dreyma um fína rétti og takast á við að útbúa þá í raunveruleikanum," segir Signý sem kveðst njóta þess að skoða uppskriftabækur og blöð. „Það sem heillar mig er fjölbreytileikinn og allt sem er í kringum matargerðina," segir hún glaðlega. Meðal þess sem hún leikur sér að í eldhúsinu stöku sinnum er að baka gómsætar gúmelaðikökur. „Þetta er allt gott hvað með öðru," segir hún og bætir við. „Númer eitt er að kitla bragðlaukana svolítið."

Einn réttur er í sérstöku uppáhaldi hjá Signýju og sá er bæði góður og aðgengilegur að hennar sögn. „Þetta er „Hani í víni" eða „Coq au Vin" eins og hann ku heita uppá frönsku. Ég fann hann í skemmtilegri bók sem heitir Áttu von á gestum og var gefin út fyrir mörgum árum, skrifuð af Guðrúnu Hilmarsdóttur matreiðslukennara. Þennan rétt hef ég notað þegar eitthvað mikið stendur til. Þetta er franskur réttur og þeir sem hafa komið til Frakklands hafa áreiðanlega heyrt um hann því hann er víða á matseðlum veitingahúsa."

Þegar forvitnast er um það sem Signý aðhefst þessa dagana kemur í ljós að hún er með söngdagskrá í kvöld á Hellu ásamt Þóru Fríðu systur sinni. „Jú, það er nýlega búið að opna safnaðarheimili Oddakirkju á Rangárvöllum en það stendur ekki við kirkjuna heldur en á Hellu. Í það er búið að kaupa flygil að nokkru leyti uppá krít og tónleikarnir eru liður í að safna fyrir honum," segir Signý. „Við systur eigum ættir að rekja austur í Rangárvallasýslu og okkur er ljúft og skylt að styrkja þetta góða málefni."

gun@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU

[MATUR - TILBOÐ]

Allir herra-skór eru á tilboði í versluninni Euroskór í Firðinum í Hafnarfirði sem eins og margir vita stendur við Fjarðargötu 13-15. Mikið úrval er af skóm í búðinni og eru þeir allir á 20% afslætti nú um helgina.

Súpubarinn er nýr veitingastaður við Borgartúnið. Eins og nafnið bendir til er þar boðið upp á súpur og að auki meðlæti með þeim. Súpubarinn er í sama húsi og Essó og Subway og nú leggur súpuilminn þar út á hlað.

Fjölbreytt úrval samkvæmiskjóla frá Dynasty er á 40% afslætti í dag og á morgun í versluninni Feminin Fashion í Bæjarlind 12 í Kópavogi. Þar er opið í dag frá 11 til 18 og á morgun frá 10-16.

Bison í Kringlunni fagnar sex ára afmæli á Íslandi nú um helgina og býður af því tilefni 20% afslátt af öllum vörum sínum. Þar er um að ræða bæði herra- og dömufatnað af öllum mögulegum gerðum sem henta jafnt á djammið, ráðstefnuna og í skólann.

Verið velkomin í stórglæsilegan sýningarsal Mörkinni 1, 108 Reykjavík. Upplifið það nýjasta í innréttingum.

Opnunartími.
Virka daga 9-18
Laugardaga 11-15

JKE DESIGN
Sími 515 0700
Óteljandi möguleikar

Hnetur
má setja í frysti í nokkra tíma og þá er auðveldara að brjóta skelina utan af þeim. Ef ekki er til hnetubrjótur má nota hamar.



SANTA RITA:
Fjórar smáflöskur í hentugri öskju

Smáflöskur eru hentugur kostur fyrir þá sem vilja drekka eitt og eitt rauðvínsglas en ekki opna heila flösku auk þess að vera góður kostur í móttökum. Nú fæst hið vinsæla Santa Rita vín frá Chile í hentugri öskju með fjórum smáflöskum. Vín fyrirtækisins þykja afar hagstæð miðað við gæði og var Santa Rita m.a. útnefnt „hagstæðasti vínframleiðandinn" í tímaritinu Wine & Spirits árið 2002.



Santa Rita 120 vínlínan hefur sögulega tilvísun í sjálfstæðisbaráttu landsins. Snemma á 19. öld, er landsmenn reyndu að komast undan ofríki spænsku krúnunnar, földu 120 hermenn uppreisnarmanna sig í kjöllurum víngerðarinnar og herjuðu þaðan á hermenn Spánarkonungs. Voru hermennirnir 120 undir stjórn hershöfðingjans Bernardo O'Higgins, sem varð einn af leiðtogum landsins er það hlaut sjálfstæði. Santa Rita 120 Cabernet Sauvignon er frísklegt og ávaxtaríkt vín sem ræður við flestan mat.

Verð í vínbúðunum 1.400 krónur.

Guðrún Ögmundsdóttir húsráðandi einbeitt á svip við blóðhræringinn. E.ÓL.

Allt til víngerðar
Opið mán. - fös. 10 - 18 laug. 10 - 15
ámann
Skeifunni 11d
Sími 533 1020

Sláturtíð svo björt og blíð

Sláturtíðin er að líða undir lok að þessu sinni en það er aldrei of seint að gleðjast í góðra vina hópi og sauma nokkrar vambir. Guðrún Ögmundsdóttir passar að safna að sér skemmtilegu fólki og taka með því slátur helst á hverju ári.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, saumar vambir undir árvökulu auga Sigfríðar Hallgrímsdóttur.

Í húsi einu við Nóatún hittist um daginn glaðbeittur hópur og lét heilt fimmtudagskvöld snúast um kindainnyfli, blóð og saumaskap. Húsráðandi, Guðrún Ögmundsdóttir, segist alltaf taka slátur þegar hún getur enda er hún alin upp við þann sið. „Mér finnst óskaplega gaman að gera slátur því það er svo skemmtileg félagsleg athöfn fyrir utan auðvitað að vera heilmikil búbót," segir Guðrún. „Við Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Kristín Árnadóttir og Fríða tengdamamma höfum gert þetta á víxl heima hjá hvor annarri í nokkur ár og höfum stundum boðið til okkar gestasaumurum. Gestasaumarinn í ár var Stefán Jón Hafstein en áður hefur til dæmis Þórhildur Þorleifsdóttir verið gestasaumari hjá okkur. Frumskilyrðið fyrir að fá að vera gestasaumari er að hafa gaman af þessu og þykja slátur góður matur." Guðrún segir að aðfarirnar skili að minnsta kosti ellefu máltíðum fyrir hverja fjölskyldu. „Við hittumst svo alltaf og borðum slátur saman þegar sláturgerðinni er lokið og það gerðist síðastliðinn sunnudag heima hjá Ingibjörgu Sólrúnu. Þá kemur öll fjölskyldan með svo við vorum þar átján í mikilli sláturveislu." Að sögn Guðrúnar eru gerð bæði blóðmör og lifrarpylsa og uppskriftin nokkuð hefðbundin. „Viðsetjum reyndar rjóma og kjötkraft í staðinn fyrir mjólk." Og verkaskiptingin er nokkuð ákveðin. „Ég er eiginlega með meginumsjónina eftir forskrift Fríðu, sé um að hræra, troða og sníða en eftirlæt þeim hinum saumaskapinn." Og það er oft glatt á hjalla þegar sláturgerðarhópurinn kemur saman. „Pólitíkin fær stundum að fljóta með í umræðunni en það fer eftir því hvað er að gerast hverju sinni. Annars ræðum við allt frá sögum af börnunum okkar og að handanheiminum."

Gestasaumarinn Stefán Jón Hafstein sýnir glaðbeittur handverk sitt. Kristín Árnadóttir, aðstoðarmaður Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, einbeitir sér að saumaskapnum.

brynhildurb@frettabladid.is

Madonna Ristorante
Réttir kvöldsins
Fordrykkur í boði hússins
M/ þriggja rétta seðlinum Canasta Cream

Forréttur	verð f/ einrétta	verð f/ þriggja rétta máltíð
Humarsúpa m/ rjómatoppi og hvítlauksbrauði	kr. 850	
Aðalréttir		
Smjörsteiktur skötuselur m/ hvítvínssósu , grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.950	kr. 3.890
Lambafillet m/ sherrybættri sveppasósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 2.980	kr. 3.890
Nautalundir m/chateaubriandsósu, grænmeti og bakaðri kartöflu	kr. 3.150	kr. 3.990
Eftirréttur		
Súkkulaðifrauð	kr. 690	

Tilboðin gilda öll kvöld
Borðapantanir í síma 562 1988
Veitingahúsið Madonna / Rauðarárstíg 27 / www.madonna.is

Friðgeir Ingi Eríksson yfirmatreiðslumeistari og Philippe Girardon meistarakokkur. HEIÐA

Meistarakokkar í meistarakeppni

Meistarakokkurinn Philippe Girardon og yfirmatreiðslumeistari hans, Friðgeir Ingi Eiríksson, standa fyrir frönskum sælkeradögum á Hótel Holti. Friðgeir Ingi verður næsti keppandi fyrir Íslands hönd í Bocuse d'Or matreiðslukeppninni.

Philippe Girardon er mörgum Íslendingum kunnur enda komið hingað til lands áður, matunnendum til gleði. Girardon er eigandi veitingastaðarins Domaine de Clairefontaine sem er einn vinsælasti staðurinn í Lyon. Veitingastaðurinn hefur hlotið Michelin gæðastjörnuna og er Friðgeir Ingi Eiríksson yfirmatreiðslumeistari staðarins og hefur starfað hjá Girardon frá árinu 2002.

Friðgeir mun keppa fyrir hönd Íslands í Bocuse d'Or 2007 matreiðslukeppninni sem er sú virtasta í heiminum. Girardon hefur þjálfað alla íslensku keppendurna í Bocuse d'Or keppninni og sér hann nú um að þjálfa Friðgeir. Girardon er bjartsýnn á keppnina og hefur mikla trú á Friðgeiri.

Friðgeir er byrjaður að undirbúa sig fyrir Bocuse d'Or og kemur til með að nota Bress kjúkling sem aðalhráefni í réttinum sínum. Kokkarnir eru að þróa sig áfram í átt að eina sanna réttnum sem mun verða eldaður í Bocuse d'Or og nýttu þeir tækifærið til að kynna fyrir íslenskum blaðamönnum hugmyndirnar sem þeir eru að vinna með. Kokkarnir báru fram kjúkling frá Reykjagarði með trufflubragði, eldaðan í grísamaga. „Við erum sífellt að þróa nýjar aðferðir við verkun, matreiðslu og úrbeiningu á kjúklingnum," segir Friðgeir. „Við prófum okkur áfram þangað til við dettum á eitthvað nýtt. Við viljum líka tengja réttinn við Ísland. Kjúklingalærin eru söltuð og reykt í anda íslenskrar matreiðslu og langelduð." Keppendur munu hafa rúma tvo tíma til að klára réttinn og aukastig eru gefin fyrir flókna framleiðslu, sem söltun og reykjun er, þar sem það ætti að taka mun lengri tíma.

Friðgeir og Girardon verða í eldhúsinu á Hótel Holti um helgina. Þar standa þeir fyrir frönskum sælkeradögum. Kokkarnir hafa sett saman sjö rétta matseðil sem er ótrúlega girnilegur og bæði fágaður og frumlegur.



Reykjagarðs kjúklingur með trufflum eldaður í svínsmaga. HEIÐA

uppskrift

Hani í víni

FRANSKUR RÉTTUR SEM SÖNGKONAN SIGNÝ SÆMUNDSDÓTTIR MÆLIR MEÐ Á HAUSTDÖGUM.

1 kg kjúklingur í bitum
2 msk. smjör
smá hveiti
3 dl soð (vatn og teningur)
1 msk. tómatsósa
50 g beikon
100 g sveppir
100 g laukur
salt
pipar
steinselja

Kryddlögur
1/2 flaska létt rauðvín
1 gulrót
1 laukur
1 lárviðarlauf
1 tsk. timjan
steinselja

Kjúklingabitarnir eru lagðir í kryddlöginn og látnir standa þar í nokkra klukkutíma. Síðan er löginn sigtaður frá og bitarnir þerraðir og steiktir. Sömuleiðis eru sveppirnir steiktir og laukurinn og beikonið. Öllu blandað saman og sett í eldfast mót með loki, það sett í ofn og rétturinn soðinn í 30-40 mínútur við 200 gráður. Áður en hann er borinn fram er steinseljan klippt yfir. „Þetta er herramannsmatur með brauði og hrásalati," segir Signý og bætir við að lokum. „Svo er maður búinn að opna rauðvínsflösku til að láta í löginn og það er sjálfsagt að deila henni í góðum félagsskap. Opna svo bara aðra þegar rétturinn er tilbúinn!

BARON DE LEY:
Góðar viðtökur vínrýna og vínþjóna

The International Wine and Spirit Competition í London útnefndi í byrjun þessa árs spænska vínhúsið Baron de Ley besta spænska vínframleiðandann síðastliðið ár. Hér á landi hefur vínið einnig hlotið góðar viðtökur vínrýna og vínþjóna. Um síðustu helgi var í fyrsta skipti veitt viðurkenningin „Gyllta glasið" sem Vínþjónasamtök Íslands veita. Innflytjendur tilnefndu vín í verðflokknum 1.200 til 1.500 kr. og sáu keppendur á Norðurlandamóti vínþjóna um að velja tíu bestu vínin. Eitt þeirra tíu vína sem hlutu „Gyllta glasið" var Baron De Ley Reserva.

Vínhúsið Baron De Ley var stofnað 1985 og hefur á þessum skamma tíma unnið sér inn orðstír sem nútímalegt vínfyrirtæki sem framleiðir gæðavín á góðu verði. Sagan hófst á því að eigendurnir keyptu Imaz-setrið, sem er við bakka árinnar Ebro, í byrjun árs 1980. Í kringum setrið var mikið af gömlum vínekrum og munkaklaustrið „Finca Monasterio" frá 16. öld sem er bæði notað undir höfuðstöðvar og vínkjallara fyrir Baron De Ley auk þess sem helsta vín fyrirtækisins er nefnt eftir því. Eigendurnir plöntuðu um 90 hekturum af vínvið þar sem meirihlutinn var þrúgan tempranillo. Að auki var plantað um 20 hekturum af cabernet sauvignon-þrúgunni sem er leyfilegt að gera samkvæmt spænskum lögum í tilraunaskyni en mjög strangar reglur gilda um hvaða þrúgur eru notaðar í vín frá Rioja þar sem tempranillo er ríkjandi. Mikið gæðaeftirlit er með vínuppskerunni og eru allar þrúgur handtíndar til þess að auka á gæðin. Vínið er svo sett yfir á eikartunnur þar sem amerísk eik er notuð í meirihluta en í bland við franska eik.

Baron De Ley Reserva er frábært matarvín sem á vel við flest rautt kjöt og grillmat. Það hefur notið sívaxandi vinsælda hér á landi og fæst nú í öllum helstu vínbúðum.
Verð í Vínbúðum 1.490 kr.

Hollt

Fjallagrasamjólk

FJALLAGRÖS ERU HOLL OG GÓÐ.

Á haustin er sniðugt að fara og tína fjallagrös. Fjallagrös eru holl og góð og þau má nota á ýmsan hátt. Það er tilvalið að sjóða fjallagrasamjólk úr fjallagrösum en uppskrift að henni er að finna í bókinni Matur og drykkur eftir Helgu Sigurðardóttur.

25 g fjallagrös (1 hnefi)
1 1/2 l mjólk
1 tsk. salt
1 msk. púðursykur

Grösin eru þvegin vel úr köldu vatni og hreinsuð. Þegar mjólkin sýður eru grösin látin út í. Soðið í fimm mínútur og saltað eftir smekk. Það bætir mjólkina að láta ofurlítið af sykri í hana. Einnig má sjóða mjólkina í tvær klukkustundir. Verður hún þá íþykk, límkennd og svolítill sætukeimur af henni. Lystugt er að borða súran blóðmör með mjólkinni.



allt tilboð o.fl.

80% Nettó býður topptilboðið þessa viku. Það eru lausfrystir kjúklingavængir frá Ísfugli sem lækka úr 486 krónum í 99 krónur kílóið.

BOSSAVERMIR

Er kalt í bílnum?

Sætisáklæði í bílinn með hita

Aðeins 4.900 kr

AG MOTOR SPORT

Fæst einnig hjá Bónstöðinni, Njarðarnesi 1, Akureyri

Kletthals 9 • s: 587 5547 • *www.ag-car.is/motorsport*

BÓNUS

Tilboðin gilda til 30. október

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Frosið hrefnukjöt 199	499	199	60	
K.s frosið lambasúpukjöt 1. fl.	395	499	395	20
K.f lambasaltkjöt blandað 279	369	279	25	
Bónus lambalæri kryddað	899	1.199	899	25
Harðfiskur ýsa roð/beinlaus 400 g	1.599	1.799	1.599	10
Bónus ferskur trönuberjasafi	259	Nýtt	259	
K.f hrásalat 350 g	98	159	98	40
K.f kartöflusalat 350 g	98	159	280	
E.s rúgbrauð 500 g	59	Nýtt	118	
E.s kartöflusnakk 200 g	98	Nýtt	98	490
E.s uppþvottalögur 1 l	79	Nýtt	79	
E.s hreingerningarlögur 1 l	79	Nýtt	79	

KRÓNAN

Tilboðin gilda til 1. nóvember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Gourmet ofnsteik m/rauðvínsblæ	1.154	1.648	1.154	30
Bautabúrs grillborgarar 4 stk.	390	549	98	30
Goða kindakæfa 240 g	198	305	825	35
SS saltkjöt blandað	499	848	499	40
Sorella pizzur skinka/pepperoni 250 g	99	199	396	50
Rauð vínber	199	249	199	20
Konfekt epli í poka 1.36 k	129	189	95	30
Pepsi/Pepsi max 4x2 l plús bolti	8 l	599	Nýtt	75
Kexsmiðjan kanilsnúðar 400 g	199	269	498	25
Kassel ryksuga 1400 w	3.490	4.300	3.490	20

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Tilboðin gilda til 30. október

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lambalæri nýtt, úr kjötborði	998	1.398	998	30
Lambahryggur nýtt, úr kjötborði	1.098	1.498	1.098	25
Nautafille úr kjötborði	1.987	2.649	1.987	25
Birkireyktur hangiframpartur úrbeinaður	1.217	1.738	1.217	30
Fyrirtakspizzur 400 g	399	549	399	25
Holta læri fersk	359	599	359	40
Holta leggir ferskir	359	599	359	40
Pekingendur 1/1	999	1.499	999	35

Þín verslun

Tilboðin gilda til 2. nóvember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Borgarnes Londonlamb 1.166	1.458	1.166	20	
Búrfells nautahakk	878	1.098	878	20
Eðalgrís gúllas	1.014	1.268	1.014	20
Casa Fiesta 20% afsláttur				
Tilda Basmati hrísgrjón	298	357	298	15
Filippo Berio ólífuolía 500 ml	329	398	658	15
Hunt´s spaghetti sósur 737 g	159	246	206	35
Chigago Town örbylgjupizzur 2 stk.	349	422	174	15
Milka súkkulaði 100 g	99	129	990	25

NÓATÚN

Tilboðin gilda til 2. nóvember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Lamba framhryggsneiðar	1.098	1.498	1.098	25
Grísalundir	1.890	2.429	1.890	20
Nóatúns ungnautahakk prepack	1.038	1.298	1.038	20
Grísabógur reyktur	398	699	398	45
Dalhoff swiss roll 4tegundir 300 g	149	199	497	25
Sprittkerti 100 stk í poka	499	698	5	30
Persil þvottaefni 5,4 kg	799	1.298	148	40
Kiwi	129	199	129	35

KASKÓ

Tilboðin gilda til 30. október

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Kalkúnn 1.fl.	599	739	599	20
Kryddaður lambahryggur	1.198	1.498	1.198	20
Gourm ungnautahakk	956	1.365	956	30
Ísfugl lausfrystir vængir	99	486	99	80
Appelsínur	59	95	59	38
Melónur gular	69	95	69	25
Borg.Jalapeno pylsur	524	1.047	524	50
Ítölsk ofnsteik	1.236	1.648	1.236	25
MOM Lucky Charms 595 g	199	299	199	35

nettó

Tilboðin gilda til 30. október

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Kryddaður lambahryggur	1.198	1.498	1.198	20
Ísfugl lausfrystir vængir	99	486	99	80
Kalkúnn 1.fl.	599	739	599	20
Pekingönd	999	1.299	999	25
Tilapia flök 600 g	479	799	479	40
Panga flök 600 g	479	799	479	40
Melónur gular	69	95	69	25
Pepsi 2 l	99	147	99	35
Hytop Marshmallows 283 g	59	99	59	40
Mr.Noodle Chicken 85 g	9	19	9	55

SPAR **Þín verslun**

Tilboðin gilda til 2. nóvember

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Grillaður kjúklingur franskar og 2 l Coca Cola	998	1.196	998	15
SS Londonlamb	1.166	1.458	1.166	20
Nautahakk PK	878	1.098	878	20
Eðalgrísagúllas	1.014	1.268	1.014	20
Ísfugl feskur kjúklíngur, heill	398	669	398	40
Casa Fiesta vörur, allar tegundir 20 % afsláttur				

FJARÐARKAUP

Fjarðarkaup
Tilboðin gilda til 29. október.

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	Lækkun í %
Nautahakk 1 flokkur 8-12 fita	798	998	798	20
Matfugl steiktur kjúklingur	589	789	589	25
Gæða gris bayonneskinka	979	1.398	979	30
Svínahamborgarhryggur úr kjötborði	998	1.398	998	30
Ali reyktar svínakótilettur	1.049	1.498	1.049	30
Ora tómatsósa 1020 g	129	159	126	20

Bison á Íslandi sex ára

Afmælistilboð á nánast öllum vörum fram á sunnudag.

Bison á Íslandi er sex ára um þessar mundir og af því tilefni er 20% afsláttur af nánast öllum vörum í versluninni í Kringlunni fram á sunnudag. Bison er danskt gæðamerki og á tilboði eru yfirhafnir bæði á dömur og herra, einkum þó mikið af úlpum. Þá nær tilboðið til herrafatnaðar, peysa og nánast alls fatnaðar í versluninni nema kjóla. Bisonfötin eru fyrir fólk á öllum aldri, ekki síst þá sem eru komnir yfir miðjan aldur.

Í Bison er tilboð bæði á dömu- og herrafatnaði.

Tveir fyrir einn

Davíð og Bjarni Hedtoft Reynissynir veita áhorfendum danska ríkissjónvarpsins sparnaðarráð í þætti sem heitir Rabatten, eða Afslátturinn. Bræðurnir gera skemmtilegar tilraunir á neytendamálum til að hjálpa Dönum að spara aurinn.

„Við ákváðum að sækja um starf sem þáttastjórnendur og okkur fannst sniðugt að vera tveir, tveir fyrir einn," segir Davíð. „Við komum fram í þætti sem heitir Rabatten. Þetta er neytendatengdur þáttur og við gefum áhorfandanum ráð um hvernig á að spara peninga og hvernig er hægt að lifa ódýrt. Finnum ódýrari lausnir," segir Davíð og bætir við að þeir bræður reyni að hafa innslögin sín létt og skemmtileg en engu að síður lærdómsrík.

„Það sem ég og brósi gerum eru vikuleg test á einhverjum ákveðnum hlut," segir Davíð. „Í Danmörku getur þú til dæmis farið í klippingu hjá Mujafama Alibaba fyrir hundrað krónur danskar eða þá farið á Klipp and Cut Fashion eitthvað og látið klippa þig fyrir 500 krónur danskar, Við fórum hvor á sinn staðinn í klippingu og fórum svo út á götu og spurðum fólk hvort það væri einhver sjáanlegur munur á klippingunum. Niðurstaðan var að munurinn var lítill sem enginn og þá getur maður alveg eins borgað hundrað kall fyrir klippinguna," segir Davíð spakur.

Bræðurnir eru búnir að vinna að minnsta kosti tíu slík innslög og hafa stiklað á stóru í neytendamálum. Eitt skiptið tóku þeir lest til Kaupmannahafnar. Bjarni ferðaðist á fyrsta klassa og Davíð var fleygt á almennt farrými. „Bjarni átti að fá endalaust kaffi og ávexti innifalið í sínum miða en ég var bara með mitt eigið kaffi og keypti mér epli," segir Davíð og hlær. „Við fengum nákvæmlega sömu ferðina og því var niðurstaðan að hægt hefði verið að spara sér auka peninginn fyrir fyrsta klassann."

Bræðurnir tóku sig einnig til og gerðu hávísindalega könnun á neysluvatni. „Þú getur keypt venjulegt vatn á flösku úti í búð en þú getur alveg eins tekið vatn heiman frá þér og það kostar ekki neitt. Við fórum á íshokkívöll og létum íshokkíspilarana fá sér vatn úr tveimur glösum, annars vegar keypt vatn og hinsvegar kranavatn. Og það var enginn munur á því. Þá varð niðurstaðan sú að þú getur alveg eins tekið vatnið með að heiman frá þér eins og að kaupa það."

Davíð segist opinn fyrir því að gera eitthvað þessu líkt hérna heima. Hann segist sannfærður um að þörf sé á því. „Íslendingar eru gríðarleg neytendaþjóð," hrópaði Davíð gegnum símann frá Danmörku. „Við erum svo neytendaþjáð að það hálfa væri nóg," segir Davíð og hlær. „ Mitt ráð til Íslendinga væri kannski að hugsa sig betur um áður en maður hendist út í að kaupa eitthvað. Það eru kannski til ódýrari lausnir. Íslendingar hreinlega tæma verslanirnar af til dæmis flatskjáum án þess að vita nokkuð um þá. Svo er skjárinn kannski rosalega lélegur þegar hann er kominn inn í stofu til þín. Danir spá rosalega lengi áður en þeir fjárfesta í risasjónvarpi því fyrir þeim er 200.000 þúsund krónur svakalegur peningur. Danir kaupa yfirleitt allt á tilboðum," segir Davíð hlæjandi. „En þeir kaupa ekki lélega vöru bara af því hún er á tilboði. Danir eru rosalega sparsamir og eyða ekki krónu nema að hafa spáð í það lengi og haldið reglulega fundi um það vikum saman," segir Davíð og kímir. „Íslendingar mættu kannski taka það sér til fyrirmyndar. Íhuga áður en kaupin eru gerð."

Rabatten er dagskrá hjá DR2 á mánudagsmorgnum klukkan 9 og á föstudögum klukkan 12.

Bræðurnir Bjarni og Davíð gefa Dönum sparnaðarráð í danska sjónvarpinu.



TILBOÐSDAGAR 10-30% AFSLÁTTUR

NÝ KYNSLÓÐ
FRÁ STEARNS & FOSTER

Bandarísku hágæðarúmin frá Stearns & Foster eru heimsþekkt á meðal vandlátra kaupenda fyrir gæði og glæsileika. Rúmin eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi. Bandarísku neytendasamtökin hafa í mörg ár útnefnt rúmin frá Stearns & Foster sem „bestu kaupin".

Yves Delorme®
PARIS

Frá einu virtasta tískuhúsi Frakklands: Rúmteppi, sængurverasett, lök, handklæði, frottésloppar, ilmsápur, ilmkerti, ilmvatn o.fl.

rúmco

Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18. Laugardaga 11-14.

Tilboðsdagar í Tösku og hanskabúðinni

Tilboðsdagar standa til fjögur á morgun.

Nú standa yfir tilboðsdagar hjá Tösku og hanskabúðinni á Skólavörðustíg. Búðin er stærsta töskuverslun landsins og er úrvalið alltaf jafn mikið. Þetta er hið árlega hausttilboð Tösku og hanskabúðarinnar og lýkur tilboðsdögunum á morgun, laugardag. Búðin er opin til fjögur á laugardaginn og veittur er tuttugu prósenta afsláttur af öllum vörum.

Tækjaútsala

Radíóbær býður allt að 90 prósenta afslátt af völdum vörum á meðan birgðir endast.

Nú er hafin útsala í Radíóbæ af völdum vörum. 30-90 prósenta afsláttur er af sýningareintökum og eldri gerðum tækja. Má þar nefna sjónvörp, hljómtæki, ryksugur, samlokugrill, ferðageislaspilara og margt fleira. Útsalan stendur yfir á meðan birgðir endast.

IL TUCANO

lífstílsverslun
í miðbænum

Sérverslun
með húsgögn
og gjafavöru

Tryggvagata 11, 101 Reykjavík

Sími: 534 6100

STRÍÐIÐ ER HAFIÐ

Ný kynslóð leikjatölva SJÁ BLS. 4

HVAR OG HVENÆR SEM ER

Tölvupósturinn í Blackberry SJÁ BLS. 8

[SÉRBLAÐ UM NÝJUSTU TÆKNI – FÖSTUDAGUR 28. OKTÓBER 2005]

tækniblaðið

EFNISYFIRLIT

Slefandi aðdáendur
Nýjungar frá Apple BLS. 2

Setur á pásu
Ragnar Santos BLS. 4

Stafrænt ferðaútvarp
Tivoli Audio BLS. 8

Hljómtæki fyrir iPod
i-deck BLS. 10

Linsan með hristivörn
Stafræn myndavél frá Kodak BLS. 11

Vökvakristals- og rafgasskjáir
Hvað er það? BLS. 12

Tekur karatespörk og ropar Nýjasta leikfangið BLS. 14

VASA BÍÓ

MP3 SPILARI

ARCHOS™

GMINI XS100

Kr. 23.995

- MP3-spilari með innbyggðan 3 GB harðan disk
- Geymir allt að 1.500 lög
- Tengjanlegur við PC og Mac með USB2.0 tengi.
- Gráskala skjár 128x128 pixlar.
- Rafhljöður endast allt að 14 tíma.
- Stærð 9,1 x 4,3 x1,4 cm.

40GB Kr. 64.995
100GB Kr. 94.995

- Mögulegt að taka upp sjónvarpsefni beint úr sjónvarpi, af mynbandi eða DVD. Geymir 160 - 400 klst. af myndefni eða 100 - 250 kvikmyndir.
- Innbyggður 7" LCD litaskjár
- Tekur við ljósmyndum úr stafrænum myndavélum og spilar á sjónvarpsskjá.
- Hægt að tengja beint við sjónvarpið. DVD gæða afspilun.
- Tengjanlegur við PC og Mac með USB 2.0 tengi.

Fæst einnig í Fríhöfninni
FRÍHÖFNIN

Hátækni

Ármúla 26 - 108 Reykjavik - Opið virka daga 9-18, laugardaga 11-15 - www.hataekni.is

Nýr iMac sem er þynnri en fyrirrennari sinn.

Aðdáendur Apple eru slefandi

Láttu þér ekki nægja að hlusta bara á tónlist í iPod spilaranum þínum, horfðu einnig á tónleika.

Steve Jobs hjá Apple getur greinilega alltaf komið manni á óvart með skemmtilegum hugmyndum og dásamlegri hönnun. Í nýrri línu frá Apple er nefnilega margt sem aðdáendur Apple geta slefað yfir. Þar á meðal eru nýir iPod spilarar og borðtölvur sem og ný lína af PowerBook fartölvum.

Apple hefur kynnt nýja iPod Nano spilara sem eru til í bæði 4GB og 2GB útfærslum. Þessir spilarar eru mjög þunnir, nettir og léttir og geta geymt og sýnt ljósmyndir. Toppurinn í iPod útgáfu Apple þetta árið er þó líklega nýr iPod, en núna fæst hann í 30 GB og 60 GB útfærslum. En hann spilar ekki bara tónlist heldur er hægt að horfa á kvikmyndir, tónleika, ljósmyndir eða hvaðeina á skjánum. Skjárinn á nýjum ipod er stærri en á þeim eldri, rafhlöðuending er heilir 20 tímar og svo fæst hann líka í svörtu.

Nýr iMac G5 er ný skemmtileg borðtölva sem hefur upp á miklu meira að bjóða en flotta hönnun. Með henni fylgir fjarstýring ef notandinn vill hlusta á tónlist eða spila kvikmyndir úr sófanum heima og er þá einnig hægt að tengja vélina við sjónvarp eða stofugræjurnar. Apple hefur líka sett á markað nýja ofurtölvu eða PowerMac með nýjum G5 örgjörva. Powerbook fartölvurnar nýju koma í nokkrum mismunandi útfærslum, með 12, 15 eða 17 tommu skjá, en allar örþunnar og meistarar í léttvigt.

Steve Jobs heldur á nýjum iPod sem spilar vídeó.

Tablet PC hentar vel ef notandinn er mikið með skjásýningar eða slíkt, til dæmis við kennslu, segir Hákon Davíð Halldórsson.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Hægt að teikna beint á skjáinn

Tablet PC fartölva er nýjung frá Hewlett-Packard sem hefur hlotið mjög góðar viðtökur.

Hákon Davíð Halldórsson í markaðsdeild Opinna kerfa sér um kynningar á Tablet-tölvunum og á eina slíka sjálfur.

„Tablet fartölva er fartölva sem nýtist þér í raun á alveg sama hátt og aðrar fartölvur, hefur sömu tengi, lyklaborð, mús og allt sem maður getur vænst af góðri fartölvu. Nema hvað að á Tablet fartölvu eru aðrir notkunarmöguleikar, sem felast í því að hægt er að leggja skjáinn niður og skrifa á hann með sérstökum penna sem fylgir með vélinni, og er þá í raun eins og þú sért með glósubók," segir Magnús en hann er greinilega ástfanginn af vélinni og segir hana auðvelda mikið sín daglegu störf.



Hægt er að snúa skjánum og skrifa beint á hann.

Tablet PC hentar vel ef notandinn er mikið með skjásýningar eða slíkt, til dæmis við kennslu, en með Tablet fartölvu er hægt að halda á og ganga um með vélina, skrifa inn á skjáinn, leggja áherslu á hitt og þetta með pennanum, flakka auðveldlega milli forrita og með þráðlausri tengingu við skjávarpa er notandinn algerlega laus við allar tengingar. Með vélinni fylgir rafhlaða með endingu í allt að 5 tíma en með aukarafhlöðu er hæglega hægt að fá 10 tíma endingu á rafhlöðu.

„Þessi kostur nýtist vel ef maður er í stöðugum samskiptum við fólk utan vinnustaðar en í stað þess að vera sífellt að skoða gögn og gera athugasemdir undir eða til hliðar við skjölin þá er hægt að skrifa þær beint á skjölin og senda þau frá sér á þann máta."

Með vélinni er notuð sérstök Tablet útfærsla af Windows XP og því er mikill stuðningur við vélina frá stýrikerfinu. Með pennanum sem fylgir vélinni er hægt að notast við öll algengustu vinnsluforritin s.s. Office forritin og One Note, sem er einnig með sérstakan stuðning við vélina.

Tablet PC vélin sem er til sölu hjá Opnum kerfum er HP Compaq tc4200, og kostar frá 249.900 kr.

Nýir tölvuleikir:

Betra þjálfunarkerfi og öflugri fjölmiðlar

FOOTBALL MANAGER 2006

Það eru ófáir sem fagna komu nýjasta Football Manager leiksins enda sumir sem bíða eftir honum allt árið um kring. Í leiknum í ár eru meira en 270.000 leikmenn, þjálfarar og knattspyrnustjórar. Menn geta nú valið um að stýra meira en 5.000 liðum sem spila í deildum 50 landa og hafa bæst við þrjú lönd þar sem leikurinn hefur fullt leyfi fyrir, en það eru Suður-Kórea, Tyrkland og Skotland. Í leiknum eru meira en 4.000 ljósmyndir af leikmönnum og meira en 600 búningar sem líta út eins og þeir gera í raunveruleikanum. Helstu nýjungarnar eru betra þjálfunarkerfi, öflugri fjölmiðlar, meiri valmöguleikar og finstilltari spilun. Svo er spurningin hvernig nýi Championship Manager leikurinn verður?

Manager leikir hafa oft verið taldir mestu dellu leikir sem komið hafa út.

Frábær tónlist

SSX ON TOUR

Hér er á ferðinni fjórði leikurinn í þessari vinsælu snjóbretta- og skíðaleikjaseríu. Meiri grafík hefur verið bætt við í leiknum. fjölda brauta, aukinn möguleiki til að sérsmíða persónur, ný monster-trick og fjölspilunarmöguleikar. Sérstaklega hefur verið lagt mikið í tónlistina og hljóðið fyrir leikinn til þess að auka upplifun þeirra sem spila leikinn. Meðal frægra tónlistarmanna sem eiga lög í leiknum eru Bloc Party, Maximo Park, Blackalicious, Death From Above 1979, The Faint og Jurassic 5.

Margir möguleikar til að búa til sínar eigin persónur eru í nýja SSX On Tour.

Glæsileg ný lína af flötum Philips sjónvarpstækjum

Philips Flat sjónvarp með Ambilight
Það verður ekki aftur snúið. Þú munt aldrei vilja slökkva á Ambilight tækninni, þeirri fyrstu og einu í heiminum. Myndir og litir fá aukna vídd – ólíkt öllu sem þú hefur séð. Flöt sjónvörp með Ambilight frá Philips – næsta skref í framþróun sjónvarpstækninnar.

PIXEL PLUS 2 HD

PHILIPS
sense and simplicity

ambi light 2

Heimilistæki
www.ht.is

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT

Ný kynslóð leikjatölva

Brátt mun nýtt leikjatölvustríð hefjast. Þá munu koma á markaðinn nýjar leikjatölvur frá risunum þremur. Microsoft sendir frá sér Xbox 360, Sony kemur með Playstation 3 og loks mun Nintendo færa okkur Nintendo Revolution.

Xbox 360
Microsoft hefur orðið svolítið undir í baráttunni við Sony á undanförnum árum eins og Nintendo. Þeir hafa því lagt mikla vinnu og ekki síst markaðssetningu í tölvuna. Tölvan er af annarri kynslóð leikjatölva. Hún verður 3,2 GHz og mun koma með 20 GB útskiptanlegum hörðum disk auk þess að vera með 512 MB vinnsluminni. Tölvan verður byggð fullkomnu skjákorti og fjölrása hljóðkerfi. USB-tengi verða á tölvunni sem gefur möguleika á tengingu við stafrænar myndavélar. Hægt verður að tengja leikjatölvuna við aðrar venjulegar tölvur auk þess sem hægt verður að tengjast við netið þar sem hægt verður að sækja aukinn hugbúnað og fleira. Tölvan mun koma á almennan markað mjög fljótlega.

PS3
Playstation-vélarnar frá Sony hafa haft gríðarlega yfirburði á leikjatölvumarkaðnum á undanförnum árum. Engin leikjatölva hefur selst eins vel og Playstation 2 og yfirmenn Sony vona að nýja tölvan nái svipuðum árangri. Sony-menn segjast hefa smíðað fullkomnasta grafíkforrit sem nokkurn tímann hefur komið á markað. Tölvan verður með Bluetooth þannig að hægt verður að nota allt 7 þráðlausar fjarstýringar auk þess sem hægt verður að nota Psp-handleikjatölvuna við nýju Playstation-vélina. Hægt verður að tengjast við netið og fara á videóspjallrásir. Hægt verður að tengja ýmis minniskort við tölvuna og einnig verður hægt að tengja harðan disk við tölvuna. Tölvan mun styðja hið nýja form DVD diska, svokallaðan Blue-Ray disk og að sjalfsögðu mun tölvan geta spilað allar eldri gerðir Playstation-leikja. Búist er við því að tölvan komi á markað næsta vor.

Nintendo Revolution
Nintendo hefur lifað á fornri frægð á undanförnum árum. Gamecube leikjatölvan hitti ekki eins vel í mark og menn höfðu vonað en nú ætla menn að snúa við þessari þróun. Það sem er byltingarkennt við þessa vél er stýripinninn sem við fyrstu skoðun lítur út eins og fjarstýring. Þessi stýripinni mun gefa notendanum nýja vídd í þrívíddar tölvuleikjum. Stýripinninn verður byggður leysitækni þannig að tölvan nemur hreyfingar hans. Þannig verður hægt að fara í veiðileik þar sem þú þarft að kasta út sjálfur, þitt hokkí þar sem þú þarft sjálfur að hreyfa stýripinnann til að stjórna vörn og sókn og fleira í þessum dúr. Ekki verða allir leikir á þessu formi því auk þeirra verður hægt að fara í venjulega stýripinna leiki. Hægt verður að tengjast við netið í gegnum tölvuna og þar verður hægt að sækja klassíska Nintendo leiki. Ekki er enn komin dagsetning á útgáfu tölvunnar en það verður einhvern tímann á næsta ári.

Setur bara á pásu meðan hann talar í símann

Ragnar Santos er annálaður tækjaáhugamaður og reynir iðulega að vera með puttann á púlsinum í þeim málum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Uppáhaldstækið hans Ragnars er DVD-diskur með hörðum disk. „Hann tekur upp efni af sjónvarpinu. Ég horfi rosalega mikið á fréttir, þannig að ég get tekið upp fréttir og svona. Ég get reyndar tekið upp hvað sem er. Diskurinn er alltaf á upptöku og þegar ég er að horfa á sjónvarpið og einhver hringir eða truflar mig, þá ýti ég bara á pásu. Síðan kem ég bara aftur og held áfram þar sem frá var horfið.“ Ragnar segir að þessi tækni sé að ryðja sér til rúms bæði í Bretlandi og Bandaríkjunum og eru ýmsar sjónvarpsstöðvar byrjaðar að senda út á þannig formi að hægt sé að panta og taka upp þætti eftir þörfum. „Þetta er líka mjög þægilegt fyrir mig sem á einn tveggja ára strák sem þarf að sinna á kvöldin. Því þegar hann er sofnaður þá getur maður bara spólað til baka í dagskránni og horft á það sem manni lystir.“ segir Ragnar að lokum um þetta undratæki.

Hvað er UMD?

ENN EIN SKAMMSTÖFUNIN Í TÆKNIHEIMINUM.

UMD stendur fyrir Universal Media Disc. UMD hóf innreið sína með Playstation Portable. En eins og allir glöggir tölvuunnendur vita er hægt að horfa á kvikmyndir á PSP leikjatölvum. Margir í kvikmyndageiranum vestanhafs voru efins um markaðinn fyrir kvikmyndaspilara í vasaformi, en annað kom fljótlega í ljós, þar sem Sony og Disney seldu 100.000 eintök af tveim UMD útgáfum á einungis tveim mánuðum. Nú er markaðurinn fyrir myndir af þessu tagi orðinn mjög stór og líklegast verða gefnar út 250 myndir á UMD formi fyrir árslok. En ekki er bara hægt að fá kvikmyndir heldur einnig tónleikaupptökur og sjónvarpsþætti. Svo virðist sem UMD-myndir hafi heldur betur slegið í gegn, þó svo að verðið á myndunum sé frekar hátt og í raun mun hærra en verð á DVD-myndum. Algengt verð fyrir UMD-mynd í Bandaríkjunum er ca. 20 dalir.



HP Compaq tc4200 Tablet fartölva

– fjölhæf og öflug fartölva sem aðlagar sig að þínu vinnuumhverfi

- Intel Pentium M 750 1.86GHz örgjörvi
- 12.1" XGA skjár með víðu áhorfshorni og digitizer
- 512MB minni (stækkanlegt í 2048MB)
- 60GB útskiptanlegur harður diskur
- Windows XP Tablet PC Edition 2005 stýrikerfi

Opin kerfi ehf. er eini viðurkenndi innflutnings-, sölu-, og þjónustuaðili á tölvubúnaði frá HP á Íslandi og er í nánu samstarfi við sölu- og þjónustuaðila um land allt.
Verslaðu aðeins hjá viðurkenndum HP söluaðila:

www.fartolvur.is

HP Búðin	Reykjavík	sími: 568 5400	Samhæfni	Reykjanesbær	sími: 421 7755
Office1	Reykjavík	sími: 550 4100	Stefna	Akureyri	sími: 464 2288
Office1	Kópavogur	sími: 550 4140	Netheimar	Ísafirði	sími: 456 5006
Office1	Akureyri	sími: 550 4150	NetX	Egilsstaðir	sími: 471 2011
Office1	Egilsstaðir	sími: 550 4160	NetX	Reyðarfirði	sími: 474 1511
Tölvuþjónustan	Akranes	sími: 575 9200	TRS	Selfoss	sími: 480 3300

20 ÁR Á ÍSLANDI
+++1985-2005+++
OPIN KERFI
www.ok.is

Hönnun Bang & Olufsen á sjónvarpstækjum er engu lík og hægt að horfa á tækið án þess að kveikja á því.

Sameining hátækni og fegurðar

Einstök hönnun Bang & Olufsen.

Danirnir Peter Bang og Svend Olufsen voru danskir verkfræðingar á fyrri hluta síðustu aldar sem höfðu brennandi áhuga á útvarpi. Þeir þróuðu fyrsta útvarpstæki sitt árið 1925 uppi á háalofti hjá Olufsen-fjölskyldunni og var fyrirtækið Bang & Olufsen stofnað í nóvember það sama ár. Þeir félagar þóttu fara óhefðbundnar leiðir í framleiðslu sinni þar sem þeir létu útlit hlutanna sig varða en almenna viðhorfið var að öllu skipti að tækin virkuðu en ekki hvernig þau litu út.

Bang & Olufsen hefur alltaf verið þekkt fyrir góða hönnun en það er trú fyrirtækisins að hönnun sé einskis nýt nema að hún sameini form og virkni og þess vegna er allt sem Bang & Olufsen framleiða ekki bara einstaklega fallegt heldur virkar það vel og er einfalt í notkun. Gífurlegar rannsóknir liggja að baki hverri vöru en hátalarakerfið er til að mynda prófað í sérstökum hljóðherbergjum í verksmiðju Bang & Olufsen í Struer í Danmörku, en þetta er ein háþróasta verksmiðja heims auk þess sem hún er öll umhverfisvæn og má meðal annars geta þess að kindur eru notaðar til að bíta grasið í stað þess að nota sláttuvélra sem menga umhverfið.

Vörur Bang & Olufsen eru svokallaðar lífsstílsvörur. Þær eru markaðssettar fyrir menntað fólk í millistétt og efri stétt sem hefur góða afkomu, er menningarsinnað í áhugamálum, sjálfstætt og drífandi. Bang & Olufsen segja gjarnan að Mercedes Benz sé þeirra helsti keppinautur, sem segir nokkuð til um hvernig viðskiptavinum fyrirtækið sækist eftir. Hönnun fyrirtækisins höfðar bæði til karla og kvenna en hún er blanda af nýjustu tækni og einstakri og nútímalegri hönnun.

MP3-spilari frá Bang & Olufsen.

Hljómflutningstækin eru sérstaklega stílhrein.

deildu minningunum

Kodak EasyShare P850

- Upplausn: *5,1 MP*
- Í pixlum: *2608 x 1952*
- Útprentun, Kodak gæði: *50 x 75 cm*
- ISO stillingar: *50 - 800*
- Linsa: *12X (36-432 mm)*
- Optískur aðdráttur: *12X (36-432 mm)*
- Stafrænn aðdráttur: *3,3X*
- Ljósop: *f/2,8-8 (wide), f/3,7-8 (tele)*
- Lokunarhraði: *1/2-1/1000 & 16-1/1000 sek*
- Fókus: *Auto, multi-zone, center-spot og 25 punktar*
- Stillingar á innb. flassi: *auto, on, off og rauð augu*
- Stillingar við myndatöku: *24*
- Sjálfvirk myndataka: *2 eða 10 sek bið*
- Myndformat, þjöppun: *JPEG/EXIF v 2,21 RAW, TIFF*
- Videogæði, lengd skv minniskorti:
  Quicktime JPEG/PCM
  VGA 640x480 pixlar á 30 fps
  QVGA 320x240 pixlar á 30 fps
- Viewfinder: *Já*
- Skjár: *2,5" / 6,4 cm*
- Festing fyrir þrífót: *Já*
- Innra minni: *32 MB*
- Gerð minniskorts: *SD/MMC*
- Rafhlöðugerð: *Lithium-Ion hleðsl. 1800 mAh*
- Hleðslutæki fylgir: *Já*
- Tengingar: *USB 2,0 / Video (A/V)*
- Myndvinnsla í vél: *Klipping, stækkun o.fl.*
- Stærð: *(b)108 x (h)84 x (d)72 mm* / Þyngd: *403g*
- **Verð: 49.900 kr**

HANS PETERSEN

ORMSSON

Skrifstofu- og hljómtækjadeild Ormsson
er flutt í **Síðumúla 9**

SÍÐUMÚLI 9
SÍMI 530 2800

SMÁRALIND
SÍMI 530 2900

Fangaðu augnablikið!

OLYMPUS®

YOUR VISION, OUR FUTURE

FE-120

6.0 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3 stillinga
- 1.8" Skjár (upplausn 85.000 punktar)
- Quicktime videotaka án hljóðs
- Innbyggt 14mb minni
- USB snúra, AA rafhlöður, Camedia Master 1,0 forrit
- Þyngd 140g

Kr. 19.900

MJU 600 all weather

6,0 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (35-105mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 23 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3 stillinga
- 2.5" LCD skjár með BirghtCapture
- Quicktime videotaka með hljóði
- 8 mb innbyggt minni
- Notar Lithium rafhlöðu
- Þyngd 128g

Kr. 25.900
Íslenskur leiðarvísir

MJU 800 all weather

8.0 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 19 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3ja stillinga
- 2.5" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar XD minniskort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 181.5g

Kr. 34.900
Íslenskur leiðarvísir

Besta hönnunin 2005

MJU MINI S all weather

5.0 milljón punktar

- 2 x Optical aðdráttur (35-70mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 13 prógram stillinga
- Innbyggt flass
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar XD minniskort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 115g

Kr. 26.900
Tilboð kr. 19.900

CAMEDIA C-760

3.2 milljón punktar

- 10 x Optical aðdráttur
- 1.5" skjár
- Quicktime videotaka með hljóði
- 16 MB XD minniskort
- Möguleiki á aukalinsu
- Hleðslutæki
- Þyngd 280g

Tilboð kr. 19.900

CAMEDIA C-315

5.1 milljón punktar

- 2,8 x Optical aðdráttur (38-106mm)
- 3,5 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/3.0-5.0
- Val á milli 6 prógram stillinga
- Innbyggt flass. Val á milli 3ja stillinga
- 1,8" skjár (upplausn 85.000 punktar)
- Quiktime videotaka án hljóðs
- 16 mb XD minniskort, USB snúra, AVsnúra, A4 rafhlöður og Camedia Master 1,0 forrit fylgir með
- Þyngd 150g

Kr. 19.900

Þú segir okkur hvaða kröfur þú gerir
varðandi verð og gæði - við uppfyllum þær!

OLYMPUS
3ja ára ábyrgð
ORMSSON

CAMEDIA C-70

7.0 milljón punktar

- 5 x Optical aðdráttur (38-190mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 5 prógram og 3 manual stillinga
- Innbyggt flass
- 2.0" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar XD minniskort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 220g

Kr. 44.900

Nikon

COOLPIX 5600

5.1 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (35-135mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga og D-ligting
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöður. Tekur allt að 220 myndir á eitt sett af Alkaline rafhlöðu
- Þyngd 130g

Kr. 29.900

Besta stafræna smávélin 2005

COOLPIX 7900

7.1 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 16 program stillinga, D-ligting og Face-priority AF
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2.0" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
- Quicktime videotaka með hljóði og hristivörn á aðdrætti
- Hægt að nota sem diktafon
- Þyngd 150g

Kr. 48.900

COOLPIX P1

8.0 milljón punktar

- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/ 2,7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbyggt 32 mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/180 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170 g

Kr. 49.900

COOLPIX P2

5.0 milljón punktar

- Þráðlaus yfirfærsla á tölvu og prentara
- 3 x aðdráttalinsa (36-126mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/ 2.7-5.2
- Val á milli 19 program stillinga
- Innbyggt flass með In Camera red-eye fix
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quicktime videotaka
- Innbyggt 16mb minni
- Notar Li-ion rafhlöðu EN-EL8/190 myndir
- Hleðslutæki
- Þyngd 170g

Kr. 39.900

D-50

6.1 milljón punktar

- Digital SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt flass
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-55mm
- Þyngd 540g án linsu

Kr. 99.900

D-70S

6.1 milljón punktar

- SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt flass
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-70mm
- Þyngd 600g án linsu

Kr. 139.900

S4

6,0 milljón punktar

- Með snúningshaus
- 10 x aðdráttur í linsu (38-380mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 program stillinga
- Innbyggt flass, val á milli 5 stillinga
- 2,5" LCD skjár (upplausn 110.000 punktar)
- Quiktime videoupptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöðu
- Hleðslutæki
- Þyngd 205g

Kr. 49.900

FRÍHÖFNIN

GEISLI
FLÖTUM 29, VESTMANNAEYJUM

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

MODEL
Stillholti 16-18, Akranes, Sími 431 3333, model.ak@simnet.is

pixlar
STAFRÆN FRAMKÖLLUN
Suðurlandsbraut 52, sími 588 3700

BÓKAVERSLUN
ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR
Garðsbraut 9, Húsavík, Sími 464 1234, husavik@husavik.is

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

tækið mitt }

Elva Dögg, tölvan hennar og sonur hennar, Gylfi Þór Magnússon.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR SIGURÐSSON

Ennþá að reyna að læra almennilega á hana

Elva Dögg Melsteð blaðamaður segir nýju fínu tölvuna hennar vera uppáhaldstækið sitt.

Elva segir að valið hafi staðið á milli tölvunnar og sjónvarpsins og varð tölvan fyrir valinu. „Þetta er glæný fartölva með öllu saman. Hún sameinar margt sem mér finnst svo skemmtilegt. Ég get horft á sjónvarpið í henni, ég get talað við vini mína í útlöndum, bloggað, lesið fréttir og bara allt. Svo er hún með risa stórum skjá og gott að horfa á hana.“ Elva segist hafa fengið hana fyrir um mánuði síðan og sé ekki einu sinni búin að læra almennilega á hana. Hún segist nota hana mest heima en einnig í vinnunni. „Það er kveikt á henni mestallan daginn, en meðan maður sinnir börnunum þá fær hún smá pásu,“ segir Elva en vill samt ekki meina það að tölvan fái meiri tíma en börnin. „Hún er samt sem áður mjög vinsæl,“ segir Elva að lokum.

Aðgangur að tölvupósti hvar og hvenær sem er

Mikill áhugi er á BlackBerry samskiptatækinu frá Vodafone hér á landi. Gísli Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Og Vodafone, segir að fjölmörg fyrirtæki hafi nú þegar ákveðið að velja BlackBerry enda tryggi það örugg GSM- og tölvupóstsamskipti.

„BlackBerry er fremsta þráðlausa samskiptatækið í dag en það gerir notendum mögulegt að vera í stöðugum tengslum við viðskiptavini, samstarfsmenn eða vini um GSM eða með tölvupósti,“ segir Gísli. Hann segir að tækið hafi slegið í gegn víða um heim enda sé það einfalt í notkun og einstaklega vel hannað fyrir tölvupóstsamskipti.

Auk þess að vera farsími og tæki til þess að sýsla með tölvupóst býr yfir BlackBerry fjölmörgum viðbótareiginleikum. Tækið býr yfir vafra, SMS/MMS, lista yfir tengiliði og dagbók sem er samstillt tölvupósti í tölvu notanda. „Hins vegar eru fjölmargir notendur sammála um að einn megin-kostur tækisins sé hversu mikinn tíma það sparar þeim í vinnu því þeir geti tekið á móti, svarað og skoðað tölvupóst og viðhengi óháð stað og stund,“ segir Gísli.



Blackberry-tækið hefur notið mikilla vinsælda.

Tvenns konar lausnir fyrir BlackBerry eru í boði. Annars vegar svokölluð BlackBerry Enterprise Solution og hins vegar BlackBerry Internet Service. „Og Vodafone

Gísli Þorsteinsson upplýsingafulltrúi Og Vodafone.

getur með BlackBerry Enterprise Solution boðið viðskiptavinum sínum upp á aðgang að tölvupósti um póstþjón sem er samtengdur póstþjóni fyrirtækja. Með þessum hætti geta notendur meðal annars skoðað viðhengi og samþætt þjónustu fyrir síma, vafra, dagbók og aðrar upplýsingar.“

Gísli segir að BlackBerry Enterprise Solution flétti hins vegar saman Microsoft Exchange, IBM Lotus Domino og Novell GroupWise og vinnur með þeim kerfum fyrirtækja sem fyrir eru. „Slík leið skapar öruggan og þráðlausan aðgang að tölvupósti og öðrum gögnum fyrirtækisins um einn snertiflöt.“



SongBook frá Tivoli Audio

Tivoli Audio, framleiðendur hinna rómuðu Tivoli útvarpstækja, hafa sett á markað stafrænt ferðaútvarpstæki með vekjaraklukku sem nefnist SongBook.

SongBook ferðaútvarpstækið er búið afar næmum FM/AM-móttakara. Stöðvarnar má stilla handvirkt eða með 10 forrituðum eftirlætishnöppum. SongBook-tækin geta einnig leitað eftir sendingum útvarpsstöðva. Vekjaraklukka er í tækinu með tuttugu mínútna lúrutakka. LCD-skjár sýnir stöðvaval ásamt klukku. SongBook er með tengi fyrir aukatæki, auk tengis fyrir heyrnartæki en hvort tveggja er með gúmmíhlífum.

Ferðaútvarpið notar hefðbundnar AA alkaline rafhlöður eða hleðslurafhlöður (NiMH/NiCad). Hleðslutæki er innbyggt í útvarpið. Þá má tengja útvarpið við straum með 12V straumbreyti eða beint í 12V straumgjafa. SongBook-útvarpstækin fást í sex litum. Þau eru nett og traustbyggð og komast til dæmis auðveldlega fyrir í skjalatöskum. SongBook útvarpstækin fást í Epal, Kokku, Duka, CM-búðinni og Mirale.

LEIKJA PAKKINN

ACE SPECIAL EDITION

VL15
*Vaxtalaust í 15 mánuði
9.993

Örgjörvi	**3500+ Athlon64 - 939** 640K flýtiminni, 1600MHz FSB+HT
Móðurborð	**MSI K8N NEO4 FI - SATA2** PCI-Express 16x, 8xUSB2, FireWire
Minni	**1 GB DUAL DDR 400MHz Corsair** Corsair minni með lífstíðarábyrgð
Harðdiskur	**250GB WD SE 16MB - SATA II** SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer
Skjákort	**128MB GeForce6 NX6600GT** MSI PCI-Express 16x, 1000MHz DDR3
Skjár	**17" LCD Acer 1751as Gamer** 8ms viðbragðstími og CrystalBrite
Skrifari	**16x DVD± DL skrifari** Skrifar og les DVD og CD diska
Hljóðkort	**7.1 Dolby Digital DTS - EAX2** Frábært í leiki og bíómyndir
Hátalarar	**5.1 Altec Lansing hljóðkerfi** 5 öflugir hátalarar og bassabox
Netkort	**Dual Gigabit 10/100/1000** 2.stk Gigabit netkort
Stýrikerfi	**Windows XP Home - SP2** Á íslensku eða ensku

GLÆSILEG NÝ KYNSLÓÐ AF ACE TÖLVUM Í ÁL TURNI

64 BITA 3500+

Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 1600FSB

CRYSTALBRITE

17" LCD Gamers Edition skjár með 8ms viðbragðstíma og ótrúlega litadýpt með CrystalBrite

SATA II – 16MB

Western Digital SATA2 harðdiskar eru hljóðlátari áreiðanlegri og allt að 100% hraðvirkari

GEFORCE 6600GT

MSI GeForce NX6600GT er ofur öflugt skjákort með 1000MHz DDR3 minni, DVI, og TV-út tengi

5.1 HLJÓÐKERFI

Altec Lansing 151i glæsilegt og kraftmikið 5.1 hljóðkerfi með 5 hátölurum og öflugu bassaboxi

SPECIAL EDITION

ACE SE kemur í álturni með nær hljóðlausum aflgjafa, PRO mús, lyklaborði og SE músarmottu

VERÐ 149.900

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

MasterCard VISA

Vaxtalaust tilboð er miðað við 15 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 155.169 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

Stór og þægilegur skjár

NOKIA 6630

Um er að ræða farsíma með 1,3 megapixla myndavél, Bluetooth, 64 MB minniskorti og möguleika til þess að spila MP3. Þá er hægt að spila vídeó í símanum. Nokia 6630 hentar vel til þess að spila mörkin úr ensku úrvalsdeildinni og Meistaradeild Evrópu enda síminn með mjög góðum skjá. Hann styður GPRS, Java og MMS. Hann vegur um 123 grömm og rafhlöðu ending er 3-5 klukkustundir í tali.

Hljómtæki hönnuð fyrir iPod spilarann

Vinsældir iPod hafa hrint af stað þróunarvinnu meðal tækjaframleiðenda. i-deck frá Monitor Audio eru hljómtæki sem eru sérstaklega hönnuð utan um iPod spilara.

Framleiðendur vilja nýta sér vinsældir MP3-spilaranna frá Apple og nú hafa verið hönnuð hljómtæki sem beinlínis eru hönnuð og framleidd til notkunar með iPod og kallast i-deck. Hljómtækin er með stílhreina hönnun, auðveld í notkun og hafa góðan hljómgrunn. Framleiðandi i-deck er breski hátalaraframleiðandinn Monitor Audio. i-deck samanstendur af magnara, tveimur hátölurum og fjarstýringu sem er lítið stærri en greiðslukort. Framan á magnaranum er sæti fyrir iPodinn með öllum nauðsynlegum tengingum þannig að einungis þarf að „setja í og spila“. i-deck má einnig tengja við tölvu.

i-deck hleður einnig iPodinn meðan hann er í spilun og hljómurinn er jafn góður óháð því hve hátt er spilað. Hátalarana má staðsetja eftir hentugleika og öllu er stjórnað með fjarstýringunni.

Með i-deck verður iPod spilarinn hluti af velhljómandi hljómtækjum án nokkurra snúra eða annarra flókinna ráðstafana. i-deck hljómtækin fást í Hljómsýn og Apple búðinni.

TOSHIBA

ÞESSI GETUR ALLT!

Stílhrein og flott vél sem er ríkulega hlaðin búnaði.
Öflugt skjákort gerir þér auðveldlega kleift að spila leiki.
Í gegnum FireWire tengið flytur þú myndir beint úr stafrænu videótökuvélinni inn á tölvuna.
Að sjálfsögðu getur þú svo skrifað myndirnar á DVD diska.
Toshiba Easy Guard tryggir að gögnin þín eru öruggari.
Öflug tölva sem hentar öllum, hvort sem er í leik eða starfi.

TILBOÐSVERÐ:
129.900 kr.
LISTAVERÐ: 139.700 KR.

Toshiba Satellite M40-183

Intel® Centrino mobile tækni
WWW " ATLANTSKAUP " IS

Stigar hringstigar og handrið á lager. Til í 38mm þykku beiki, gler og einnig stál. Mjög hagstætt verð. Einnig ryðfrí fittings fáanleg á sama stað. Atlantskaup ehf. Uppl. í s. 533 3700.

1000 kr. Tilboð!!!
Allar pizzur á matseðli eða með 2 áleggjum á aðeins 1000 kr. og hvítlauksbrauð fylgir frítt með, alla daga þegar sótt er. Opið 16-21 alla daga. Pizza 67 Austurveri, Háaleitisbraut 68. S. 800 6767.

Nýr diskur - 45 rokk ár
Helstu dreifingaraðilar:
Hagkaup - Bónus - Esso - Olís - Penninn og fleiri sölustaðir um land allt.
Hægt er að panta diskinn á www.ludo.is

Til sölu minkapelsar
síður og stuttur, skinnkragar, ullarkápur og jakkar, t.d. yfirstærðir o.fl. Verð frá 5.000 kr.
KS. Díana sími 551 8481.

Mjög góður með blúndu og breiðum hlýrum BCD skálum kr. 1.995,- og buxur í stíl kr. 995,-Misty, Laugavegi 178, 105 Reykjavík sími 551 3366. Mælum og veitum faglega ráðgjöf.

Pizza ofn.
Til sölu Blodgett færibanda pizzaofn, er sem nýr.
Upplýsingar í síma 660 7750.

Fatalager
Fatalager og gínur til sölu. Uppl. í s. 896 2896.

Til sölu vandað vínrautt leðursófasett. Selst á 40.000. Uppl. í s. 867 2676.

Íssk. 167 cm tvískiptur á 12 þ. 140 cm & 125 cm á 8 þ. Barnakerra á 4 þ. Barnabílstóll á 2 þ. 4 stk. 215/70 16" á 6 þ. 4 stk. 15" BMW felgur á 6 þ. Leðursófi á 5 þ. S. 896 8568.

Óskast keypt

Óska eftir kjötsög, stærri gerð og útungunarvél. Uppl. í s. 487 6655 & 894 9249.

Heimilistæki

Candy ísskápur m/frysti. H 140, B 60cm. Verð 15 þ. Uppl. gefur Hien í s. 867 2779.

Hljóðfæri

Get útvegað allar gerðir af harmonikkum. Notaðar og nýjar á frábæru verði. S. 690 2020. www.harmonikan.is

Trommusett til sölu. Allar uppl. í s. 845 8866.

Hef til sölu 30 ára píanó. Verð 100 þús. Uppl.s. 564 3605

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

Tölvur

Ódýrar tölvuviðgerðir!
Alhliða tölvuviðgerðir og uppfærslur. Uppl. í s. 899 8894.

Tölvuviðgerðir frá 1500 kr.
Heimaþjónusta í hæsta gæðaflokki. Ókeypis uppsetning á öflugri vírusvörn. Miðnet, s. 694 6161.

Til bygginga

Óska eftir vinnuskúr í góðu ásigkomulagi. Uppl. í síma 897 2626.

Verslun

Dúndurtilboð!!!!!!
Dagana 28.Október til 31. Október eru allar VHS myndir á aðeins 1.490 kr.
Venus Freyjugötu 1. 101 RVK.
Sími 552-2525. www.venus6.is

ÞJÓNUSTA

Jólaskemmtanir

Jólasveinn.is. Erum byrjaðir að taka niður pantanir. Söng og sprell jólasveinar, þeir hressustu í bænum. Komum á jólaballið, í jólaboðið, í jólaglöggið eða með þér að sækja jólatré. [Kynning ehf] S. 586 9000.

Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir, bónvinnu og gluggaþvott. Uppl. í s. 578 1450 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

Garðyrkja

Túnþökusala Oddsteins
Túnþökur til sölu, frí heimkeyrsla. Steini. S. 663 6666 & 663 7666.

Tökum að okkur alla almenna jarðvegsvinnu. Hellulagnir, þökulagnir o. fl. S. 845 5224 & 893 4880.

Meindýravarnir

Eina verslun sinnar tegundar á landinu. Erum með lausnir á öllum vandamálum. Opnunartímar verslunar: alla virka daga 9-13. Föstudaga 9-18. laugaradaga 11-14. Meindýravarnir Suðurlands ehf, Gangheiði 59, 800 Selfoss. S. 482 3337 & 893 9121.

Búslóðaflutningar

Búslóðaflutningar og búslóðageymsla. Stór bíll. Gerum tilboð í flutning út á land. S. 898 6565. Flutningaþjónusta Brynjars.

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560.

Húsaviðhald

Þak- og utanhússklæðningar og allt húsaviðhald. Ragnar V. Sigurðsson ehf. S. 892 8647.

Þök, rennur, gluggar, hurðir, veggir, gólf. Smíðalausnir Jósep 899 3011.

Húsaviðhald.
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl. Vönduð vinna. Upplýsingar í síma 892 2752 & 695 4661.

Flísalagnir.
Húsaviðgerðir, flísalagnir, flotlagnir, almennt múrverk. 699 1434. Verkmúr Ehf.

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa-& parketlagnir og trésmíði. Föst tilboð eða tímavinna. s. 616 1569.

Tökum að okkur málningarvinnu, flísalagnir, tabet og veggfóður. S. 848 6230.

Stífluþjónusta



Tölvur

Þarftu aðstoð við tölvuna? Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. Ríkharður S. 898 0690, 8-23 alla daga.

Opið allan sólahringinn. Geri við tölvur í heimahúsum og skrifstofum. Fljót og góð þjónusta. Viðgerðir og uppsetning. Sími 693 9221. www.tolvuvaktin.is

Ódýrar tölvuviðgerðir.
Kem samdægurs í heimahús. Kvöld- og helgarþjónusta. 695 2095.

Spádómar

Alspá 908-6440
Finn týnda muni. Andleg hjálp, Ráðgjöf, nýjar leiðir, NLP. Y. Carlsson.

Örlagalínan 908 1800 & 595 2001
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

Hanna 908 6040
Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spilaspá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01.

Englaljós til þín.
Ertu óhamingjusamur/söm? Viltu vita meira?Tarot lestur og fáðu svör við spurningunum þínum. 908 5050. Lára kl. 18.00 til kl. 01.00.

Rafvirkjun

Önnur þjónusta

Byggingarverktaki getur bætt við sig verkefnum. S. 897 5347.

HEILSA

Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is og herbalife@mmedia.is s. 891 8902, Ásta.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.heilsuval.topdiet.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Kennsla

Viltu verða stílisti?
Nám í útlitsráðgjöf. The Academy of Colour and Style - útlits-og förðunarskóli. Uppl. í síma 533 5101.

Ökukennsla

Ævar Friðriksson. Kenni allan daginn. Toyota Avensis 2004. Tek í akstursmat og hjálpa við endurtökupróf. S. 863 7493 og 557 2493.

HEIMILIÐ

Húsgögn

Ertu að leita að ekta amerísku rúmi?
Rekkjan, Skipholti 35. Sími 588 1955.

Nýtt Lazyboy leðursófasett 3+1+1. Verð 200.000. Upplýsingar í s. 861 0315.

Til sölu vel með farið sófasett frá TM húsgögnum. Verð 30 þús. Uppl. í síma 564 6125 efti kl. 17 á daginn.

Barnavörur

20% AFSLÁTTUR
Ragazzi fötin kominn. Róbert Bangsi ...og unglingarnir Hlíðasmára 12, Hverafold 1-3 www.robertbangsi.is sími 555 6688.

Dýrahald



Fiskabúr.is
Skrautfiskaverslun Trönuhrauni 10 Hafnarfirði. Opið mán-lau 14-19. S. 544 2050 www.fiskabur.is

Am cocker spaniel hvolpur til sölu, foreldrar nýinnfluttir amerískir meistarar H.F.R.Í. Uppl. í s. 896 2006 eða á eldhuga.tk

Naturediet náttúrulegur hálf þurr hundamatur án aukaefna. Dýrabær, Hlíðasmára 9, Kóp. s. 553 3062, op. mán.-fös. 12-18, lau. 11-15.

Hundabúr-Hundabæli. 30% afsl.
Nutró þurrfóður fyrir hunda og ketti í hæsta gæðaflokki. Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Til sölu Chihuahua hvolpar. Anna s. 868 6058 og 551 9637, gessi@simnet.is

Hundaræktunin í Dalsmynni
Var beðin um að selja Papilon strák. Uppl. í s. 566 8417.

Til sölu 2 litlir Chihuahua hvolpar, snögghærðir, karlkyns. Uppl. í s. 849 0540.

Gullfallegir Labrador hvolpar til sölu. Upplýsingar í síma 869 6817.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Fyrir veiðimenn

www.sportvorugerdin.is

Amerísku reykofnarnir frá Luhr Jensen komnir aftur. 3 stærðir, einnig úrval af reykefnum og kryddi.
Jói byssusmiður
Dunhaga 18.
Sími. 561 1950
Nánar á www.byssa.is

Ýmislegt

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

25 Glæsilegar Hótelíbúðir til leigu í lengri eða skemmri tíma að Reykjavíkurveg 72 Hafnafirði, skoðið heimasíðu okkar www.bphotel.is Sími 540 9700. Fax 540 9701.

Glæsilegar 2ja og 3ja herbergja íbúðir miðsvæðis í Reykjavík. Athugið nánari upplýsingar má finna á heimsíðu okkar. www.leiguibudir.is

Kaupmannahöfn Vesterbr
Stúdíó íbúð með húsgögnum, ADLS og sjónvarpi. Til leigu í 2-3 mánuði. Finn startpakki fyrir þá sem vilja kynna sér möguleika Kaupmannahafnar. copenhagen@simnet.is

4ja herbergja íbúð til leigu á góðum stað í Breiðholti. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 690 1517, e.kl 18.

Vönduð ný 3. herb íbúð í Hafnarf til leigu frá 1. nóv allt sér reykl/reglus. Leiga 95 þ. Trygging. S. 664 6589.

Herbergi á laugarveginum. Reglusamur leigjandi óskast í herbergi í íbúð með góðri aðstöðu. Sendið mér tölvupóst á valurk@hotmail.com

Gott herbergi í austurbæ Kóp. til leigu. Uppl. í s. 699 4708.

Húsnæði óskast

4 manna fjölskyldu vantar leiguhúsnæði, helst í Garðabæ, frá miðjum nóvember til loka febrúar 2006 á meðan beðið er eftir eigin húsnæði sem er í byggingu. Sími 699 7768.

Herbergi óskast til leigu sem allra fyrst, sem næst Landspítala við Hringbraut. Er algjörlega reglusöm. Uppl. í s. 868 0287.

Óska eftir íbúð á stór Rvk.sv. Hámarksgr. á mán. 55.000. Reglusemi. S. 698 2918.

3 strákar á aldrinum 22-24 ára óska eftir íbúð í miðbæ RVK eða nálægt. S. 864 9877.

Hjón óska eftir 2ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 866 2397.

4ra manna fjölsk. óskar eftir 4ra herb. íbúð til leigu á stór Rvk. sv. strax. Góð umgengni, reglusemi og öruggar greiðslur. S. 847 6334.

Óska eftir 3ja herb. eða stærri íbúð til leigu á stór Reykjavíkursv. Fyrirframgreiðsla ef óskað er. Baldvin s. 695 1612.

Sumarbústaðir

Til sölu Trimo einingahús '01, ca 20 fm. Innréttað sem herbergi með ofnum, ísskáp, rafm., WC ofl. V. 1.100 þ. Skipti ath. S. 896 5001.

Atvinnuhúsnæði

600 kr. pr., fm, í Skeifunni.
50 fm og 200 fm, húsnæði til leigu. Ekki innkeyrsludyr. Langtíma/skammtímaleiga. Lagerhúsnæði og vinnustofur. Uppl. í s. 892 0808.

35 fm kjallaraherbergi til leigu á Skólav.stíg. Hentugt fyrir léttan iðnað. Uppl. í s. 553 1293 & 552 1355.

Til leigu 110 fm iðnaðarhúsnæði með stórum innkeyrsludyrum, mikil lofthæð, á góðum stað í bænum. Uppl. í s. 824 2245.

Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. www.geymslaeitt.is 564 6500.

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Upphitað geymsluhúsnæði
Húsbílar, fellihýsi, tjaldvagnar. Upphitað húsnæði til leigu í Hveragerði Rakafrítt og gott húsnæði til leigu frá 1. nóvember til 1. maí. Verð 10.000 á lengdarmeter. Greiðist fyrirfram. Uppl á upphitad@visir.is eða í s. 869 1235

Gisting

Gistiheimili Halldóru Hvidovre/Köben Ódýr og góð gisting. www.gistiheimilid.dk 0045 24609552

ATVINNA

Atvinna í boði

Bakaríið hjá Jóa Fel
Bakríið og sælkeraverslun Jóa Fel Kleppsvegi. Vantar hresst og duglegt starfsfólk. Tvískiptar vaktir.
Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.

Veitingahúsið - Lauga-ás.
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna.
Nánari upplýsingar á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

Veitingahúsið Lækjarbrekka
Veitingahúsið Lækjarbrekka getur bætt við sig starfsfólki í sal, kvöld og helgar vinna.
Uppl. á staðnum milli kl. 14-17 alla daga eða í síma 551 4430.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hagkaup Smáralind
Óskar eftir að ráða fólk til starfa í matvörudeild, sérvörudeild og á kassalínu. Vinnutíminn er fjölbreyttur eftir störfum, spurrning að ræða við Önnu aðstoðarverslunarstjóra í síma 530 1000 og sjá hvort við eigum ekki samleið. Einnig er hægt að skila inn umsóknum í gegnum www.hagkaup.is eða sækja um á staðnum.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hagkaup Eiðistorg
Óskar eftir að ráða fólk til starfa í þurrvörudeild og kjötdeild. Vinnutíminn er kl 8-17, auk annar hver laugardagur. Ef þig langar að breyta til og vinna hjá okkur í Hagkaupum þá er spurning um að hringja í Hermann, verslunarstjóra í síma 561 2000 og sjá hvort við eigum ekki samleið. Einnig er hægt að skila inn umsóknum í gegnum www.hagkaup.is eða sækja um á staðnum.

Afgreiðslustörf
Okkur vantar duglegt, samviskusamt og traust starfsfólk í vaktavinnu. Ekki yngra en 18 ára. Hlutastörf, aðallega kvöld og helgarvinna.
Áhugasamir hafi samband í síma 8200065 einnig umsóknareyðublöð á staðnum Á Stöðinni ehf Reykjavíkurvegi 58 Hafnarfirði

Húsasmiðjan óskar eftir
Óskum eftir duglegum og reglusömum starfsmönnum í pípulagningarverslun Húsasmiðjunnar.
Uppl. í síma 660-3185 Rafn

Vélavörð og háseta
vantar á Þórsnes II sem rær með beitningarvél.
Uppl. í síma 852 2389 & 438 1473.

Kynning
Bros á allra vörum!

Vegna aukinna verkefna
Vantar okkur hæft kynningarfólk í Reykjavík, Akureyri og á landsbyggðinni strax til starfa. Mikilvægt að viðkomandi hafi ánægju af samskiptum og sé áreiðanlegur og stundvís. Snyrtimennska og lífsgleði er áskilin. Fólk á aldrinum 25 og eldri sérstaklega velkomið. Áhugasamir hafi samband við Þórönnu Gunnarsdóttir hjá Kynningu ehf. í síma 586 9000 eða í GSM 869 1641. Einnig má senda umsóknir á anna@kynning.is.

Nonnabiti
Starfskraft vantar í fullt starf, helgarstarf, hlutastarf, reyklaus.
Uppl. í s. 899 1670 & 551 2312 eða á staðnum Nonnabita Hafnarstræti 11.

Kassastarfsmaður
Bónus vantar starfsmenn til afgreiðslu á kassa í verslun fyrirtækisins í Kringlunni og Faxafeni. Áhugasamir geta sótt um í verslun eða á www.bonus.is

Starfsmaður í kæli.
Bónus í Spönginni auglýsir eftir starfsmanni í kæli. Áhugasamir geta sótt um í verslun eða á www.bonus.is

Miðaprentun ehf
óskar eftir starfskrafti sem fyrst. Framtíðarstarf í boði hjá traustu fyrirtæki í örum vexti. Viðkomandi þarf að hafa metnað til að vinna vel, vera stundvís og áreiðanlegur í starfi. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af prentiðnaði en ekki nauðsynlegt. Áhugasamir sendi tölvupóst á sala@midaprentun.is einnig í s. 892 4656 & 845 2000.

Just-Eat.is vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat á kvöldin. Uppl. í síma 820 6992.

Sjómenn!!
Vana háseta vantar á bát með beitningarvél. Uppl. í s. 852 2086 & 861 7655.

Vantar þig góða aukavinnu? Eigum laus nokkur störf í ræstingum á Höfuðborgarsvæðinu. Afkastahvetjandi laun. Uppl. í síma 581 4000 eða www.solarservice.org

Stórkaup birgðaverslun
Óskar eftir að ráða starfsmenn í tiltekt á lager og almenn afgreiðslustörf. Um er að ræða störf með vinnutíma kl 8-17, auk laugardaga. Áhugasömum er bent á að hafa samband við Vigni verslunarstjóra Stórkaupa, Faxafeni 8 í síma 567 9585 eða senda póst á storkaup@storkaup.is

Flott bakarí
Bakaríið Brauðval í Búðardal er til sölu. Mjög vel með farin tæki. Uppl. í s. 866 5940.

Pípulagningamaður óskast til starfa eða maður vanur pípulögnum. Uppl. í s. 896 2908 & 897 4746.

Þjónustufólk óskast í sal í vaktavinnu fim.- lau. Vinnutími 17.30-22. Uppl. í s. 587 2882 & 869 4443, Kristófer.

Hellulagnir. Vantar menn vana hellulögnum, góð laun í boði fyrir vana menn. Vantar einnig vanan vélamann. Eðalverk ehf S:661 2288

Símadömur óskast!
Vegna mikilla anna vill Rauða Torgið enn bæta við "spennandi" símadömum. Frekari upplýsingar fást á www.raudatorgid.is (Atvinna í boði) og í s. 899-7987. Skráning í s. 552-3349.

Erótísk Verslun
Starfsmaður óskast í erótíska verslun. Ekki yngri en 25 ára. Uppl. í s. 897 6229.

Grillhúsið Tryggvagötu
Óskar eftir starfsfólki í sal í kvöld og helgarvinnu. Unnið er á vöktum, 2 virka daga í viku og aðra hverja helgi. Uppl. á staðnum eða í s. 696 8397, Brynja.

Vantar Vélamenn!
Vantar þaulvana menn á traktorsgröfu og mini vélar. Góð laun í boði, mikil vinna. Uppl. í s. 695 2399 & 695 0556.

Bílpróf
Starfskraftur óskast til ýmisa starfa í matvöruverslun. Bílpróf æskilegt. Einnig vantar á búðakassa. Upplýsingar Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. Sími 553 8844.

Ræstingar
Vantar duglegt fólk í ræstingar á daginn 50-100% vinna. Viðkomandi verður að hafa bíl til umráða. Góð laun í boði. Uppl. s. 578 1450 eða sendið mail á nostra@nostra.is

Mohair hárstofa
Stólaleiga, gott verð, vinsæll staður. Mohair Sportshúsinu, sími 564 4040.

Starfsfólk óskast á sólbaðstofuna Sól Gallerý í Kópavogi. Ekki yngri en 20 ára. Uppl. í síma 865 5460.

Atvinna óskast

Útvega pólskt starfsfólk. Er ekki með starfsmannaleigu. adam1@visir.is s. 894 7799.

6 Póverjum vantar vinnu strax við byggingar eða í fiski. Umsóknir til staðar. Þarf að gera ráðningarsamning fyrst. Allar uppl. í síma 849 9490.

Ungur franskur maður, óskar eftir vinnu, nánast allt kemur til greina, nánari upplýsingar í síma 895 0495.

Húsasmíðmeistari óskar eftir vinnu sem undirverktaki. Uppl. í s. 897 5347.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar
Vantar 1. og 3. tölublað Æskunnar 1992, er tilbúin að greiða fyrir blöðin ef þörf krefur. Uppl. í síma 691 2163.

Einkamál

TANTRA EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD, OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

XXX DVD
BESTA VERÐIÐ
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir
frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

Ertu einmanna?
Til hvers, margir með svipuð áhugamál og skoðanir eru núna innskráðir á einkamal.is og bíða eftir að kynnast þér. Einkamal.is fyrir fólk eins og þig.

Festligt Dansk Lystspil
SKYTTENS TEGN
DVD

Nú færðu loksins hinar skemmtilegu merkjamyndir á DVD, frábær danskur húmor og erótík.undirtextar á norðurlandamálunum verð. 2.950. Gott úrval af erótískum myndum til leigu og sölu Grensásvídeó.is Grensásveg 24 pantanasími 568 6635 opið alla daga 15.00 - 23.00

Talstöðin
Ísafjörður fm 90,5
Reykjavík & Akureyri fm 90,9
Suðurland fm 90,4
Selfoss fm 90,7

ATVINNA

Skemmtilegt starf í góðu umhverfi.

Staða leikskólakennara við leikskólann Krakkakot er laus til umsóknar á Bakkafirði.

Upplýsingar eru veittar í símum 473-1621 frá klukkan 10:00 til 11:00 eða í síma 893-2593 og 863-0166.

Umsóknum skal skila skriflega á skrifstofu sveitarfélagsins: Skeggjastaðahreppur, Skólagötu 5, 685 Bakkafirði eða með tölvupósti *skrifstofa@bakkafjörður.is* fyrir föstudaginn 4. nóv. næstkomandi.

KÓPAVOGSBÆR

Starfsfólk vantar í eftirtalin störf í Salaskóla

- **Heimilisfræðikennari - 100% starf vegna forfalla.**
- **Starfsfólk í dægradvöl 20 - 50% störf.**

Upplýsingar gefa Hafsteinn Karlsson, skólastjóri og Hrefna Björk Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri í síma 570 4600.

Heimasíða skólans er ***http://salaskoli.is***

Sjá ennfremur: ***www.kopavogur.is*** og ***www.job.is***

FUNDIR

STÁLTAK EHF. - HLUTHAFAFUNDUR

Stjórn Ståltaks hf. boðar hér með til hluthafafundar föstudaginn 4. nóvember nk., kl. 10:00. Fundurinn verður haldinn að Suðurlandsbraut 30, 5. hæð, Reykjavík.

Dagskrá:
1. Kosning stjórnar
2. Heimild til stjórnar til sölu eigna
3. Önnur mál

Stjórnin

TILKYNNINGAR

Skipulags stofnun

Mat á umhverfisáhrifum
– Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum. nr. 106/2000 m.s.br.

Skógrækt á Jarlsstöðum í Aðaldælahreppi

580 kW virkjun í landi Grísháls í Helgafellssveit

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: **www.skipulag.is.**

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **25. nóvember 2005.**

Skipulagsstofnun

FASTEIGNIR

EIGNALISTINN
fasteignasala
www.eigna.is
Kringlunni 4 - 6 Norðurturni, 10. hæð • 103 Reykjavík • Sími 530 4600 • Fax 530 4609 • eigna@eigna.is
Opið mánudaga til föstudaga frá kl. 09.00 - 17.00

Laufengi 3 herb. íbúð á efstu hæð

Íbúð á 3ju og efstu hæð í snyrtilegu og vel viðhöldnu fjölbýlishúsi á þessum barnvæna stað. Mjög gott útsýni er frá íbúðinni sem og rúmgóðar suðursvalir. Sameign er snyrtileg og björt, þrjár íbúðir á hæð sem tengjast saman á hornum þannig að gluggar á íbúðinni eru til þriggja átta. Tilbúin til afhendingar. **Verð: 16,9 millj.**

www.eigna.is eigna@eigna.is Sími: 530 4600

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

KÓPAVOGSBÆR

Auglýsing um skipulag í Kópavogi

Urðarhvarf 8. Breytt deiliskipulag.
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 8 við Urðarhvarf. Í tillögunni felst að í stað tveggja stakstæðra bygginga á lóðinni er gert ráð fyrir einni samfeldri byggingu sem verður 4, 5 og 6 hæða auk kjallara í stað 5 hæða auk kjallara. Á 6. hæðar hluta hússins er gert ráð fyrir inndreginni þakhæð. Í tillögunni felst jafnframt að byggingarreitur færist um 7 m til norðurs og heildarflatarmál hússins eykst um 3.700 m² úr um 9.600m² í um 13.300 m². Fyrirkomulag og fjöldi bílastæða breytist. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:500 og 1:1000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 18. október 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

Andarhvarf 7. Breytt deiliskipulag.
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 7 við Andarhvarf. Í tillögunni felst breytt lögun og stærð byggingarreitar, breytt hæðarafsetning húsa ásamt breyttu fyrirkomulagi bílastæða og bílskúra. Íbúðum fjölgar um eina þ.e. úr 16 íbúðum í 17 íbúðir. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:500 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 14. október 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

Faxahvarf 2. Breytt deiliskipulag.
Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 2 við Faxahvarf. Í tillögunni felst heimild til að innrétta læknastofu ásamt skoðunarherbergi á neðri hæð hússins. Tillagan er sett fram á uppdráttum í mkv. 1:100 og 1:500 dags. 8. október 2005. Nánar vísast til kynningargagna.

Ofangreindar tillögur verða til sýnis á Bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00 frá 31. október til 28. nóvember 2005. Upplýsingar um tillögurnar eru einnig á heimasíðu bæjarins www.kopavogur.is. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 mánudaginn12. desember 2005. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunum.

Skipulagsstjóri Kópavogs.

Stöndum vörð um Þjóðarbókhlöðuna

UMRÆÐAN
ÞJÓÐAR-
BÓKHLAÐAN

DAGNÝ ÓSKARSDÓTTIR
LAGANEMI OG FÉLAGI Í RÖSKVU

Þjóðarbókhlaðan, eða Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn er gríðarlega mikilvæg stofnun. Stúdentar og fræðimenn eiga þar greiðan aðgang að helstu fræðibókum og -tímaritum og almenningur getur komið að vild og grúskað eða lesið sér til yndisauka. Safnið þarf því að þjóna bæði stúdentum og almenningi og gerir það rekstur þess öllu flóknari.

Fjárveitingar til safnsins hafa minnkað jafnt og þétt síðustu ár af ýmsum ástæðum. Sá þáttur sem ætlað er að standa straum af öllum almennum bókakaupum safnsins hefur verið óbreytt upphæð í fjárlögum síðustu átta ár og hefur því sú tala lækkað mikið að raunvirði, miðað við almennar verðlagshækkanir. Fjármagn til kaupa á fræðibókum hefur einnig verið skert mikið og kemur það til vegna þess að fjárhagsstaða deilda og skora Háskólans hefur verið gríðarlega slæm í nokkurn tíma og margar þeirra eru reknar með miklum halla. Þær hafa því þurft að hagræða mikið og hefur það bitnað einna mest á því fjármagni sem þær veita til bókakaupa safnsins. Þetta tvennt hefur leitt til þess að bókakostur safnsins er í dag ekki eins og best væri á kosið og kemur það hart niður á nemendum Háskólans.

En safnið þarf ekki bara aukið fjármagn til bókakaupa. Áður fyrr fékk Háskólinn allt af ákveðna upphæð á hverju ári til að geta haldið safninu opnu utan skrifstofutíma, þ.e. á kvöldin og um helgar. Þessu hefur nú verið breytt og Háskólinn fær bara greitt fyrir hvern nemanda sem stundar fullt nám og segja ráðamenn að sú upphæð eigi að nægja bókasafninu líka. Þetta hefur leitt til þess að stjórnendur Þjóðarbókhlöðunnar hafa þurft að hagræða gríðarlega í rekstri safnsins og nú er sú staða komin upp að boginn er fullspenntur og ef ekki fæst aukið fjármagn nú þegar hættir safnið að vera opið á kvöldin og um helgar þann 1. desember næstkomandi.

Það þarf ekki að fjölyrða um hversu slæmt þetta er, en á Bókhlöðunni er besta lesaðstaða landsins og aðgangur að bókum er hvergi betri. Þetta mun því bitna á öllum landsmönnum, en stúdentar munu sennilega fá hvað harðastan skell. Þessi fjárhagsvandi bókasafnsins er algjörlega óþolandi og þegar stjórnvöld eru innt eftir svörum er lítið um þau. Einna helst benda ráðamenn þó á Háskólann og segja vandann liggja hjá stjórnsýslu hans. Að sama skapi vísa stjórnendur Háskólans á ríkið og segja að fjármagnið þurfi að koma úr ríkissjóði.

Höfuðvandinn virðist þó liggja í því að lögin og reglurnar um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn eru afar flóknar. Hlutverk safnsins er gríðarstórt en að sama skapi illa skilgreint. Hagsmunir okkar allra krefjast þess að þetta mál verði leyst til frambúðar og það tekst ekki nema með samstilltu átaki Þjóðarbókhlöðunnar, Háskólans og stúdenta.

AF NETINU

Sami rassinn undir þeim öllum

Einhver þrálátasta og kannski með varasamari grillum samtímans er að sami rassinn sé undir öllum stjórnmálamönnum – þeir séu allir siðlausir og sjálfsdýrkandi eiginhagsmunaseggir. Í samræmi við þetta er talað um stjórnmálamenn af djúpri fyrirlitningu; það er sífellt verið að klifa á að völdin séu að færast frá þeim yfir í viðskiptalífið. Stjórnmálamenn eru hæddir og spottaðir, en það komast helst ekki nógu margir að til að sleikja rassinn á viðskiptajöfrunum.

Egill Helgason á visir.is

Á valdi stjórnmálamanna

[N]ýlega varð ritstjóri Morgunblaðsins uppvís að því að ganga erinda sama stjórnmálaflokks og hann marseraði fyrir í Íraksmálinu. ... Fréttaflutningur Morgunblaðsins af þessari merku þátttöku ritstjóra blaðsins fólst síðan í miklum langlokuhundum þar sem hann gerði grein fyrir sjónarmiðum sínum. Þetta sýnir enn og aftur að allt tal ritstjóra blaðsins um að á milli skrifstofu hans og fréttamanna ríki skýr aðskilnaður er úr lausu lofti gripið. Morgunblaðið sleppti því að grafast fyrir um frétt er varðar valdaskipan í íslensku samfélagi vegna þess að ritstjóri þess var viðriðinn málið. Því höfum við enn eitt dæmið þar sem hagsmunir Morgunblaðsins og Sjálfstæðisflokksins eiga undarlega vel saman. Staðreynd sem ætti að vekja athygli þeirra er hafa áhuga á fjölmiðlum á valdi stjórnmálamanna.

Huginn F. Þorsteinsson á murinn.is

LEIÐRÉTTING

Í blaði sunnudagsins féll niður niðurlag lokamálsgreinar í viðtali við Eirík Finn Greipsson og Guðjón Guðmundsson og er beðist velvirðingar á mistökunum. Viðtalið var í tilefni af því að tíu ár eru liðin frá því að mannskætt snjóflóð féll á Flateyri. Í heild sinni var síðasta málsgreinin eftirfarandi:

Guðjóni er líka ofarlega í huga að menn læri nú af reynslunni og láti af þeim sið að loka augunum fyrir aðsteðjandi vá. „Það þarf að tala um hlutina og gera ráð fyrir þeim. Þetta er svipað og með umræðuna um að flytja Reykjavíkurflugvöll, að alls ekki virðist mega nefna hættuna á jarðhræringum á Suðurnesjum í því samhengi. Ef menn eru ekki viðbúnir því versta þá eru þeir bara í vondum málum."

Wild Sushi from land and sea

Villibráðadagar á Maru

Misosúpa með villisveppum og blóðbergi
Dádýra nigiri
Maki með gæsabringu og rjómaosti
Hrefnukjöt „tataki" með wasaby eða hrefnu nigiri
Þorsk Sashimi „new style"

Verð kr. 5.300.-

MARU
restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is

KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

ICEX-15 4.676 **+0,16%** **Fjöldi viðskipta:** 251
Velta: 3.775 milljónir

MESTA HÆKKUN

Mosaic Fashions	+3,9%
SÍF	+0,69%
FL Group	+0,36%

MESTA LÆKKUN

TF	-4,6%
Atorka Group	-1,75%
Flaga	-1,07%

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 42,80 -0,47% ... Bakkavör 44,60 -0,89% ... FL Group 13,95 +0,36% ... Flaga 3,70 -1,07% ... HB Grandi 9,35 +0,00% ... Íslandsbanki 15,10 +0,00% ... Jarðboranir 22,00 +0,00% ... KB banki 604,00 -0,17% ... Kögun 54,80 -0,36% ... Landsbankinn 22,80 +0,00% ... Marel 65,20 +0,00% ... SÍF 4,35 +0,69% ... Straumur 13,35 +0,00% ... Össur 91,50 -0,54%

viðskipti
Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Hringja í pabba

Hannes Smárason, forstjóri FL Group, er á fleygiferð með félagið. Svo mikilli að ýmsum þykir nóg um. Þeim sem það þykir telja Hannes glannalegan í meðförum á fjöregginu Icelandair, eins og þeir líta á málið. Ný stjórn tekur til starfa í félaginu á hluthafafundi á mánudag. Stjórnarmönnum verður fækkað úr sjö í fimm og Hannes fer úr stjórninni. Í hans stað kemur faðir hans, Smári S. Sigurðsson.

Þeir sem áfram hafa áhyggur af því að strákurinn sé ekki nógu ábyrgur og fari offari í stjórn félagsins eiga þá þann möguleika sem oft hefur verið nýttur þegar ódælir strákar eiga í hlut: Að hringja í pabba hans.

Áhugi á Express

Töluverður áhugi er á Iceland Express og hafa margir spurst fyrir um félagið. KB banki sér um söluna og þar á bæ verjast menn allra frétta annarra en þeirra að þeir finni fyrir miklum áhuga á félaginu.

Á markaðnum eru miklar spekúlasjónir um kaup. Mogginn vill að Jón Helgi í Bykó kaupi og er sjálfsagt til margt vitlausara. Aðrir sem nefndir eru til sögunnar sem áhugamenn um kaup á Iceland Express eru Andri Már í Heimsferðum sem hingað til hefur neitað áhuga, hvað sem síðar verður. Þá hefur KEA einnig verið nefnt, en þá vantar verkefni fyrir peningana sína og sjá eflaust tækifæri í að styðja við byggðarlagið með flugi til meginlandsins frá Akureyri. Markaðurinn er líka að spá í verðmiðann, en heyrst hefur að þrír milljarðar séu áhugaverð tala í því sambandi.

MARKAÐSFRÉTTIR...

> Skráð hefur verið hlutafjárhækkun **Nýherja** að fjárhæð tíu milljónir í samræmi við tilkynningu félagsins til Kauphallar dagsetta 21. október síðastliðinn. Skráð hlutafé félagsins í viðskiptakerfi Kauphallarinnar eftir hækkunina er 248 milljónir að nafnvirði.

> **Greining Íslandsbanka** hefur gefið út verðmat á **Mosaic**, fyrst greiningardeilda. Niðurstaða verðmatsins gefur gengið 18 krónur á hlut. Útboðsgengi í byrjun sumars þegar félagið var skráð á markað var 13,6 krónur á hlut, en núverandi verð er um 16 krónur á hlut.

> Verð á sjávarafurðum hækkaði mjög mikið í septembermánuði, eða um 2,8% frá mánuðinum á undan mælt í SDR.

Kaupir norskan Apple söluaðila:

Stærstir í Evrópu

VIÐSKIPTI Íslenskir aðilar eru orðnir einu stærstu söluaðilar Applevara í Evrópu eftir að hafa keypt 38 prósent í norska félaginu Office Line, sem er skráð í norsku kauphöllinni. Þetta segir Bjarni Ákason, eigandi Apple á Íslandi, en félagið Öflun, sem hann á meirihluta í, keypti hlutinn.

Bjarni segist hafa opnað Apple-verslanir í Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Reksturinn gekk vel og vildi hann opna búðir í nágrannalöndunum. Office Line hafi verið með sterka stöðu í Finnlandi og Noregi. Á þriðjudagskvöld hafi stærstu eigendurnir samþykkt sölu á sínum hlut fyrir um hálfan milljarð króna. Það myndist ekki yfirtökuskylda fyrr en eignarhlutur fer yfir 40 prósent. Eignarhaldið sé dreift, hans félag sé ráðandi í félaginu og hyggist ekki bæta við sig hlutafé.

APPLE OPNAR Í SVÍÞJÓÐ Biðröð myndaðist þegar Apple-búð opnaði í Svíþjóð.

Gengi hlutabréfa í Office Line rauk upp um 30 prósent í fyrradag eftir að tilkynnt var um kaupin. Bjarni segist hafa séð kauptækifæri í þessu félagi þar sem verðið var lágt um leið og hann kæmist inn á nýja markaði - bg

Fáir nýttu sér yfirtökutilboð:

Síminn afskráður

VIÐSKIPTI Aðeins 162 af 1.252 hluthöfum Símans nýttu sér yfirtökutilboð sem nýir eigendur Símans gerðu þeim. Tilboðið rann út á þriðjudaginn. Síminn er ekki lengur skráður í Kauphöll Íslands.

Þar sem félagið Skipti ehf. á tæp 99 prósent í Símanum bar þeim skylda til að bjóðast til að kaupa hluti annarra hluthafa. Stjórnarformaður Símans vonaðist samt til að sem fæstir nýttu sér tilboðið og fylgdi þeim frekar eftir. Kaupgengið var 9,6 eða það sama og hlutur ríkisins var seldur á.

Þessir 162 hluthafar áttu um níu prósent af því hlutafé sem ekki var í eigu Skipta. Þeir 1.085 hluthafar sem eftir eru eiga núna um 1,12 prósent í Símanum eða um 835 milljónir að markaðsvirði.

Síminn var afskráður úr Kauphöll Íslands í gær. Félagið uppfyllir ekki skilyrði um dreift eignarhald til að vera skráð. Þó verða eigendur að skrá félagið aftur fyrir árslok 2007 samkvæmt kaupsamningi við ríkið og selja 30 prósent hlutafjár til einstaklinga og fagfjárfesta. - bg

FORSTJÓRINN OG STJÓRNARFORMAÐURINN Brynjólfur Bjarnason og Lýður Guðmundsson sem vonaði að flestir hluthafar héldu áfram að eiga í Símanum.

Bernhard og Aðalbílasalan kynna:

PEUGEOT HONDA

Lokum til að gera betur þegar við opnum

Sameinuð stöndum vér og til að veita þér betri þjónustu á næstu misserum höfum við ákveðið að þjappa saman liðsheildinni og fara saman í ferðalag.

Vegna árshátíðarferðarinnar lokum við **frá klukkan 12:00 föstudaginn 28. október** hjá Bernhard og Aðalbílasölunni.

OPNUM AFTUR ÞRIÐJUDAGINN 1. NÓVEMBER
Endurnærð og fersk aðstoðum við þig við að kaupa draumabílinn.

ADALBÍLASALAN STOFNUÐ 1955 SÍMI 551 7171 • www.abs.is
Eirhöfði 11
Sími 551 7171
www.abs.is

Vatnagarðar 24-26
Sími 520 1100
www.bernhard.is
BERNHARD

Nýr markaður í Kauphöllinni

Kauphöll Íslands er nú að klára formlegan frágang á stofnun nýs hlutabréfamarkaðar sem fyrirhugað er að opna í desember. Verður nýi markaðurinn sérstaklega stílaður inn á framsækin minni fyrirtæki og frumkvöðlafyrirtæki í örum vexti. Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, segir eftirspurn eftir slíkum markaði hafa aukist að undanförnu. Kauphöllin hafa forkannað áhugan á slíkum markaði og komist að raun um að að allmörg fyrirtæki hafi áhuga á þátttöku.

Kröfur til fyrirtækja sem skráð verða á nýja markaðinn verða ekki eins miklar og til fyrirtækja á aðallista. Meðal annars verða reglur um dreifingu eignarhalds ekki eins stífar, skráningarlýsingin þarf ekki að vera eins nákvæm og engin skilyrði verða um stærð viðkomandi fyrirtækja. Hins vegar verður gerð krafa um að fyrirtækin hafi nægjanlegt fjármagn til að standa undir rekstri næstu tólf mánuði. Þórður segir að passað verði upp á að gott skipulag verði kringum markaðinn og upplýsingagjöf verði nægjanleg fyrir fjárfesta. - hhs

NÝR MARKAÐUR Kauphöllin hyggst skapa vettvang fyrir smærri fyrirtæki að skrá sig á markað.

Spáð miklum hagnaði

Markaðurinn bíður spenntur eftir því að stóru viðskiptabankarnir, KB banki og Landsbankinn, birti afkomutölur sínar á morgun fyrir þriðja ársfjórðung.

KB banki hagnaðist um 24,8 milljarða króna á fyrri hluta árs og er búist við að bankinn haldi uppteknum hætti.

Meðaltalsspá greiningardeild Íslandsbanka og Landsbankans fyrir afkomu KB banka á þriðja fjórðungi ársins hljóðar upp á 9.231 milljónir króna. Á þriðja ársfjórðungi í fyrra var hagnaður bankans rúmir 5.547 milljónir króna

Hagnaður Landsbankans var um ellefu milljarðar króna á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Honum er spáð 3.738 milljóna króna hagnaði á þriðja árshluta sem er nokkru minna miðað við sama tímabil í fyrra þegar afkoman var jákvæð um 5.660 milljónir.

- eþa

SPÁR UM AFKOMU KB BANKA

Íslandsbanki	9.032
Landsbanki	9.430
Meðaltal	9.231

SPÁR UM AFKOMU LANDSBANKANS

Íslandsbanki	3.900
KB banki	3.576
Meðaltal	3.738

Hagnaður Jarðborana vex

Rekstrarhagnaður Jarðborana fyrir afskriftir (EBITDA) á þriðja ársfjórðungi var 315 milljónir króna samanborið við 284 milljónir króna á sama tímabili í fyrra. Hagnaður var 211 milljónir en 140 milljónir á sama tíma á þriðja ársfjórðungi 2004. Hagnaðurinn samsvaraði 16,9 prósent af heildartekjum en var 12,6 prósent af heildartekjum árið 2004.

Tekjur fyrstu níu mánuði ársins 2005 námu 3.561 milljón króna samanborið við 2.680 milljónir á sama tíma í fyrra.Veltuaukning er því um 33 prósent. - hhs

Yfir milljarður

Erlendir aðilar hafa gefið út skuldabréf í íslenskum krónum fyrir yfir hundrað milljarða króna. Alþjóðabankinn rauf múrinn í fyrradag þegar hann gaf út skuldabréf fyrir þrjá milljarða króna til tveggja ára.

Greiningingardeild Landsbankans telur að enn sé nokkuð í að þessari skuldabréfaútgáfu erlendis í íslenskum krónum linni. Á aðeins tveimur mánuðum nemi útgáfan um tíu prósent af landsframleiðslu Íslands. Á Nýja Sjálandi sé þetta hlutfall 26 prósent af landsframleiðslu.

Fjárfestar eru með þessu að nýta sér háa vexti á Íslandi samanborið við til dæmis Evrópu. – bg

Hagnaður hjá Flögu

Tekjur Flögu Group hf. námu 534 milljónum íslenskra króna á þriðja ársfjórðungi eða 8,9 milljónum Bandaríkjadala. Hagnaður varð af rekstrinum sem nemur tæplega 50 milljónum króna eða 824 þúsund Bandaríkjadölum. Vöxtur í tekjum er 44 prósent á fyrstu níu mánuðum ársins en þar af er innri vöxtur 17 prósent.

Uppsafnað tap fyrstu níu mánuði ársins er engu að síður rúmlega 12 milljónir króna en veltufé frá rekstri er jákvætt um rúmlega 55 milljónir króna. - hb

Haust tilboð fyrir 8 manns og fl.

Haust veisla

Misosúpa með grænmeti og sesam
Sushi – Maru: 10 bitar sushi og maki
Rétt verð kr. 2.950 *Tilboð kr. 2.650.–*
að viðbættri heitri súkkulaðiköku
Tilboð kr. 3.450.–

MARU
restaurant • bar • take-away
Aðalstræti 12 • Sími. 511 4440
www.maru.is • maru@maru.is

LEIÐTOGAÞING STJÓRNENDASKÓLA HR
Leading to Greatness

FJARRÁÐSSTEFNA MEÐ FREMSTU VIÐSKIPTALEIÐTOGUM HEIMS

Stjórnendaskóli Háskólans í Reykjavík býður þér að sækja fjarráðsstefnuna "Leading to Greatness" með fremstu viðskiptaleiðtogum heims. Leiðtogaþingið verður haldið í annað sinn við Stjórnendaskólann **miðvikudaginn 2. nóvember nk. Skráning og afhending ráðstefnugagna er kl. 15.15. Dagskrá hefst 15.30 og lýkur um 22.30.**

Þetta er einstakt tækifæri til að fá hlutdeild í þekkingu fremstu viðskiptaleiðtoga heims og styrkja þannig færni og hæfileika til að takast á við áskoranir. Tækifæri gefst til að ræða efni ráðstefnunnar í góðu tómi með öðrum leiðtogum í íslensku atvinnulífi.

FYRIRLESARAR

JACK WELCH – Farsæll stjórnarformaður og forstjóri General Electric yfir 20 ár.
STEPHEN R. COVEY – Höfundur metsölubókarinnar "The Seven Habits of Highly Effective People".
RICHARD BRANSON – Einn af þekktari frumkvöðlum Englands, stofnandi The Virgin Group.
CARLY FIORINA – Leiddi umbreytingu Hewlett Packard og nefnd áhrifamesta kona viðskiptalífsins af Fortune árin 1998-2003.
MARCUS BUCKINGHAM – Einn af forgöngumönnum rannsókna Gallup um framleiðni starfsfólks og eiginleika leiðtoga og höfundur "First Break all the Rules".
RUDOLPH GIULIANI – Farsæll borgarstjóri New York og höfundur bókarinnar "Leadership"
MALCOLM GLADWELL – Tímaritið Times valdi hann áhrifamesta mann í viðskiptalífinu 2005. Höfundur metsölubókarinnar "The Tipping Point".

Pallborðsumræðum verður stýrt af fulltrúum tímaritsins Fortune með völdum forstjórum Fortune 500 fyrirtækja.

Verð: 45.000 kr. - *Takmarkaður sætafjöldi!*

Innifalið:
Tækifæri til að læra af helstu viðskiptaleiðtogum heims
Vönduð ráðstefnugögn
Léttar kaffiveitingar og kvöldverður
Gjöf frá Stjórnendaskólanum
Boðið er upp á barnagæslu frá kl. 15.30 - 20.00

Dr. Svafa Grönfeldt, aðstoðarforstjóri Actavis Group og **Dr. Guðfinna S. Bjarnadóttir**, rektor Háskólans í Reykjavík munu leiða umræður og stýra fjarráðstefnunni á Íslandi.

Nánari upplýsingar og skráning:
Nanna Ósk Jónsdóttir
Verkefnastjóri
Sími: 599 6424
GSM: 825 6424
nanna@ru.is
www.stjornendaskoli.is

STJÓRNENDASKÓLI
HÁSKÓLANS Í REYKJAVÍK

JOHN LOCKE (1632-1704) LÉST ÞENNAN DAG.

„Eina vörnin gegn heiminum er gagnger þekking á honum.“

JOHN LOCKE VAR HEIMSPEKINGUR OG EINN AF BRESKU RAUNHYGGJUMÖNNUNUM LÍKT OG GEORGE BERKELEY OG DAVID HUME.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST > 28. OKTÓBER 1886

Frelsisstyttan vígð í New York-höfn

Á þessum degi árið 1886 vígði Grover Cleveland, forseti Bandaríkjanna, frelsisstyttuna í höfninni í New York. Styttan, sem er 46 metra há, var gjöf frá Frökkum til Bandaríkjamanna.

Hugmyndin að styttunni kom frá franska sagnfræðingnum Edouard de Laboulaye til að minnast samstarfs Frakka og Bandaríkjamanna í uppreisninni gegn Bretum.

Styttan var hönnuð af Frederic-Auguste Bartholdi í líki konu sem lyftir kyndli til himins. Hið geysistóra stálvirki styttunnar var hannað meðal annars af Alexandre-Gustave Eiffel sem hannaði Eiffelturninn í París.

Í maí árið 1884 lauk gerð styttunnar í Frakklandi og þremur mánuðum síðar var lagður hornsteinn að undirstöðum hennar á Bedloeeyju við New York. Í júní 1885 kom styttan í bútum til Nýja heimsins. Uppsetningu styttunnar lauk þann 28. október 1886 í vígslu sem forsetinn leiddi.

Á stalli styttunnar er ljóð eftir Emmu Lazarus sem býður innflytjendur velkomna til Bandaríkjanna en árið 1892 varð Ellis-eyja í New York-höfn, skráningarmiðstöð fyrir innflytjendur.

Árið 1924 var styttan gerð að minnismerki og árið 1956 fékk Bedloeeyja nafnið Liberty-eyja. Miklar endurbætur voru gerðar á styttunni á níunda áratugnum.

MERKISATBURÐIR

1492 Kólumbus finnur Kúbu og slær eign sinni á hana fyrir hönd Spánar.

1636 Harvard-háskólinn í Bandaríkjunum er stofnaður.

1848 Dómkirkjan í Reykjavík er vígð.

1922 Benito Mussolini tekur við völdum á Ítalíu.

1943 Einar Ólafur Sveinsson hefur lestur á Njálu en það er í fyrsta sinn sem Íslendingasaga í fullri lengd er flutt í útvarpinu.

1987 Þátturinn á Tali hjá Hemma Gunn er í fyrsta sinn á dagskrá Sjónvarpsins.

ANDLÁT

Ragnheiður Böðvarsdóttir, frá Saurbæ, Kjalarnesi, til heimilis í Ástúni 12, Kópavogi, andaðist miðvikudaginn 12. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Gunnar Sigurgeirsson, Austurvegi 5, Grindavík, andaðist á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, þriðjudaginn 25. október.

Valgerður Kristólína Árnadóttir, frá Látrum í Aðalvík, lést á dvalarheimilinu Grund þriðjudaginn 25. október.

Þuríður Jónsdóttir, frá Grafardal, til heimilis á Kársnesbraut 135, Kópavogi, lést á Landspítalanum í Reykjavík miðvikudaginn 26. október.

JARÐARFARIR

13.00 **Grettir Björnsson** harmonikkuleikari, Urðarbakka 30, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 Minningarathöfn um **Konkordíu Sigurbjörgu Þorgrímsdóttur**, frá Tannastöðum, verður haldin í Langholtskirkju.

13.30 **Anton Sigurgeir Gunnlaugsson**, skipstjóri, Reynihólum 10, Dalvík, verður jarðsunginn frá Dalvíkurkirkju.

14.00 **Páll Sigurður Stefánsson**, Hnappavöllum, Öræfum, verður jarðsunginn frá Hofskirkju, Öræfum.

14.00 **Sigurður Karlsson**, bóndi, Laufási, verður jarðsunginn frá Egilsstaðakirkju.

15.00 **Bjarni Leifsson**, frá Patreksfirði, verður jarðsunginn frá Digraneskirkju.

15.00 **Einar Pétursson**, rafvirkjameistari, Laufbrekku 14, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju.

15.30 **Esther Á. Laxdal**, frá Tungu, Svalbarðsströnd, verður jarðsungin frá Svalbarðsstrandarkirkju.

AFMÆLI

Innilegustu þakkir til allra þeirra sem minntust mín með árnaðaróskum og á annan hátt á 90 ára afmæli mínu þann 23. september. Með vinar kveðju, Hákon Fr. Jóhannsson

Egill Eðvarðsson framleiðslustjóri er 58 ára.

Bill Gates, stofnandi Microsoft, er 50 ára.

Steinn Ármann Magnússon leikari er 41 árs.

Julia Roberts leikkona er 38 ára.

Guðmundur Steingrímsson sjónvarpsmaður er 33 ára.

FÆDDUST ÞENNAN DAG

1842 Anna Dickinson kvenréttindakona.

1846 Georges Escoffier meistarakokkur.

1896 Howard Hanson tónskáld.



1914 Jonas Salk læknir, fann upp bóluefni gegn lömunarveiki.

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.
Alhliða útfararþjónusta
Símar: 567 9110,
893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf.
Stofnað 1990

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

Þökkum innilega fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

Sigrúnar Gunnarsdóttur

Austurgötu 24, Keflavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Fríhafnarinnar, Holtaskóla og Félags leiðsögumanna á Suðurnesjum.

Fyrir hönd sona, foreldra, systra og annarra vandamanna,

Þórarinn Þórarinsson.

GRETTIR BJÖRNSSON HARMONIKKULEIKARI: VERÐUR JARÐSUNGINN Í DAG

Snillingur með nikkuna

Einstakur tónlistarmaður. Snillingur. Harmonikkusénî. Þetta eru orðin sem samferðamenn Grettis Björnssonar í tónlistinni velja félaga sínum.

Grettir fæddist 2. maí 1931 að Bjargi í Miðfirði. Tæpum þúsund árum áður hafði fæðst drengur á sama bæ er nefndur var Grettir og hlaut sá snemma viðurnefnið sterki. Grettir Ásmundarson var alræmdur á sinni tíð og vó fyrst mann aðeins fjórtán vetra. Afrek Grettis Björnssonar á lífsleiðinni voru af öðrum toga, hann var lengi í fremstu röð harmonikkuleikara og vakti meðal annars mikla hrifningu í Kanada þar sem hann bjó í tæpan áratug.

Grettir hóf ungur tónlistarnám og lærði á selló og klarinett auk harmonikkunnar og þótti afskaplega snjall listamaður.

„Hann var snillingur og það var einstaklega gott að vinna með honum,“ segir Hjördís Geirsdóttir söngkona sem spilaði talsvert með Gretti í seinni tíð. Hún getur þess einnig hve skemmtilegur hann var og undir það taka aðrir viðmælendur.

GRETTIR BJÖRNSSON Var nefndur eftir Gretti sterka Ásmundarsyni en báðir fæddust þeir á bænum Bjargi í Miðfirði í Vestur-Húnavatnssýslu. Myndin er tekin á heimili Grettis árið 1982.

FIMUR MEÐ NIKKUNA Grettir Björnsson var lengi í fremstu röð harmonikkuleikara.

Þegar Grettir var rúmlega tvítugur fluttu hann og Erna S. Geirsdóttir, eiginkona hans, til Vancouver í Kanada ásamt ungum syni þeirra, foreldrum Ernu, sex systkinum hennar og hundi. „Ævintýramaðurinn pabbi var aldeilis til í að fljóta með,“ segir Geir Jón Grettisson um utanförina. Fjölskyldan bjó í Kanada til 1960 og á þeim árum fæddust hjónunum þrjú börn til viðbótar; Margrét, Regína og Grettir.

Í Kanada vann Grettir við húsamálun og hélt þeirri iðn áfram eftir að heim var komið, samhliða tónlistinni.

Ragnar Bjarnason fékk Gretti í hljómsveit sína sem hóf að leika á Hótel Sögu árið 1965. „Það var gríðarlegur fengur að fá hann með alla þessa reynslu og snilligáfu,“ segir Ragnar. „Svo var hann svo yndislega góður drengur, heilsteyptur og góður í samstarfi.“

Gretti var annt um rætur sínar í Miðfirðinum og var mikill Húnvetningur í sér. Hann smitaðist af hestabakteríunni af Margréti dóttur sinni og átti nokkra hesta um ævina.

Samferðamönnum Grettis verður öllum tíðrætt um dugnað hans. „Hann var þrælduglegur og málaði alltaf með tónlistinni auk þess að sinna hestunum,“ segir Árni Scheving tónlistarmaður en þeir spiluðu meðal annars saman í hljómsveit Árna sem lék í Klúbbnum árið 1963 en Klúbburinn var þá flottasti skemmtistaðurinn í bænum.

Lengstum lék Grettir í danshljómsveitum og flutti lög annarra en hann samdi einnig eigin lög og gaf út hljómplötur. Lagið Austfjarðaþokan er hans þekktasta lag og á sinn stað í hjörtum fjölmargra.

Grettir greindist með bráðahvítblæði í apríl en átti góða daga í sumar og sinnti þá meðal annars hestunum sínum. Hann lést fimmtudaginn 20. október á blóðlækningadeild Landspítalans.

Útför Grettis Björnssonar verður gerð frá Fossvogskirkju klukkan 13 í dag.

Hulda Parrish er látin

Fréttablaðið fjallaði í sumar um heimsókn Huldu Parrish til Íslands. Hulda flutti fimm ára gömul til Ástralíu ásamt foreldrum sínum og bræðrum. Fyrir rúmu ári greindist hún með krabbamein og sex mánuðum síðar varð ljóst að krabbameinið hafði breiðst út og að hún myndi lúta í lægra haldi fyrir sjúkdómnum. Hún ákvað þá að láta hinstu ósk sína rætast, sem var að koma til Íslands og hitta ömmu sína. Hulda sem aðeins var 41 árs kom hingað með dóttur sinni og dóttursyni sem hún vildi kynna fyrir fæðingarlandi sínu og ættingjum.

Þegar Hulda sneri aftur til Ástralíu hrakaði henni fljótt og kom í ljós að hún var mun veikari en margir höfðu talið. Hún lést í síðustu viku eftir hetjulega baráttu. ■

Á GÓÐRI STUND Hulda lagði leið sína til Íslands í sumar til að hitta ömmu sína og nöfnu í síðasta sinn.

BRÚÐHJÓN

Ingunn María Þorbergsdóttir og Arnar Hjartarson voru gefin saman á Akranesi hinn 10. september, af sýslumanni. SVIPMYNDIR

Helgarsprengja

Öll raftæki fást í Hagkaupum Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.

5.990
fullt verð 8.990-

Ideline ryksuga
- 1800w ryksuga - rauð/silfur
- Handhæg og kröftug
- Hljóðlát og vel búin
- Kraftstilling
- Fylgihlutir
- Þyngd: 5,5kg

4.490
fullt verð 5.490-

Melissa ryksuga
- Einföld og góð 1400w ryksuga
- 1400w
- 5 filtera kerfi
- Ál rör í 2 pörtum

Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
4.999* kr
á mán. í 12 mánuði
Verð 59.988,-

Whirlpool þvottavél
- 1400 snúninga og 6kg þvottavél með stafrænu kerfisvali
- Tekur 6kg í þvott
- Íslenskt stjórnborð
- 6th Sense - Skynjar óhreinindi í vatni sem flýtir þvottatíma
- Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir
- Hámarksvinda 1400 snúningar
- Stafræn niðurtalning á þvottatíma
- Ullarkerfi - Ullarvagga
- Handþvottakerfi
- Hraðkerfi 30 mín.
- Þvotthæfni A
- Vinduhæfni B
- Orkunýting A+
- Íslenskur leiðarvísir fylgir

3.490
fullt verð 5.990-

United ryksuga
- Einföld og góð 1600w ryksuga
- HEPA filterkerfi
- Hægt að stilla sogkraft
- 6m rafmagnssnúra
- Litur: silfur/svört
- 3 pokar fylgja

39.990
fullt verð 59.990-

Whirlpool þvottavél
- 1400 snúninga og 5kg þvottavél
- Íslenskt stjórnborð - Íslenskur leiðarvísir
- Rafeinda/mekanískur kerfisveljari
- Hitastillir 30-95°
- Hámarksvinda 1400 snúningar
- Ullarvagga
- Silkiþvottakerfi
- Hraðkerfi 30 mín.
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni B

Vaxtalaus verðsprengja!
aðeins
6.999* kr
á mán. í 5 mánuði
Verð 34.995,-

Euroline þvottavél
- 1200 snúninga og 5,5kg þvottavél
- Stiglaus vinding 400-1200 snúninga
- Hitastillir 30-90°
- Hurðaropnun 30cm
- Ullarkerfi, skolstopp, aukaskol og hraðkerfi
- Þvotthæfni A
- Orkunýting A
- Vinduhæfni C

Gildir til 31. október eða á meðan birgðir endast.
***Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.**

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

STUÐ MILLI STRÍÐA Gamla kassettutækið

SIGRÍÐI B. TÓMASDÓTTUR ÞYKIR NÚTÍMATÆKI ENDAST ILLA.

Þegar ég var ellefu ára fékk ég kassettutæki í afmælisgjöf. Það var stórt og voldugt eins og tíðkaðist, með útvarpi innbyggðu auðvitað. Ég var gríðarlega ánægð með tækið. Ekki nóg með að ég gæti hlustað á mínar uppáhaldskassettur í herberginu mínu, ég gat líka tekið upp úr útvarpinu þegar popp, rokk og ról var á dagskránni. Sem var sjaldan árið 1982.

Kassettutækið var sem sagt mikið þarfaþing enda rándýrt að mig minnir. En það var peninganna virði. Ég notaði það ógurlega mikið, hlustaði á það heima og tók það með í fjölmörg ferðalög, meðal annars í margar útilegur. Það rigndi á það og það fylltist af sandi en aldrei bilaði það.

Sagan af kassettutækinu góða rifjaðist upp fyrir mér þegar ég þurfti að fara með nýju heimilistölvuna í viðgerð eftir tveggja daga notkun. Ný tæki virðast ekki endast neitt, þau bila oft um leið og þau eru tekin í notkun og virðast bila oft og mikið. Sérstaklega tölvur en símar eru líka frekar vonlausir. Heimilissíminn minn var til skamms tíma eldgamall skífusími sem þrælvirkaði. Nýi heimilissíminn, sem að sjálfsögðu er með tökkum, er strax farinn að klikka. Farsímar endast náttúrlega ekki neitt, nema kannski fyrstu árgangarnir, þeir virðast langbestir.

Viðkvæðið er líka oft þegar maður kemur með tækin í viðgerð að það taki því nú ekki að gera við dótið, viðgerð sé svo dýr að það hreinlega borgi sig að kaupa bara nýtt. Og auðvitað er það satt að ýmis tæki, eins og til dæmis símar og kassettutæki, eru orðin frekar ódýr. En það er svo sem nóg til af dýrum tækjum ef út í það er farið.

Hvað verður svo um öll gömlu tækin? Nú þegar allir skipta um tölvu á fárra ára fresti hlýtur einhvers staðar að vera að safnast upp mikið rusl og drasl. Ég hef af þessu nokkrar áhyggjur. Og um leið verð ég að viðurkenna að ég sé eftir að hafa hent gamla kassettutækinu þegar æskuheimilið var selt, því útvarpið með geislaspilaranum sem ég keypti í staðinn er löngu orðið ónýtt.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Pú og pa

Eftir SÖB

Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell

Barnalán

Eftir Kirkman/Scott

Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi.
Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com.
Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

		1		2				8
3	8		1				6	
5		2			4	9		7
		3	9		5			4
6	5						2	9
4			8		2	6		
9		7	6			2		1
	4				7		5	3
8				1		7		

Lausn á gátu gærdagsins

3	9	2	7	6	5	8	4	1
8	1	6	9	3	4	5	2	7
4	7	5	1	8	2	3	6	9
9	5	4	2	7	6	1	3	8
6	8	3	5	1	9	4	7	2
1	2	7	3	4	8	9	5	6
5	6	1	4	9	7	2	8	3
7	4	9	8	2	3	6	1	5
2	3	8	6	5	1	7	9	4

FRÁBÆRAR VINNINGSLÍKUR

Frón

SPRENGJA

NÝR FOX FRÁ HEKLU

KAUPTU ÞRJÁ PAKKA
OG ÞÚ GETUR UNNIÐ FOX

BÓNUS

Kl. 12.15
***Hildur Halldórsdóttur** flytur fyrirlestur um tengsl listaskáldsins góða og ljóta andarungans, þeirra **Jónasar Hallgrímssonar** og **H.C. Andersen**, í stofu 201 í Árnagarði.*

menning

menning@frettabladid.is

Raddir átta hundruð karla

Þegar átta hundruð karlar hefja upp raust sína í einu og syngja saman má búast við býsna voldugum hljómi. Þetta getur fólk upplifað um kvöldmatarleytið á morgun í íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði.
„Miðbærinn í Hafnarfirði verður allur undirlagður af söngmönnum og gestum þeirra," segir Jón Kristinn Cortez, stjórnandi karlakórsins Þrasta í Hafnarfirði sem er gestgjafi hinna kóranna. „Hingað koma 19 kórar frá öllum landshlutum." Mótið hefst með æfingum í fyrramálið en síðan verða haldnir þrennir tónleikar klukkan 14 þar sem hver kór fær fimmtán mínútur til umráða. Tónleikarnir verða í Hafnarborg, Hásölum og Íþróttahúsinu við Strandgötu, og hver kór kemur fram á tvennum af þessum þrennum tónleikum. „Við ætlum síðan að ljúka landsmótinu með hátíðartónleikum í Íþróttahúsinu klukkan 18.30 þar sem allir kórarnir syngja saman með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þar flytjum við átta íslensk verk, allt saman stór karlakóralög eins og Brennið þið vitar."

> Ekki missa af ...

... sýningu **Þorbjargar Þorvaldsdóttur**, Staðir fyrir minningar, sem nú stendur yfir í Listasafni ASÍ við Freyjugötu.

... tónleikum finnska karlakórsins **YL** í Hallgrímskirkju í kvöld þar sem hann flytur eldri sem yngri tónlist.

... sýningunni **Tími Romanovættarinnar í Rússlandi** sem nú stendur yfir í Gerðarsafni í Kópavogi.

Woyzeck stígur á svið

Í kvöld frumsýnir Vesturport leikritið Woyzeck í Borgarleikhúsinu eftir frægðarför hópsins með verkið til London. Ingvar E. Sigurðsson leikur þar ógæfumanninn Woyzeck, sem þarf að kljást við áreiti úr öllum áttum.

ÚR WOYZECK Ingvar E. Sigurðsson og Víkingur Kristjánsson í hlutverkum sínum.

„Þetta er búið að vera ansi mikið ævintýri og mikil spenna," segir Ingvar E. Sigurðsson, sem leikur Woyzeck í uppfærslu Vesturports. „Ekki þó þannig að við værum stressuð að sýna þetta á ensku heldur var tíminn svo knappur fyrir alla tæknivinnnu. Sviðið þarna úti er allt öðruvísi en sviðið sem við æfðum á, þannig að við vorum ansi brothætt á frumsýningunni. En það hafðist samt og síðan vorum við að leika á hverjum einasta degi þannig að núna erum við orðin ansi vel smurð held ég."

Verkið var frumsýnt í Barbican Centre í London fyrr í mánuðinum og hlaut frábæra dóma hjá gagnrýnendum þar ytra. Vesturport hafði áður vakið athygli fyrir dirfsku þegar hópurinn sýndi Rómeó og Júlíu á sama stað.

Ýmislegt fleira er á döfinni hjá Vesturporti erlendis, þótt enn hafi ekkert verið ákveðið í þeim efnum. Leikhús í fleiri löndum hafa boðið hópnum að koma með bæði Woyzeck og Rómeó og Júliu. Einnig hefur Brim, verk Jóns Atla Jónassonar, vakið athygli út fyrir landsteinana.

„Það eru að koma leikhússtjórar frá Bretlandi að horfa á okkur, en maður veit aldrei hvað kemur út úr svona hlutum."

Woyzeck er eftir þýska leikskáldið Georg Büchner, skrifað á nítjándu öld, en í meðförum Vesturports tekur leikritið á sig töluvert breytta mynd.

„Það er svo auðvelt að leika sér með þetta leikrit og menn hafa oft leyft sér það. Þetta eru mjög knappar og stuttar senur sem hægt er að raða upp á alla vegu."

Sýningin breyttist líka heilmikið í meðförum leikhópsins meðan á sýningum stóð úti í London.

„Það höfum við svo sem alltaf gert, líka með Rómeó og Júlíu og líka Brim. Við höfum alltaf verið að endurskoða verkin og oft tekið extra æfingar og breytt senum. Þetta er aldrei endanlegt hjá okkur."

Leikarar í sýningunni, auk Sigurðs, eru þau Árni Pétur Guðjónsson, Björn Hlynur Haraldsson, Erlendur Eiríksson, Harpa Arnardóttir, Jóhannes Níels Sigurðsson, Nína Dögg Filippusdóttir, Ólafur Darri Ólafsson, Ólafur Egill Egilsson og Víkingur Kristjánsson. Auk þess tekur 11 manna karlakór þátt í sýningunni.

Leikstjóri er Gísli Örn Garðarsson en tónlistin er eftir ekki minni menn en Nick Cave og Warren Ellis.

„Woyzek er fátækur maður," segir Ingvar um persónuna sem hann leikur. „Hann reynir að drýgja tekjurnar með því að vera tilraunadýr hjá vísindamanni eða lækni sem er að rannsaka hegðun mannsins, hegðun dýra og hegðun náttúrunnar. Woyzeck er orðinn hálf skrýtinn af þessum tilraunum og svo bætist ofan á að hann heldur að konan hans hafi svikið sig. Hann er mjög þjakaður af alls kyns áreiti."

Haraldur opnar sýningu í 101

Haraldur Jónsson myndlistarmaður opnar sýningu í 101 Gallery klukkan 17 í dag.

Verk Haraldar hafa verið áberandi í myndlistarlífinu að undanförnu. Skemmst er að minnast ljósmyndasýningar hans á Þjóðminjasafninu og sýningar hans í Hafnarhúsinu sem var hluti af Listahátíð í Reykjavík 2005.

Um þessar mundir eru verk Haraldar til sýnis á alþjóðlegum tvíæringi í Belgíu og í nóvember verður hann einn af fulltrúum Íslands á sýningunni Mythos und Melankolie í Köln í Þýskalandi.

HARALDUR JÓNSSON Sýnir verk sín í 101 Gallery við Hverfisgötuna.

„Verk Haraldar Jónssonar eru stundum svo fínleg að þau virðast búin til úr engu," segir í texta Jóns Proppé um verk Haraldar. „Hið innra líf okkar er eitt meginþemað í mörgum verkum Haraldar og sýningin í 101 Gallery snýst um það: Tilfinningar, kenndir og geðshræringar."

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

KÆRU NEYTENDUR

Súperbygg hefur frá upphafi boðið upp á lægri vöruverð en samkeppnisaðilarnir, sem bjóða nú upp á “verðvernd” með hinum ýmsu skilmálum. Súperbygg býður einfaldlega lægri vöruverð án nokkura skilmála.

Hér sýnum við ykkur verðmun á milli Súperbygg og samkeppnisaðila á sömu eða mjög sambærilegri vöru.

Hverjir eru í raun með lægsta vöruverðið?

HÚSASMIÐJAN ...ekkert mál

Skrifstofa Holtagörðum
104 Reykjavík
Sími 525 3000
Fax 525 3104
husasmidjan@husasmidjan.is

Kennitala 520171-0299
VSKnr. 11326

REIKNINGUR
2804578

VIÐSKM.NR.: 1122-1122 Kt. 001122-1122 S:
* S T A Ð G R E I Ð S L A *
** S T A Ð G R E I Ð S L A ** 57072638

REIKN.NR.:
DAGS.: 57068391
PÖNTUN NR.: 26.10.2005
BEIÐNI NR.:
SÖLUMAÐUR:
GJALDKERI: ASTAR
57 Verslun, Smáratorg Síða..:1

VÖRUNR.	VÖRUHEITI	MAGN	EIN.VERÐ	AFSL.	UPPHÆÐ
5076140	MÚRFATA 20L SVÖRT	1.00 stk	795		795
5503600	SAUMUR HG 2" 4KG HAUS	1.00 pakk	1.667		1.667
5620300	MÚRBOLTI G 8X85/15 UPAT	10.00 stk	68		680
5611318	SKRÚFA A4 TX 4.5X50 FL	200.00 stk	9,85	35,00	1.970 T
5616860	SKRÚFA G TX 4.5X50 FL	1.00 pakk	565		565
5006592	MÁLBAND 5M 33.158	1.00 stk	1.595		1.595
5026614	BOR SPAÐABOR 20-157MM *	1.00 stk	695		695
5029060	BOR STÁL 5.0 HSS	1.00 stk	119		119
5007932	BLÝANTUR SMIÐA BLÁR PROMA	1.00 stk	185		185

Samtals 8.271
Tilboðsverð -690

Reikningsupphæð 7.581

Gjalddagi reikningviðskipta er 1. næsta mánaðar og eindagi þann 20.
Eftir eindaga reiknast dráttarvextir frá og með gjalddaga.
Vöru í söluhæfu ástandi má skila gegn framvísun reiknings.
Athugasemdir við reikninginn verða að berast innan 7 daga.
Athugið almenna viðskiptaskilmála á www.husa.is.

AFHENDA FRUMRIT
Mótt. Nafn Kennitala

Súperbygg ehf
Bæjarhraun 8
220 Hafnarfjörður
Kt.: 551203-2710 Vsk-númer: 81317 Sími: +354 414 60 80 Fax: 354 414 6099
Bankaupplýsingar : 0318 - 26 - 551

SÚPERBYGG – meira fyrir minna

REIKNINGUR

STAÐGREIÐSLA

Reikningur nr. 0015769
Viðskiptanúmer 999999999999
Dagsetning 26.10.2005

Kt. 999999-9999 Sölumaður Sigurður G

Vörunr.	Vöruheiti	Magn	Ein.verð	Upphæð
1054984	Múrfata 20L.	1,00 STK	290	290
11121-050	SAUMUR HH 50MM 4kg	1,00 Pak	1.246	1.246
341213045050	Torx skr.A4 4,5x50 200pk	1,00 pk	1.130	1.130
3205FB002000	Spaðabor 20mm	1,00 STK	197	197
340125045060	Torx skr.4,5x60 200pk	1,00 PK	366	366
1062059	Málband Stanley 5 m	1,00 stk	699	699
3205AF000500	HSS bor 5,0mm DIN338	1,00 STK	46	46
530307080080 100pk	Dmfx.múrb.8x80 A2	10,00 stk	34	335
1026639	Hultafors smíðabliantar blár	1,00 stk	100	100

Samtals ISK með vsk. 4.409
Þar af Vsk. 868

Samtals ISK með vsk. 4.409
Þar af Vsk. 868

Sundurliðun vsk. upphæðar

VSK 24.5% 3.541 868

Reikningur úr rafrænu bókhaldskerfi skv. reglugerð 598/1999

0015769

72% mismunur milli Húsasmiðjunnar og Súperbygg

BYKO

BREIÐDINNI KÖPAVOGI Aðalskrifstofa og skiptiborð SÍMI: 515 4000 - VERSLUN BREIÐD SÍMI: 515 4200 - LEIGUMARKAÐUR BYKO BREIÐD SÍMI: 515 4020
TIMBURVERSLUN BREIÐD SÍMI: 515 4100 - LAGNAÐEILD BREIÐD SÍMI: 515 4040 - DALSHRAUNI HAFNARFIRÐI SÍMI: 555 4411 - HRINGBRAUT REYKJAVÍK SÍMI: 562 9400
GLERÁRTORGI AKUREYRI SÍMI: 460 4800 - FURUVÖLLUM AKUREYRI SÍMI: 460 4860 - VÍKURBRAUT KEFLAVÍK SÍMI: 421 7000 - SMIÐJUVÖLLUM AKRANESI SÍMI: 433 4100
BÚÐAREYRI REYÐARFIRÐI SÍMI: 470 4200
LANGHOLTI SELFOSSI SÍMI: 480 4600

1028452

REIKNINGUR - FRUMRIT
AFGREIÐSLUSTAÐUR: Ný Breidd - 3 U3 89527

VIÐSKIPTAREIKNINGUR	NÚMER BLS.	DAGSETNING
999999-9999	3070261 1	26.10.05 14:45

Ymsir viðskiptamenn

STAÐGREITT
útt:9999999999

Frumrit afhent við afgreiðslu. DöH

VÖRUNÚMER	VÖRUHEITI	EIN.	MAGN	EININGARVERÐ	UPPHÆÐ KR.
10273050	TB SAUMUR GALV 2" 4KG	pk	1,00	1.481,00	1.481
77818020	MÚRFATA 20 LTR	STK	1,00	474,00	474
70130497	STANLEY MÁLBAND 5 MTR PLAST	STK	1,00	1.289,99	1.290
330034560	BYG TRESKR 4,5X60 UZ	stk	200,00	2,44	488
330114550	A4 TRESKR 4,5X50 UZ	stk	200,00	6,27	1.255
73220050	STÁLBOR HSS 5,00MM (2)	stk	1,00	267,00	267
70253020	SPAÐABOR 20X150MM	stk	1,00	830,00	830
74530060	BLACKEDGE BLÝANTUR SOFT	stk	1,00	153,00	153
33008015	MÚRBOLTI 8/10+23 76MM RG	stk	10,00	44,99	450

BYKO MEÐ ÞÉR

VSK. 1.316 REIKNINGSUPPHÆÐ KR. 6.688

Afgreiðsluseðill gildir í 7 daga frá dagsetningu. Litiprent

REIKNINGSUPPHÆÐ KR. 6.688

52% mismunur milli Byko og Súperbygg

Opið mán-fös 8-18 og lau 10-15

Bæjarhaun 8 Hafnarfjörður
Sími: 414-6080

SÚPERBYGG
– meira fyrir minna





Stóra svið

Salka Valka

Su 30/10 kl. 20 Græn kort
Fi 3/11 kl. 20 Blá kort Lau 12/11 kl. 20
Fi 17/11 kl. 20 Fi 24/11 kl. 20 Fö 25/11 kl. 20

Woyzeck

Í kvöld kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT
Lau 29/10 kl. 20 Gul kort Lau 5/11 kl. 20
Rauð kort Fi 10/11 kl. 20 Græn kort
Fö 11/11 kl. 20 Blá kort Lau 19/11 kl. 20

Kalli á þakinu

Su 30/10 kl. 14 UPPSELT
Su 6/11 kl. 14 UPPSELT
Su 13/11 kl. 14 Su 20/11 kl. 14

Id - Haustsýning

Wonderland e. Jóhann Frey Björgvinsson
Critic´s Choice? e. P.Anderson og Pocket Ocean e. Rui Horta 4/11 kl. 20 FRUMSÝNING
Su 6/11 kl. 20 Su 13/11 kl. 20 Su20/11 kl. 20
Mi 23/11 kl. 20 Aðeins þessar 5 sýningar!

Nýja svið/Litla svið

Líf sins tré

Fö 28/10 kl. 20 UPPSELT
Fi 3/11 kl. 20 UPPSELT
Fö 4/11 kl. 20 UPPSELT Lau 5/11 kl. 20
Fi 10/11 kl. 20 Fö 11/11 kl. 20 Fö 18/11 kl. 20

Alveg brilljant skilnaður

Lau 29/10 kl.20 UPPS. Su 30/10 KL. 20 UPPS.
Má 31/10 AUKASÝNING Su 6/11 kl. 20 UPPS.
Su 13/11 kl. 20 AUKASÝNING
Su 20/11 kl. 20 AUKAS. Síðustu sýningar!

Manntafl

Lau 12/11 kl. 20 Fi 17/10 kl. 20 Fi 24/10 kl.20

Forðist okkur

e. Hugleik Dagsson. Síðustu sýningar!
Nemendaleikhúsið í samvinnu við leikhópinn CommonNonsense.
Lau 29/10 kl. 18 Lau 29/10 kl. 21 UPPSELT
Su 30/10 kl. 17 Su 30/10 kl. 20 UPPSELT
Má 31/10 kl. 20 UPPS. Þr 1/11kl. 20 UPPSELT

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
7. sýn. í kvöld fös. 28/10 örfá sæti laus, 8. sýn. fim. 3/11 nokkur sæti laus, 9. sýn. fös. 4/11 nokkur sæti laus, 10. sýn. lau. 5/11 örfá sæti laus, fim. 10/11, fös. 11/11 nokkur sæti laus, lau. 12/11. Sýnt í október og nóvember.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR
Lau. 29/10 kl. 20:00 örfá sæti laus, sun. 6/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 13/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00..

EDITH PIAF
Sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 örfá sæti laus, sun. 27/11 örfá sæti laus, sun 4/12 örfá sæti laus - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

KLIPPIMYNDIR - Ballettsýning frá Konunglega danska leikhússins
Sun. 30/10 kl. 14:00 örfá sæti laus og kl. 16:00 örfá sæti laus.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

KODDAMAÐURINN
Lau. 29/10 kl. 16:00 nokkur sæti laus, sun. 30/10 örfá sæti laus.
Aðeins þessar tvær sýningar eftir.

BRIM
Fös. 4/11 örfá sæti laus, sun. 6/11, mið. 9/11, lau. 12/11, sun. 13/11. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
Forsýningar í kvöld mið. 26/10 uppselt og fim. 27/10 uppselt.
Frumsýning fös. 28/10 uppselt, sun. 30/10 örfá sæti laus, fim. 3/11 örfá sæti laus, lau. 5/11. Sýnt í október og nóvember.

DÓMSALURINN KL. 20.00

RÉTTARHÖLDIN
Þri. 1/11 "Hvað er lýðræði? Hvar liggja mörkin á milli mótmæla og hryðjuverka?" Aðgangur ókeypis og öllum opinn.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fim. 27/10 kl. 21:00 Óperan í öðru ljósi. Menningarkvöld Íslensku óperunnar
Fös. 28/10 kl. 23:00 Pörupiltar - Uppselt.
Lau. 29/10 kl. 21:00 Ljóðakvöld. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsso
Lau. 29/10 kl. 23:00 Pörupiltar - "Strákarnir" sem allir eru að tala um!
Sun. 30/10. Sunnudagsjass. Múlinn -Patagonia. Latín og brasílísk jasstónlist

Miðasala við innganginn. Upplýsingar í s. 585 1295
Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MIÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MIÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

GERÐUBERG

Söngur og sund á sunnudegi
með Ingveldi Ýri Jónsdóttur.
Sunnudaginn 30.október kl. 13
Sungin lög eftir Atla Heimi Sveinsson.
Aðgangseyrir 500 kr.

Sjónþing
Yfirlitssýning á verkum Þórdísar Zoëga hönnuðar

Boginn
Sýning á klippimyndum eftir Einar Árnason

Sýningar opnar:
Virka daga 11-17, miðvikud. 11-21, helgar 13-16 Sími: 5757700

www.gerduberg.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

25 26 27 **28** 29 30 1

Föstudagur

TÓNLEIKAR

20.00 Finnski karlakórinn **YL** syngur á tónleikum í Hallgrímskirkju.

20.30 Tónleikar **Signýjar Sæmundsdóttur** sópransöngkonu og **Þóru Fríðu Sæmundsdóttur** píanóleikara verða haldnir í Safnaðarheimili Oddasóknar á Hellu.

21.00 **Djasskvartett Kára Árnasonar** flytur íslenskar og erlendar djassperlur í Ráðhúskaffi í Þorlákshöfn. Kári spilar á trommur, en með honum spila þeir **Sigurður Flosason** á saxófón, **Agnar Már Magnússon** á hammondorgel og **Ómar Guðjónsson** á gítar. Þetta eru opnunartónleikar tónlistarhátíðarinnar í Ölfusi, Tónar við hafið.

22.30 **Siggi Sig.** og **Mike Pollock** spila blús á Café Rosenberg við Lækjargötu.

23.00 Hljómsveitin **Sign** verður með tónleika á Grand Rokk.

LEIKLIST

20.00 **Frelsi**, nýtt leikrit eftir **Hrund Ólafsdóttur**, verður frumsýnt á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Leikstjóri er **Jón Páll Eyjólfsson**.

20.00 Leikhópurinn Vesturport frumsýnir **Woyzeck** í Borgarleikhúsinu.

OPNANIR

17.00 **Haraldur Jónsson** opnar sýningu í 101 Gallery, Hverfisgötu 18a.

17.00 Sýning á vatnslitamyndum eftir þýska listamanninn **Bernd Koberling** verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur - Ásmundarsafni.

17.00 **Arngunnur Ýr** opnar sýningu í Gallerí Terpentínu, Ingólfsstræti 5, ásamt myndlistarkonunni **Amöndu Hughen**.

SKEMMTANIR

23.00 Hljómsveitin **Upplyfting** verður með dansleik á Kringlukránni.

Hljómsveit **Rúnars Þórs** á Vélsmiðjunni á Akureyri.

Hljómsveitin **Feik** frá Grundafirði spilar í Classic Rock Sportbar, Ármúla 5.

Atli skemmtanalögga og **Áki pain** á Pravda.

Trúbadorinn **Einar Örn** spilar á Kaffi Júdas, Selfossi.

FYRIRLESTRAR

12.00 **Helgi Áss Grétarsson** flytur erindi um skyldur foreldra á Lögfræðitorgi Háskólans á Akureyri í stofu L203 í Sólborg við Norðurslóð.

12.15 **Hildur Halldórsdóttur** flytur fyrirlestur um tengsl listaskáldsins góða og ljóta andarungans, **Jónas Hallgrímsson** og **H.C. Andersen**, í stofu 201 í Árnagarði á vegum stofnunar Vigdísar Finnbogadóttur.

FUNDIR

13.00 **Rannsóknastofa í öldrunarfræðum** í Salnum í Kópavogi undir yfirskriftinni **Minnismóttakan í 10 ár**.

13.00 Ráðstefna um skólagöngu hjartveikra barna verður haldin í Gerðubergi.

Gestur - Síðasta máltíðin
Hinsegin óperetta
3. sýning - Sun. 30. okt. kl. 17.00
4. sýning - fim. 3. nóv. kl. 20.00
5. sýning - lau. 5. nóv. kl. 17.00
örfá sæti laus
VÍSIR
Sýnt í Iðnó, miðasala í síma: 562-9700, á idno@xnet.is og á midi.is

HIMNARÍKI
Geðklofin gamanleikur eftir Árna Ibsen
13. sýn fös 28. okt - örfá sæti
14. sýn lau 29. okt - örfá sæti
15. sýn fös 4. nóv - örfá sæti
16. sýn lau 5. nóv - örfá sæti
17. sýn fös 11. nóv - örfá sæti
18. sýn fös 18. nóv
19. sýn lau 19. nóv
20. sýn fös 25. nóv
21. sýn lau 26. nóv
10 ÁRA HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðapantanir í síma 555 2222 og á midi.is

Stórhættulegt að setja upp íslenskt leikverk

Frelsi, nýtt íslenskt leikrit eftir Hrund Ólafsdóttur, verður frumsýnt á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins í kvöld. Verkið fjallar um fjögur ungmenni sem eru ekki sátt við umhverfi sitt og samfélagi. Í leit að leiðum til að láta rödd sína heyrast kviknar hugmynd, en í heimi þar sem peningar eru mælikvarði alls geta hugmyndir um réttlæti orðið hættulegar.

Þetta er fyrsta leikrit Hrundar í fullri lengd og jafnframt fyrsta verk hennar sem sett er upp í atvinnuleikhúsi. Þá er þetta frumraun Jóns Páls Eyjólfssonar sem leikstjóra í Þjóðleikhúsinu. „Ferlið hefur gengið vel," segir Jón Páll. „Að vísu nokkur boðaföll eins og alltaf, enda er stórhættulegt að setja upp nýtt íslenskt leikverk," segir hann sposkur.

Frelsi spyr áleitinna spurninga telur Jón Páll og það heillaði hann við verkið. „Við búum í samfélagi þar sem hlutir öðlast virði með peningum. Ég tek þá afstöðu að það hljóti að vera eitthvað annað og meira í lífunu, annars erum við ekkert nema fötin á bakinu og bíllinn í innkeyrslunni. Leikhúsið á einmitt að vera eitthvað annað og sýna okkur að það er meira til að lifa fyrir en næsta raðgreiðsla og það held ég að Hrund takist í þessu verki."

Jón Páll segir það ekki hafa komið sér á óvart að Þjóðleikhúsið hafi viljað setja verkið upp. „Þjóðleikhúsið hefur alltaf verið vettvangur fyrir nýskrif og ég held að það felist líka ákveðin skilaboð í því sem er að peningar eru ekki sá mælikvarða sem er lagður á leikhús; sýningar eru ekki settar upp eingöngu undir þeim formerkjum hvað má græða mikið á þeim."

Aðalhlutverk sýningarinnar eru í höndum Ólafs Steins Ingunnarsonar, Ísgerðar Elfu Gunnarsdóttur, Arnbjargar Hlífar Valsdóttur og Gísla Péturs Hinrikssonar.



JÓN PÁLL EYJÓLFSSON Frelsi er fyrsta leikstjórnarverk Jóns í Þjóðleikhúsinu.

ÚR FRELSI Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir, Arnbjörg Hlíf Valsdóttir og Gísli Pétur Hinriksson.

Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

Hjálmar: Hjálmar, **KampKnox:** A tad 65, **Worm is Green:** Push Play, **Cynic Guru:** Iceland, **Rammstein:** Rosenrot, **Stevie Wonder:** A Time 2 Love og **The White Stripes:** Get Behind Me Satan.

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Andrúmsloftið skiptir máli

Dúettinn The White Stripes segist eiga Bretlandi margt að þakka. Jack og Meg White eru nú á túr í Evrópu og munu spila í Bretlandi hinn 5. nóvember. Þá halda þau tónleika í Alexandra Palace í London 8.-9. nóvember. Þau segja það að spila í Bretlandi hafa haft mikil áhrif á það hvernig þau haga sér á tónleikum. „Við vorum örlítið áhyggjufull yfir tónleikunum í Alexandra Palace þegar við spiluðum þar síðast. Við héldum að staðurinn yrði tómur en tónleikarnir urðu svo mjög áhugaverðir og sérstaklega áhorfendurnir. London er staður sem við höfum notað mikið í að læra inn á það hvað við komumst upp með og hvers konar andrúmsloft þarf að vera til staðar svo okkur líði vel þegar við komum fram," sagði Jack White. Hann bætti því við að hinir ýmsu tónleikar í Bretlandi hefðu náð ólíkum hlutum út úr honum og Meg. „Það er mismunandi andrúmsloft á hverjum stað. Sem skemmtikraftur þarf maður að díla við við þetta allt, sama hvernig manni líður." The White Stripes er þekkt fyrir að halda tryllta tónleika og mun sýna okkur mátt sinn og megin þann 20. nóvember þegar dúettinn heldur tónleika hér á Íslandi. Þá er óskandi að íslenskir tónleikagestir nái að skapa þetta rétta andrúmsloft fyrir þau systkin svo tónleikarnir verði sem bestir.

WHITE STRIPES Þau halda tónleika hér á landi þann 20. nóvember.

> Plata vikunnar...



SLEATER-KINNEY: The Woods

„Stelpurnar í Sleater-Kinney eru búnar að vera svo lengi að gefa út plötur að þeim er loksins orðið skítsama hvað öðrum finnst um sköpunarverk sín. Þær hafa aldrei verið betri." **BÖS**

> Popptextinn...

Situations have ended sad, relationships have all been bad. Mine've been like Verlaine's and Rimbaud.

Bob Dylan samdi lagið You're Gonna Make Me Lonesome When You Go um það leyti sem hann var að skilja við konuna sína. Lagið er á plötunni Blood on the Tracks.

Kynjaborgin Reykjavík

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhúsinu 29. október 2005.

Málþing haldið í samvinnu Reykjavíkurborgar og Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands í tilefni af 30 ára afmæli kvennafrídagsins 24. okt.

Kl. 11.00 - 11.10	Setning: **Steinunn Valdís Óskarsdóttir** borgarstjóri.
Kl. 11.10 - 11.25	**Gerður Róbertsdóttir** sagnfræðingur Árbæjarsafni: Frá peysufötum til pinnahæla. Brot úr sögu kvenna.
Kl. 11.25 - 11.40	**Katrín Jakobsdóttir** bókmenntafræðingur: Símaulandi og símalandi Um reykvískar konur í íslenskum glæpasögum.
Kl. 11.40 - 11.50	**Ingibjörg Haraldsdóttir** les ljóð.
Kl. 11.50 - 12.05	**Salvör Jónsdóttir** skipulagssviði Reykjavíkurborgar: Skipulagsmál og feminismi.
Kl. 12.05 - 12.20	**Heiða Jóhannsdóttir** kvikmyndfræðingur: Í sjónmáli ferðamannsins: Reykjavík sem heita borgin í norðri.
Kl. 12.20 - 12.40	Kaffihlé
Kl. 12.40 - 13.00	**Magga Stína og hljómsveit**
Kl. 13.00 - 13.15	**Guðbjörg Linda Rafnsdóttir** félagsfræðingur og lektor við H.Í.: Kynlegar tölur um stöðu reykvískra kvenna.
Kl. 13.15 - 13.25	**Sigurbjörg Þrastardóttir** les ljóð.
Kl. 13.25 - 13.40	**Harpa Björnsdóttir** myndlistarkona: Konur í reykvískri myndlist.
Kl. 13.40 – 14.00	Umræður.

Málþingsstjórar verða **Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir** formaður jafnréttisnefndar Reykjavíkurborgar og **Kristín Ástgeirsdóttir** sagnfræðingur og starfandi forstöðumaður Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum.

Reykjavíkurborg

RANNSÓKNARSTOFA Í KVENNA- OG KYNJAFRÆÐUM

ENNEMM / SÍA / NM13570

Dramatískir tölvupopparar

Hljómsveitin Depeche Mode hefur gefið út sína tólftu hljóðversplötu sem nefnist Playing the Angel. Freyr Bjarnason renndi yfir feril þessarar merku sveitar.

Á TÓNLEIKUM David Gahan, söngvari Depeche Mode, er þekktur fyrir öfluga sviðsframkomu.

Hljómsveitin Depeche Mode á rætur sína að rekja til sveitarinnar No Romance in China sem var stofnuð árið 1976 af þeim Vince Clarke og Andrew Fletcher. Sú sveit hætti fljótlega og árið 1979 stofnaði Clarke French hljómsveitina Look ásamt Martin Gore. Fletcher gekk fljótlega til liðs við þá félaga og gengu þeir undir nafninu Composition of Sound.

Þegar David Gahan kom inn í sveitina 1980 var nafninu breytt í Depeche Mode og liðsuppstillingin var orðin fullmótuð, allt þar til Clarke, aðallagahöfundur sveitarinnar, hætti árið 1981 til að stofna sveitina Yazoo með söngkonunni Alison Moyet. Gore fór að semja lögin þess í stað og hefur gert það að mestu allar götur síðan með góðum árangri.

Depeche Mode varð ein vinsælasta tölvupopphljómsveit níunda áratugarins og ein sú fyrsta til að byggja hljóm sinn í kringum hljómborðstóna sína. Hún byrjaði sem hressileg danspoppsveit en þróaði smám saman myrkari og dramatískari hljóm sem átti eftir að gera hana að risa í tónlistarheiminum. Sveitin náði almennri athygli eftir útgáfu plötunnar Violator árið 1990. Þar var meðal annars að finna lögin Enjoy the Silence, Policy of Truth og Personal Jesus sem öll slógu rækilega í gegn. Eftir aðra vinsæla plötu, Songs of Faith & Devotion, sem kom út 1993 með lögum á borð við Barrel of a Gun og It´s No Good, fór hún að liðast í sundur, meðal annars vegna heróínnotkunar söngvarans Gahans og misheppnaðrar sjálfsvígstilraunar hans.

Eftir fjögurra ára pásu mætti sveitin sterk til leiks á ný með plötunni Ultra og enn þann dag í dag virkar sveitin í toppformi. Þykir nýjasta plata hennar, Playing the Angel, til að mynda töluvert sterkari en sú síðasta, Exciter. Meiri áhersla er lögð á þann hljóm sem gerði Depeche Mode fræga í upphafi, þar sem blandað er saman sérstæðum hljómborðsleik Gore, teknóáhrifum og fallegum melódíum. Gott dæmi um það er fyrsta smáskífulag plötunnar, Precious.

Upptökustjóri Playing the Angel er Ben Hillier, sem hefur áður unnið með sveitum á borð við Blur, Elbow og Clinic. Í heimildarmynd um gerð plötunnar, sem er að finna á viðhafnarútgáfu hennar, lýsa liðsmenn Depeche Mode yfir ánægju sinni með Hillier og þá breytingu sem hefur orðið á sveitinni frá síðustu plötu. Hillier var enginn sérstakur aðdáandi sveitarinnar áður en hann byrjaði á plötunni, en var fljótur að finna út hvernig hljómurinn ætti að vera. Lagði hann áherslu á að vinna hana hratt og markvisst því það hentaði hljómsveitinni mun betur.

Depeche Mode hefur alla tíð verið öflug tónleikasveit og er hún byrjuð á umfangsmikilli tónleikaferð um heiminn til að fylgja plötunni eftir. The Bravery, sem spilaði á Iceland Airwaves í fyrra, og The Raveonettes frá Danmörku munu hita upp á tónleikaferð hennar um Bandaríkin. Á næsta ári er síðan fyrirhuguð tónleikaferð um Evrópu og er Ísland því miður hvergi á þeim lista.

DEPECHE MODE Tólfta hljóðversplata Depeche Mode, Playing the Angel, er komin út.

THE ZUTONS Enska hljómsveitin The Zutons stóð sig vel á Iceland Airwaves.

Fjörutíu tónleikar hljóðritaðir

Rás 2 hljóðritaði fjörutíu tónlistaratriði á Iceland Airwaves sem lauk um síðustu helgi. Verður öllum tónleikum útvarpað á næstu vikum og mánuðum, auk þess sem hluta þeirra verður útvarpað á fjölda útvarpsstöðva í Evrópu.

Upptökurnar munu fyrst og fremst heyrast í þætti Andreu Jónsdóttur, Konsert, sem er frá 21.00 til 22.00 fjögur kvöld í viku.

Alls voru 29 tónleikar með íslenskum nöfnum hljóðritaðir, fjórir frá Danmörku, þrír frá Englandi og þrír frá Bandaríkjunum. Á meðal hljómsveita og tónlistarmanna sem voru hljóðritaðir voru Ghostigital, The Fiery Furnaces, Forgotten Lores, Singapore Sling, Juliette & the Licks, The Viking Giant Show, Daníel Ágúst, The Zutons og Junior Senior. ■

AMON AMARTH Sænska þungarokksveitin er á leiðinni til Íslands í næsta mánuði.

Miðasala hafin á Amarth

Miðasala er hafin á tónleika sænsku þungarokksveitarinnar Amon Amarth sem verða haldnir 5. og 6. nóvember á Grandrokki og í Hellinum.

Amon Amarth hefur á að skipa fimm meðlimum sem gefa allt í tónleika sína. Tónlistin er kraftmikið þungarokk með áherslur á melódíur, sterka gítarfrasa og kröftugan söng. Sveitin spilaði síðast hér á landi í mars á síðasta ári við góðar undirtektir. Miðasala á tónleikana fer fram í Geisladiskabúð Valda og á Grandrokki. Miðaverð er 1.200 krónur. ■

Fram er komin ný kynslóð sem hugsar stórt og hefur kjark til að framkvæma. Til að ná árangri í borginni þarf Sjálfstæðisflokkurinn að veita þessari kynslóð brautargengi. Gísli Marteinn er framúrskarandi fulltrúi nýrra tíma - hann er mikill leiðtogi, heiðarlegur og vinnusamur. Ég treysti honum vel til góðra verka, Reykvíkingum til heilla.

Ragnheiður Ríkharðsdóttir
BÆJARSTJÓRI

PRÓFKJÖR SJÁLFSTÆÐISMANNA Í REYKJAVÍK FER FRAM DAGANA 4. OG 5. NÓVEMBER www.gislimarteinn.is

fjörið ... Fólk

folk@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarinn geðþekki Alec Baldwin líkir forræðisdeilu sinni við Kim Basinger við að kljást við krabbameinið. Hann segist smám saman vera að læra að höndla tilfinningar sínar, en á tímabili óttaðist hann að deilan gæti ýtt undir ofbeldishneigð í skapi hans. „Þetta er eins og að greinast með krabbamein," segir leikarinn í viðtali við Washington Post. „Ég verð að átta mig á að við þetta ástand bý ég en jafnframt að setja hlutina í samhengi." Baldwin segist hafa áttað sig á þessu eitt kvöld þegar hann var á heimleið og grýtti símanum sínum í ljósastaur í reiðikasti. Kona sem gekk fram á hann þekkti hann og sagði að hann yrði að læra að halda aftur af sér. „Og það hef ég gert."

Kvikmyndaveislan hafin í Reykjavík

Októberbíófest hófst á miðvikudaginn með frumsýningu dönsku kvikmyndarinnar Drabet. Per Fly, leikstjóri hennar, og Ib Tardini, framleiðandi myndarinnar, voru rifnir út úr matarboði og fengnir til að kynna afurðina. Fékk hún mjög góðar viðtökur áhorfenda en hún hafði fyrr um daginn hlotið kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs.



STUND MILLI STRÍÐA Ari Alexander gaf sér smá tíma frá ferðalögum vegna Gargandi snilldar og mætti í Háskólabíó ásamt Sigurði Guðmundssyni.

REYNIR LYNGDAL, JONATAN DEEVANY OG GUNNAR PÁLSSON Reynir Lyngdal er að leggja lokahöndina á handrit sem hann og Jón Atli Jónasson skrifa. Hann kíkti í bíó með þeim Jónatan Deevany og Gunnari Pálssyni.

LEIKSTJÓRINN OG FRAMLEIÐANDINN Leikstjórinn Per Fly var staddur hér á landi til að veita kvikmyndaverðlaunum Norðurlandaráðs viðtöku. Hér er hann með Ísleifi B. Þórhallssyni, framkvæmdarstjóra Októberbíófest, og Ib Tardini, framleiðanda myndarinnar.



MÆTT Á SVÆÐIÐ Arna Sigurðardóttir og Fjalar Sigurðsson létu sig ekki vanta á opnun Októberbíófest.

ÁNÆGJA MEÐ OKTÓBERBÍÓFEST Ragnhildur Magnúsdóttir útvarpskona og Bjargey Ólafsdóttir kvikmyndagerðarkona komu til að sjá Drabet.

MÁLIN RÆDD Þau Tolli, Gunný Magnúsdóttir, Martin Schluter og Ásdís Thoroddsen ræddu málin fyrir sýningu

MasterCard kynnir:

OKTÓBERBÍÓFEST

Í KVÖLD BJÓÐUM VIÐ UPP Á 12 NÝJAR KVIKMYNDIR FRÁ 8 LÖNDUM.

Á MORGUN: SPURT OG SVARAÐ MEÐ TOMMY THE CLOWN.

„Hey, ég fór nú einu sinni á 8 bíómyndir í 12 löndum."
- JÖKULL II

Í Háskólabíói og Regnboga 26. október - 14. nóvember

Iceland Film Festival

iff

ICELANDAIR IH ICELANDAIR HOTELS Talstöðin FM 90,9

www.icelandfilmfestival.is

Á allt hrós skilið

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Á síðastliðnum fimmtán árum hefur dönsk kvikmyndagerð verið að ná sér á strik. Danir hafa meðvitað gætt þess arfs sem þeim var falinn enda frumkvöðlar í kvikmyndagerð. Ný kynslóð kvikmyndaleikstjóra hefur tekið við keflinu og verður ekki annað sagt en að þeir spretti úr spori.

Drabet segir frá samfélagskennaranum Carsten. Hann telur sig búa í óhamingjusömu hjónabandi og stofnar því til ástarsambands við ungan róttækling, Pil. Hún er fyrrverandi nemandi hans og meðlimur í samtökum sem berjast gegn hvers kyns órétti í heiminum. Þegar innbrot hjá vopnaframleiðanda endar með því að lögregluþjónn er keyrður niður tekur líf kennarans stakkaskiptum. Hann ákveður að snúa baki við fjölskyldu sinni og sannfærir nemdanda sinn um að þegja yfir sekt sinni. Aðeins þannig geti þau tvö átt hamingjusamt líf. Þau þurfi ekki að horfast í augu við það sem hafi gerst né taka afleiðingum gjörða sinna, bara reyna að gleyma og þá verði allt í lagi. Réttlæta morðtól vopnaframleiðandans ekki annars dráp lögreglumannsins? Fortíðin leitar þau þó snöggt uppi í líki eiginkonu lögreglumannsins.

Það hefur verið hugsað fyrir öllum smáatriðum við gerð þessarar myndar. Hljóðvinnslan gefur henni aukna dýpt og þó að tónlistin sé ekki frumleg er hún heldur ekki áberandi. Það sem stendur þó upp úr er frábær leikur Jesper Christensen í hluverki hins lífsþreytta Carsten. Aðrir leikarar standa honum þó ekki langt að baki og íslenskir leikarar gætu lært mikið af framburði og leik danskra starfsbræðra sinna. Helsti lösturinn er að myndin er full löng þó áhorfandanum leiðist aldrei.

Drabet er sterk ádeila á millistéttina sem telur sig geta sloppið auðveldlega út úr öllu. Hún er hörð gagnrýni á fólkið sem upphefur pólítíska rétthugsun en kemur engu til leiðar. Það er vel skiljanlegt af hverju þessi mynd hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs því Drabet verðskuldar öll þau verðlaun sem henni hafa hlotnast.

Freyr Gígja Gunnarsson

DRABET

Leikstjóri: PER FLY

Aðalleikarar: Jesper Christensen, Pernilla August og Beate Bille

Niðurstaða: Það er vel skiljanlegt af hverju Drabet hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs. Hún á skilið öll þau verðlaun sem henni hefur hlotnast.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Donald Trump harðneitar að hafa sængað hjá leikkonunni og fegurðardrottningunni Robin Givens eins og haldið er fram í ævisögu auðkýfingsins sem gefin er út í hans óþökk. Trump segir höfund bókarinnar, Tim O'Brien, hafa blekkt sig, Hann hafi komið fram undir fölskum forsendum og Trump opnað einkalíf sitt fyrir honum. Robin Givens var eitt sinn gift boxaranum Mike Tyson en Trump kannast ekki við að hafa nokkurn tímann samrekkt henni. Þá segir í bókinni að Trump sé ekki milljarðamæringur eins og hann heldur fram, heldur hafi þurft að fá lánaða peninga frá systkinum sínum. „Bull og vitleysa," segir Trump. „Tim er ekki góður höfundur."

LUMAR ÞÚ Á
STUTTMYND?

ÍSLENSKA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKADEMÍAN KYNNIR
HVATNINGARVERÐLAUN LANDSBANKANS
STUTTMYNDAKEPPNI Á EDDUNNI
FYRIR UNGA KVIKMYNDAGERÐARMENN Á ALDRINUM 15-25 ÁRA

EDDA 2005

HVATNINGARVERÐLAUN LANDSBANKANS ERU VEITT Í NÝSTOFNAÐRI STUTTMYNDAKEPPNI ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSAKADEMÍUNNAR SEM ÆTLUÐ ER EFNILEGU KVIKMYNDAGERÐARFÓLKI Á ALDRINUM 15 – 25 ÁRA.

4 dagar til stefnu

- SKILAFRESTUR ER ÞRIÐJUDAGINN 1. NÓVEMBER KL. 17:00
- MYNDIRNAR SKULU VERA ALLT AÐ 20 MÍNÚTUM Á LENGD
- MYNDIRNAR EIGA AÐ HAFA VERIÐ GERÐAR Á SÍÐUSTU 2 ÁRUM
- SÁ SEM SKRÁIR VERK TIL KEPPNI SKAL HAFA TIL ÞESS UMBOÐ FRÁ ÖÐRUM RÉTTHÖFUM
- TILNEFNDAR MYNDIR VERÐA SÝNDAR Á RÚV OG VISIR.IS

FYRSTU VERÐLAUN SONY HDV

Skila skal 5 eintökum á DVD eða VHS ásamt útfylltum og undirrituðum eyðublöðum á skrifstofu kvikmyndamiðstöðvar Íslands, Túngötu 14, 101 Reykjavík fyrir kl. 17:00 þann 1. nóvember 2005.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á
WWW.LOGS.IS

Landsbankinn
410 4000 | landsbanki.is

www.toyota.is

Sker sig úr þegar öryggi er annars vegar

EURO NCAP www.euroncap.com ★★★★★ TOYOTA AVENSIS

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 23767 10/2005

Fimm stjörnu öryggi

Avensis fékk hæstu einkunn sem gefin hefur verið í árekstrarprófi Euro NCAP eða heilar fimm stjörnur fyrir öryggi. Þar vógu þungt öflugir loftpúðar og sterk yfirbygging. En sérstaða Avensis er ekki aðeins bundin við öryggi. Hann var líka kosinn bíll ársins í flokki fjölskyldubíla af tímaritinu WhatCar?

Avensis Wagon er hágæða fjölskyldubíll, ríkulega búinn og rúmgóður. Eftirtektarverður kostur sem sker sig úr hvar sem hann fer.

Prófaðu verðlaunagripinn Avensis Wagon og sjáðu hvort hann smellpassi ekki fyrir fjölskylduna þína.

Verð frá 2.340.000 kr.

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota
Nýbýlavegi 4
KÓPAVOGUR
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
AKUREYRI
Sími: 460-4300

Toyotasalurinn
Njarðarbraut 19
REYKJANESBÆR
Sími: 421-4888

Toyotasalurinn
Fossnesi 14
SELFOSS
Sími: 480-8000

HUGSAÐU STÓRT

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

Sýnd kl. 5, 8 og 10.45 Sýnd í Lúxus kl. 5, 8 og 10.45 B.i. 12 ára

Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.45

Sýnd kl. 4, 6 og 8



Sýnd kl. 10 B.i. 14 ára

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.i. 16 ára



Sýnd kl. 3.50 með íslensku tali.

Dolby SDDS Sony Dynamic Digital Sound THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

Sýnd kl. 5.20, 8 og 10.40 B.i. 12 ára

Sýnd kl. 6

Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

iff Reykjavík International Film Festival

OKTÓBERBÍÓFEST | 26. október -14. nóvember

Adams Apples • Sýnd kl. 6
On a Clear Day • Sýnd kl. 6
Pusher II • Sýnd kl. 8
Crónicas • Sýnd kl. 8
The King • Sýnd kl. 10
Rock School • Sýnd kl. 10

Borgarbíó www.borgarbio.is Akureyri

Legend of Zorro	kl. 5.30, 8 og 10.30
Africa United	kl. 6
Doom	kl. 8 og 10

bara lúxus LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075

Sýnd kl. 3, 5:30, 8 og 10:30

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 b.i. 16

Sýnd kl. 8 og 10 b.i. 16 ára

Sýnd kl. 4 og 6 m/íslensku tali

www.laugarasbio.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Leikarar sem komu til greina í rullu James Bond komust ekki að því að þeir hefðu ekki orðið fyrir valinu fyrr en tilkynnt var að Daniel Craig hefði hreppt hnossið. Nokkrir leikarar komu til greina í hlutverkið, þar á meðal Colin Salmon sem hefði brotið blað í sögu myndanna með því að vera fyrsti svertinginn til að leika njósnara hennar hátignar númer 007. Salmon, sem hefur í þremur síðustu myndum leikið Charles Robinson, starfsmannastjóra M, kveðst vonsvikinn yfir hvernig honum voru færð tíðindin að hann hefði orðið af hlutverkinu. „Ég vissi ekki neitt fyrr en það var tilkynnt að Daniel hefði hreppt hlutverkið," segir Salmon en bætir við að sér finnist Craig fínn leikari. Hann segist hins vegar ekki búast við að leika í fleiri myndum um Bond.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur einkamál verið höfðað á hendur leikaranum Omar Sharif fyrir að ganga í skrokk á bílastæðaverði í Los Angeles. Bílastæðavörðurinn, sem er af rómönsku bergi brotinn, segir Sharif hafa kallað sig „heimskan Mexíkóa" og kýlt sig eftir að hann neitaði að taka við evrum sem greiðslum frá leikaranum. Sharif hefur hins vegar gefið út yfirlýsingu þar sem hann harðneitar sök og segir málsóknina fáránlega. Lögreglan hafi rannsakað málið á sínum tíma og ekki séð ástæðu til að aðhafast. Sharif segir vitni geta staðfest framburð sinn og minnir á að sjálfur teljist hann til minnihlutahóps í Bandaríkjunum, þar sem hann er Egypti.

HÁDEGISBÍÓ

HÁDEGISBÍÓ: 400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL:12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

3 BÍÓ

400 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL: 3 UM HELGINA Í HÁSKÓLABÍÓI

ÁLFABAKKI

KISS KISS BANG BANG	KL. 6-8.15-10.30
KISS KISS BANG BANG VIP	KL. 3.45-6-8.15-10.30
FLIGHTPLAN	KL. 3.50-6-8.15-10.30 B.I. 12
WALLACE & GROMIT ísl. tal	KL. 4-6
WALLACE & GROMIT enskt tal	KL. 6-8.15-10.30
CINDERELLA MAN	KL. 10.30 B.I. 14
THE 40 YEAR OLD VIRGIN	KL. 5.30-8-10.30 B.I. 14
GOAL	KL. 8.15
VALIANT ísl. tal	KL. 3.40
SKY HIGH	KL. 3.50
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY	KL. 3.50

KEFLAVÍK

WALLACE & GROMIT ísl. tal	KL. 6
CINDERELLA MAN	KL. 8
FLIGHTPLAN	KL. 10
MUST LOVE DOGS	KL. 8
VALIANT ísl. tal	KL. 6

AKUREYRI

CORPSE BRIDE	KL. 2-4-6
WALLACE & GROMIT ísl. tal	KL. 8-10
FLIGHTPLAN	KL. 10
THE 40 YEAR OLD VIRGIN	KL. 6

KRINGLAN

KISS KISS BANG BANG	KL. 6-8.15-10.30
PERFECT CATCH	KL. 8.15-10.30 B.I. 16
FLIGHTPLAN	KL. 8-10.15 B.I. 12
WALLACE & GROMIT ísl. tal	KL. 4-6
MUST LOVE DOGS	KL. 6
VALIANT ísl. tal	KL. 4
SKY HIGH	KL. 4

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI ❲ 587 8900 KRINGLAN ❲ 588 0800 AKUREYRI ❲ 461 4666 KEFLAVÍK ❲ 421 1170

FRÉTTIR AF FÓLKI

Keira Knightley segist hafa gaman af því að strippa fyrir framan myndavélina. „Ég hef gaman af því að vera kynþokkafull í kvikmyndunum sem ég leik í og hef ekkert á móti því að strippa. Einu sinni þurfti ég hins vegar að dansa yfir kjöltu karlmanns og þá þurfti ég að fara það mikið í sundur með fótleggina að ég gat ekki klárað senuna og þurfti að fá aukamanneskju til þess að leika fyrir mig, ég er svo stirð," segir hún.

Fyrirsætan Jordan segist aldrei munu líta út fyrir að vera gömul. „Ég myndi aldrei vilja eldast eðlilega. Ég vil alltaf líta út fyrir að vera á þrítugsaldrinum. Ég er viss um að þegar ég verð gömul verði komnar nýjar uppfinningar til þess að hjálpa manni að líta vel út. Þið munuð aldrei sjá mig með grátt hár," sagði Jordan og viðurkenndi einnig að þau Peter André hefðu fengið sér botox fyrir brúðkaupið.

Kirsten Dunst segist vera skotin í Patriciu Arquette og segir hana vera kynþokkafulla vegna þess að hún lítur ekki alltaf fullkomlega út. „Ég er stelpu-skotin í henni. Hún er alvöru kona og er hvorki með anorexíu né fullkomlega brún. Hún er ekki að reyna að fela hver hún er og það finnst mér kynþokkafullt," sagði Kirsten. „Mamma er alltaf að segja mér að láta rétta í mér tennurnar en þær eru eitt af því sem ég er ánægð með. Skakkar tennur eru svo kynþokkafullar."

Uma Thurman neyddist til þess að klæðast sínum eigin fötum í nýjustu mynd sinni, Prime, vegna þess að peningar til framleiðslu myndarinnar voru af skornum skammti. Hún var því fegin að heyra það að fólk sem hafði séð myndina þótti fatnaður hennar smekklegur.

Borðar Mæja í stofunni?

Athyglisverð auglýsing er inni á heimasíðu FH, fh.is, þar sem handboltagoðsögnin Geir Hallsteinsson, sem situr í stjórn handknattleiksdeildar FH, óskar eftir eldhúsborði og sjónvarpi á lítinn eða engan pening. Hlutirnir munu fara í íbúð dönsku stórkyttunnar Mæju Grönbæk sem hefur, samkvæmt þessu, mátt búa við þröngan kost.

sport

sport@frettabladid.is

ÍSLENSKA HANDBOLTALANDSLIÐIÐ: LÉK VEL Í FYRSTA LEIK Á FJÖGURRA LIÐA MÓTI Í PÓLLANDI

Ólafur með stórleik í eins marks sigri

Íslenska landsliðið í handknattleik vann eins marks sigur gegn Pólverjum, 38-37, í fyrsta leik sínum í fjögurra liða móti sem fram fer í Póllandi. Íslenska liðið leiddi allan leikinn og hafði eins marks forystu í leikhléi, 18-17. Ólafur Stefánsson var atkvæðamestur í íslenska liðinu með tíu mörk en margir leikmenn íslenska liðsins áttu góðan leik og þá sérstaklega í sókninni þar sem nýting leikmanna var til mikillar fyrirmyndar.

„Þetta var mjög fínt. Við tókum forystuna strax í byrjun og leiddum allan leikinn," sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ og fyrrverandi aðstoðarlandsliðsþjálfari, sem er með íslenska liðinu í Póllandi.

„Við vorum með 4-5 marka forystu þegar 10 mínútur voru eftir en dómarar leiksins voru ansi duglegir að henda okkur af velli síðustu tíu mínútur leiksins og það gerði okkur erfitt fyrir. Sem betur fer lánaðist okkur að klára dæmið. Við vorum klárlega betra liðið í dag og áttum sigurinn skilinn."

Eins og tölurnar gefa til kynna var sóknarleikur Íslands fínn en vörn og markvarsla var eins og venjulega langt frá því að vera ásættanleg. „Það var mikill hraði í leiknum og svo sátum við utan vallar í 24 mínútur á meðan Pólverjarnir þurftu aðeins að hvíla sig í 8 mínútur. Liðið var mjög massíft og mér fannst liðsheildin mjög góð og það eru allir vel yfir 50% nýtingu. Þetta var bara fínn leikur," sagði Einar.

Viggó Sigurðsson neitaði að ræða við Fréttablaðið, sem fyrr, eftir leikinn og skellti á blaðamann. Næsti leikur íslenska liðsins er klukkan þrjú í dag gegn Dönum.

> Þórarinn á leið úr bænum

Framherjinn Þórarinn Kristjánsson staðfesti við Fréttablaðið að hann myndi ekki leika með liði í Reykjavík næsta sumar. Þórarinn er á leið undir hnífinn vegna hnémeiðsla en hann verður kominn á ról aftur eftir 2-3 vikur. Til stendur að hann fari til reynslu hjá sænsku félagi í kringum áramótin en verði ekkert úr þeirri ferð mun hann leika á Íslandi. Þar stendur valið á milli tveggja félaga - Grindavíkur og Keflavíkur - en Þórarinn er alinn upp hjá Keflavík.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

25 26 27 **28** 29 30 31

Föstudagur

SJÓNVARP

07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er sýndur til kl 9 og svo aftur kl. 18.

18.00 **Upphitun** á Skjá einum.

19.00 **Mótorsport** á Sýn. Hestöfl og hasar.

19.30 **NFL-tilþrif** á Sýn. Flottustu tilþrif síðustu helgar í NFL-boltanum.

20.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttaþáttur.

21.00 **Sloppið naumlega** á Sýn. Otrúlegur þáttur um ofurhuga sem sluppu með skrekkinn.

Munu segja nei við Blika

Tvær af sterkustu leikmönnum kvennaboltans, Margrét Lára Viðarsdóttir og Laufey Ólafsdóttir, eru ekki á leið til Breiðabliks. Margrét Lára verður áfram í herbúðum Vals en Laufey er enn að hugsa sinn gang.

FÓTBOLTI Landsliðskonurnar Margrét Lára Viðarsdóttir og Laufey Ólafsdóttir ætla að spila með Valsstúlkum í Landsbankadeildinni næsta sumar og kveðast ákveðnar í að neita forráðamönnum Breiðabliks ef kallið komi þaðan. Blikar eru stórhuga fyrir næsta tímabil og hafa verið að sanka að sér nokkrum af fremstu knattspyrnukonum landsins en öruggt er að Margrét Lára og Laufey munu ekki vera í þeim hópi.

„Það gengur náttúrulega ekki að eitt lið fái til sín alla leikmennina. Það verður að vera einhver spenna í deildinni," sagði Margrét Lára kímin við Fréttablaðið í gær og bætti því að Breiðablik hefði ekki haft samband enn sem komið er. „Ég mun segja nei við Breiðablik. Ég ætla að spila með besta liði landsins næsta sumar, sem er Valur," bætti hún við en verið er að ganga frá nýjum samningi milli Margrétar Láru og Vals þar sem upphaflegi samningurinn rann út eftir tímabilið í ár.

Laufey, sem valin hefur verið besti leikmaður Íslandsmótsins síðustu tvö ár, hefur enn ekki ákveðið hvað hún gerir næsta sumar og svo gæti farið að hún legði skóna á hilluna. „Ég á eitt ár eftir að samningi mínum við Val en hann er uppsegjanlegur. Það er ýmislegt sem spilar inn í en ég er ekki enn búin að taka ákvörðun," sagði hún við Fréttablaðið en staðfesti þó að hún færi ekki til Breiðabliks. „Það er ekki sniðugt þegar allir leikmenn ákveða að fara til eins liðs."

LAUFEY OG MARGRÉT LÁRA Fóru ekki tómhentar heim frá lokahófi KSÍ sem haldið var fyrir skemmstu. Laufey var valin leikmaður ársins en Margrét Lára hlaut gullskóinn.

Óvíst er hvað tekur við hjá Margréti Láru eftir næsta sumar en þó má telja fullvíst að hún haldi í atvinnumennsku. Þýska stórliðið Potsdam, sem fór illa með Valsstúlkur í Evrópukeppninni fyrir skemmstu, vildi fá Margréti Láru til liðs við sig strax um áramótin en það tilboð féllst hún ekki á og sendi þess í stað gagntilboð.

„Ég hef óskað eftir því við fulltrúa Potsdam að fara til þeirra þegar næsta leiktíð hefst og vonast til að þeir séu opnir fyrir því. Ég er í skóla hér heima sem ég hef hug á að klára og ég vil spila eitt sumar í viðbót hér heima til að vera tilbúnari fyrir atvinnumennskuna. Mig langar mikið til Potsdam, þetta er eitt af stærstu félögum heims og það er hreinlega ekki hægt að segja nei," segir Margrét Lára, sem er þó með önnur járn í eldinum ef Potsdam missir áhugann.

„Það er áhugi frá sænskum liðum en ég er ekkert að flýta mér í þessum málum. Nú er ég að einbeita mér að því að klára skólann og ætla svo að klára næsta sumar með Val. Svo sjáum við til."

vignir@frettabladid.is



PÁLMI RAFN Aðeins í viðræðum við Val og semur við félagið á næstu dögum samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Framtíð Pálma Rafns Pálmasonar að skýrast:

Á leið á Hlíðarenda

FÓTBOLTI Framtíð Húsvíkingsins Pálma Rafns Pálmasonar mun skýrast um helgina eða í upphafi næstu viku en þá mun hann, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins, semja við bikarmeistara Vals. Pálmi hafnaði samningstilboði KR fyrr í vikunni og val hans stóð því á milli Vals og FH.

Samkvæmt mjög áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins eru engar líkur á því að Pálmi fari til FH og heimildir blaðsins herma enn fremur að aðeins sé formsatriði hjá Pálma að ganga frá samningi við Val, sem er eina félagið sem hann er í viðræðum við sem stendur. Pálmi var þögull þegar Fréttablaðið spurði hann út í málið og hann vildi hvorki játa því né neita að hann væri á leið í Val.

„Þetta er ekki alveg komið hjá mér en ég mun semja við eitthvert lið um helgina eða strax eftir helgi. Það eina sem ég get sagt er að það lið er fyrir sunnan," sagði Pálmi Rafn.

- hbg

Notaðir bílar á tilboðsverði.

Afsláttardögum líkur 31. október nk.
Komdu strax.

Allt að 600.000 í afslátt

Opið virka daga kl. 9-18 og laugardaga kl. 12-16

Tökum notaðan uppí notaðan

Volkswagen • Daihatsu • Citroën • Renault • Kia • Volvo • Ford • Nissan • Toyota • BMW • Mitsubishi

Þú finnur rétta bílinn hjá Brimborg - ekki missa af honum - komdu strax!

Smelltu þér á netið: www.brimborg.is.
Þar er að finna öfluga leitarvél fyrir notaða bíla og fleiri ótrúleg tilboð.

Þú kaupir í dag.
Komdu í Brimborg.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.brimborg.is

SKÖMMUSTULEGUR Jón Orri Kristjánsson sést hér skömmustulegur á minni myndinni eftir að hafa brotið körfuna með eftirminnilegri troðslu í leikhléinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Karfa brotnaði

Það gekk mikið á þegar Fjölnir tók á móti Þór í Grafarvogi í gær. Meðal annars var karfa brotin.

KÖRFUBOLTI Heimamenn í Fjölni unnu nokkuð þægilegan tíu stiga sigur sem var fyllilega verðskuldaður. „Við leiddum alveg frá upphafi og vorum klárlega betri aðilinn og áttum sigurinn skilinn," sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnis, eftir leikinn. „Þetta var kannski ekki skemmtilegasti körfuboltinn sem boðið hefur verið upp á en stigin skipta öllu. Við vorum þar að auki með nýjan Kana sem var ekki alveg komin með kerfin á hreint þannig að það þarf að fínpússa ýmsa hluti hjá okkur."

Sá fáséði atburður átti sér stað í leikhléi að Þórsarinn Jón Orri Kristjánsson braut aðra körfuna í húsinu. Hann ætlaði þá að troða með miklum látum en kannski ekki eins miklum látum og raun bar vitni því karfan splundraðist líkt og sést á stundum í NBA-boltanum. Sem betur fer voru fleiri körfur í húsinu svo það var hægt að klára leikinn.

- hbg

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Vináttulandsleikur:

PÓLLAND-ÍSLAND	37-38 (17-18)

Mörk Íslands (skot): Ólafur Stefánsson 10/3 (16), Guðjón Valur Sigurðsson 8/1 (13), Jaliesky Garcia Padron 4 (9), Snorri Steinn Guðjónsson 4 (6), Alexander Peterson 4 (5), Einar Hólmgeirsson 3 (5), Sigfús Sigurðsson 3 (4), Róbert Gunnarsson 2 (3).

Varin skot: Hreiðar Guðmundsson 8, Birkir Ívar Guðmundsson 6.

Iceland Express-deild karla:

FJÖLNIR-ÞÓR AK.	90-80
HÖTTUR-ÍR	72-98
GRINDAVÍK-HAMAR/SELFOSS	114-84

Stig Grindavíkur: Páll Axel Vilbergsson 34 (Hitti úr 13 af 17 skotum sínum. Þar af 8 þriggja stiga körfur), Damon Bailey 17 (13 fráköst, 6 stoðs.), Þorleifur Ólafsson 16, Páll Kristinsson 12 (9 fráköst), Guðlaugur Eyjólfsson 9, Björn Brynjólfsson 6, Davíð Hermannsson 6, Ármann Vilbergsson 5, Eggert Pálsson 5, Hjörtur Harðarson 3, Ágúst Dearborn 1.

Stig Hamars/Selfoss: Clifton Cook 33 (14 fráköst, 9 stoðsend.), Svavar Pálsson 19, Friðrik Hreinsson 15, Atli Gunnarsson 8, Hallgrímur Brynjólfsson 5, Rúnar Sævarsson 2, Bragi Bjarnason 2.

NJARÐVÍK-HAUKAR	78-74
SKALLAGRÍMUR-KR	70-98

Stig Skallagríms: Jovan Zdravevski 21, Chris Manker 19, Axel Kárason 10, Hafþór Gunnarsson 9, Pétur Sigurðsson 7, Bjarni Kristmarsson 3, Áskell Jónsson 1.

Stig KR: Skarphéðinn Ingason 21, Ashley Champion 20, Pálmi Freyr Sigurgeirsson 19, Darri Hilmarsson 10, Steinar Kaldal 9, Níels Dungal 6, Ellert Arnarsson 5, Baldur Ólafsson 4, Jón H. Baldvinsson 4.

Evrópukeppni kvenna:

PAYS DIAIX-HAUKAR	99-59 (59-27)

Stig Hauka: Kesha Tardy 25 (13 fráköst), Helena Sverrisdóttir 15 (5 fráköst, 5 stoðs.), Jelena Jovanic 8, Hanna Hálfdanardóttir 4, Pálína Gunnlaugsdóttir 4, Kristrún Sigurjónsdóttir 2, Sigrún Ámundadóttir 1.

Keflvíkingurinn Ingvi Rafn Guðmundsson er risinn úr rekkju:

Á góðum batavegi eftir fótbrot

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Ingvi Rafn Guðmundsson er á góðum batavegi eftir að hafa fótbrotnað illa í leik Keflavíkur og ÍBV í 2. umferð Landsbankadeildarinnar í sumar. Ingvi Rafn er með skrúfur og bolta í sköflungnum og má ekki byrja að hlaupa fyrr en undir jól en á samt ekki von á öðru en að ná stærstum hluta undirbúningstímabilsins í vor.

„Þetta hefur gengið vel og beinið er í góðu lagi en skrúfurnar valda því að ég er stífur í löppinni," segir Ingvi Rafn en fjórir mánuðir eru liðnir síðan hann lenti í skelfilegu návígi við Pál Hjarðar, leikmanni ÍBV, með fyrrgreindum afleiðingum. „Ég er í mikill endurhæfingu en má ekki hlaupa. Ég hjóla og syndi mikið og er að vinna upp tapaðan massa í löppinni," segir Ingvi Rafn, sem var í sex vikur í gifsi og rýrnaði fóturinn mikið við það.

„Þetta er búinn að vera erfiður tími og ég neita því ekki að það greip oft um sig óþolinmæði í sumar þegar maður þurfti að horfa á æfingar á leiki. En nú hugsa ég bara fram á veginn og get ekki beðið eftir að því að byrja að spila á ný."

- vig

RÚMLIGGJANDI Þessi mynd var tekin daginn eftir fótbrotið.

Fyrstir koma fyrstir fá

Reynsluakstursbílar til sölu

HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER

Langar þig í nýjan bíl á frábæru verði? Við erum að skipta út reynsluakstursbílunum okkar í Hyundai, Renault, BMW og Land Rover núna. Komdu og gerðu bílakaup ársins.

Fyrstir koma, fyrstir fá.

RENAULT

DÆMI:
RENAULT MEGANE II 1,6L, BSK.
VERÐ KR. 1.870.000
AFSLÁTTUR KR. 255.000
VERÐ MEÐ AFSLÆTTI KR.1.615.000

DÆMI:
BMW 118I, SJSK.
VERÐ KR. 2.990.000
AFSLÁTTUR KR. 391.000
VERÐ MEÐ AFSLÆTTI KR.2.599.000

HYUNDAI hefur gæðin

DÆMI:
HYUNDAI TUCSON 2.0L, DÍSEL, SJSK.
VERÐ KR. 2.730.000
AFSLÁTTUR 260.000
VERÐ MEÐ AFSLÆTTI KR.2.470.000,-

ATHUGIÐ AÐ MYNDIR Á AUGLÝSINGU ENDURSPEGLAR EKKI ÞÁ BÍLA SEM FÁST Á REYNS

B&L

Með bílinn handa þér

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL 12 TIL 16.
B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS

Dúndur tilboð

Aðeins í dag föstudag.
Ekki láta þetta fara framhjá þér,

25% afsláttur

Skötuselur og öll lúða í dag með 25% afslætti.

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686

Fiskbúðin Vör
Fiskikóngurinn
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Mercedes-Benz

The All-New 2006 M-Class

Mercedes Benz ML 350

272 hestöfl / 350 Nm / 11,6 L per 100 km

Staðalbúnaður:

7 gíra sjálfskipting (7G-tronic) - Armhvíla í aftursæti með geymsluhólfi - Geymslurými í hólfi fyrir varahjól - Grænlitað rúðugler - Hemlalæsivörn (ABS) - Hraðanæmt stýri - Hraðastillir (DSR) þegar ekið er niður í móti - Hreyfiltengd þjófavörn samvirk útvarpi & fjarstýrðum samlæsingum - ISOFIX festingar fyrir tvo barnabílstóla - Jafnaflauki á hemlakerfi (BAS) - Rafhitaðar þvottasprautur fyrir framrúðu - Rafræn spyrnustýring á öllum hjólum - Tiptronic rofar fyrir gírskiptingu í stýrishjóli - Samlitir, rafstýrðir & rafhitaðir útipeglar með innbyggðum stefnuljósum & víðsýnisgeira - Samlitir stuðarar, hliðarlistar & hurðahúnar - Samlæsingar tengdar árekstursskynjara - Sjálfvirkt hita- & loftræstikerfi (Thermatic) - Sítengt aldrif - Spólvörn (ASR) - Stöðugleikastýring með skriðstilli (ESP) - Umhverfislýsing neðan úr hliðarspeglum - Útihitamælir - Þokuljós að framan & aftan - 17" léttmálmsfelgur - 8 líknarbelgir - Rafdrifin framsæti

Aukabúnaður:

Tvíþætt leðurinnrétting - Þjófa- & dráttarvörn - Command APS DVD leiðsögukerfi - Harman/Kardon Digital Surround hljómkerfi með 11 hátölurum & bassaboxi - Geisladiskamagasín fyrir 6 diska - Rafdrifin glersóllúga - Upphituð framsæti - Extra dökkar afturrúður - Regnskynjari - Viðarklæðning í mælaborði - Aðfellanlegir útispeglar

Allur pakkinn á aðeins kr. 6.550.000,-

MASTER

Glæsibæ
Álfheimum 74
104 Reykjavík
sími 540 2200
www.masterbill.is

Þjónustuaðili Mercedes Benz
á Íslandi frá upphafi er
RÆSIR HF

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„Nobody does this to the United States. The President will get his baseball glove back and play catch with this guy's balls!"

Svar:
General Northwood í kvikmyndinni Air Force One árið 1997

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **Bergsteinn Sigurðsson** er ekki hissa á að Jónatan Garðarsson sé fúll.

Kastljós og önnur tæki til upplýsingar

Jónatan Garðarsson íhugar alvarlega að hætta í Kastljósi því hann er óánægður með rýran hlut menningarumfjöllunar í þættinu. Það má taka undir. Ég hef saknað Jónatans úr Kastljósi enda hélt ég að Mósaík ætti að renna inn í það. Það var vissulega orðið tímabært að hressa upp á Mósaík og brjóta það dálítið upp en ef þetta er það sem koma skal í íslenskri menningarumfjöllun voru þetta slæm býtti.
Sjónvarpsdagskráin er yfirleitt ágæt á RÚV á mánudögum. Þar á bæ eru menn sérstaklega lunknir við að leita uppi fróðlega en jafnframt skemmtilega þætti (oftar en ekki frá BBC) um allt milli himins og jarðar. Þetta mættu einkareknu stöðvarnar taka sér til fyrirmyndar; það er ekki nóg að geta státað af Discovery eða National Geographic á fjölvarpinu. Í vikubyrjun var á dagskrá fyrsti þáttur af fimm í þáttröð sem nefnist Listin mótar heiminn. Þar var reynt að ráða hvers vegna menn hafa löngum haft óraunverulegar myndir af mannslíkamanum í kringum sig. Þrælskemmtilega framsett, eins og Breta er von og vísa.
Skjá einum til hróss má nefna þáttinn Design Rules sem sýndur er á þriðjudögum. Þar leiðir sprenglærður innanhússarkitekt áhorfendur í sannleikann um hvernig best er að nýta rými eða hámarka birtu í dimmum íbúðum. Kannski hafði ég bara áhuga vegna þess að ég er að flytja í litla kjallaraíbúð um mánaðamótin. Ég diktaði allténts niður nokkur hollráð, til dæmis hvar væri heppilegt að koma fyrir speglum og þess háttar, en efast um að ég grípi til róttlækra aðgerða á borð við að leggja dökkar flísar á stofugólfið til að draga úr endurkasti sólargeisla. Þá er þakgluggi væntanlega ekki heppilegur, þetta er jú kjallari.

JÓNATAN ÚR MÓSAÍK Skiljanlegt að hann sé óánægður.

▶ **22.05** *Bíó*
THE BIG TEASE

▶ **20.30** *Keppni*
IDOL

▶ **21.40** *Fræðslumynd*
THE CORPORATION

▶ **19.30** *Tónlist*
NORDIC MUSIC AWARDS 2/2

▶ **21.00** *Kappakstur*
AND THEY WALKED AWAY

SJÓNVARPIÐ

17.05 Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Tobbi tvisvar (9:26) **18.25** Villt dýr (9:26)

18.30 **Ungar ofurhetjur (23:26)**
19.00 **Fréttir, íþróttir og veður**
19.35 **Kastljós**
20.10 **Latibær**
20.40 **Í Hrekkjavökubæ** (Halloweentown High) Bandarísk ævintýramynd um baráttu góðs og ills í Hrekkjavökubæ.
▶ **22.05** **Hárgreiðslukeppnin** (The Big Tease) Bresk/bandarísk gamanmynd frá 1999. Hárgreiðslumanni í Glasgow er boðið til alþjóðlegrar keppni í Los Angeles. Þegar þangað kemur áttar hann sig á því að honum var aðeins boðið að vera meðal áhorfenda en hann beitir öllum mögulegum brögðum til að reyna að fá að taka þátt í keppninni.

23.30 Í fulla hnefana (bönnuð börnum) **1.30** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2

6.58 Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

12.20 Neighbours **12.45** Í fínu formi 2005 **13.00** Night Court (4:13) **13.25** George Lopez (5:24) **13.55** Punk'd (4:8) (e) **14.20** David Blaine: Frozen In Time **15.05** LAX **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.45** Bold and the Beautiful **18.05** Neighbours

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Ísland í dag**
20.00 **Arrested Development (12:22)** (Tómir asnar)
▶ **20.30** **Idol Sjtörnuleit 3 (5:45)** (Áheyrnarpróf) Hópur upprennandi söngstjarna mætti á Hótel Hérað og freistaði þess að heilla dómnefndina upp úr skónum. 2005.
21.25 **Listen Up (2:22)** (Takið eftir) Gamanmyndaflokkur.
21.50 **Blue Collar TV (11:32)** (Grínsmiðjan) Bráðskemmtilegir grínþættir.
22.15 **Fear X** (Ótti) Háspennutryllir. Harry á um sárt að binda en hann missti eiginkonu sína af slysförum. Nær allir eru sammála um að dauði hennar hafi verið ófyrirséður. Bönnuð börnum.

23.45 Semper Fi **1.10** Instinct to Kill (Stranglega bönnuð börnum) **2.40** Happiness (Bönnuð börnum) **4.55** Fréttir og Ísland í dag **6.25** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SIRKUS

18.30 **Fréttir Stöðvar 2**
19.00 **Laguna Beach (4:11)** Velkomin til paradísar, betur þekkt sem Laguna Beach í Kaliforníu.
19.30 **Idol extra 2005/2006** Svavar Örn forvitnast um Idol prufurnar á Akureyri. Eins og áður mun leynigestur láta sjá sig á svæðinu.
20.00 **Joan Of Arcadia (17:23)**
20.50 **Tru Calling (18:20)**
▶ **21.40** **The Corporation** Í þessari heimildarmynd er farið ítarlega ofan í allt sem tengist stórfyrirtækjum nútímans. Myndin sló í gegn á Nordisk Panorama og Litlu Kvikmyndahátíðinni þar semhún endaði sem aðsóknarmesta myndin. Leikstjóri: Jennifer Abbott og Mark Achbar. 2003.

0.10 Weeds (4:10) **0.45** HEX (4:19) **1.35** David Letterman **2.25** David Letterman

SKJÁREINN

17.35 Cheers – 7. þáttaröð **18.00** Upphitun

18.30 **Íslenski bachelorinn (e)**
19.20 **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
▶ **19.30** **Nordic Music Awards 2/2**
20.00 **Spurningaþátturinn Spark** Spark er splunkunýr spurningaþáttur um fótbolta og fótboltatengt efni.
20.35 **Charmed**
21.20 **Complete Savages**
21.45 **Ripley's Believe it or not!**
22.30 **Dirty Sanchez** Í þættinum kynnumst við nýjum fleti á því hvað sársauki getur verið, þegar við fylgjumst með þremur Wales-búum og einum brjáluðum Lundúnabúa. Fjórmenningarnir eiga það sameiginlegt að bera enga virðingu fyrir eigin öryggi og virðast ekkert hræðast.

23.00 Battlestar Galactica **23.45** Íslenski bachelorinn (e) **0.40** Silvía Nótt (e) **1.05** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.35** Óstöðvandi tónlist

SÝN

7.00 Olíssport **7.30** Olíssport **8.00** Olíssport **8.30** Olíssport

16.20 Olíssport **16.50** Spænski boltinn

18.30 **Gillette-sportpakkinn**
19.00 **Mótorsport 2005** Ítarleg umfjöllun um íslenskar akstursíþróttir.
19.30 **NFL-tilþrif** Svipmyndir úr leikjum helgarinnar í ameríska fótboltanum.
20.00 **Motorworld**
20.30 **UEFA Champions League** (Meistaradeild Evrópu fréttaþáttur)
▶ **21.00** **And They Walked Away** (Sloppið naumlega) Í þessum magnaða myndaflokki sjáum við margar veltur en þótt ótrúlegt megi virðast sakaði ökuþórana ekki.
22.20 **NBA – Bestu leikirnir** (Chicago Bulls – Utah Jazz 1997) Útsending frá sjötta leik Chicago Bulls og Utah Jazz í úrslitarimmu NBA árið 1997.

23.50 K-1

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Mike Bassett: England Manager (B. börnum) **8.00** Black Knight **10.00** The Martins **12.00** Scooby-Doo **14.00** Black Knight **16.00** The Martins **18.00** Scooby-Doo **20.00** **Mike Bassett: England Manager** Bresk gamanmynd. **22.00** **Dead Men Don't Wear Plaid** Skemmtileg mynd byggð á hugmyndaríku handriti. B. börnum. **0.00** Taking Sides (B. börnum) **2.00** Red Dragon (Str. b. börnum) **4.00** Dead Men Don't Wear Plaid (B. börnum)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News **12.30** Gastineau Girls **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** 101 Sensational Crimes of Fashion! **15.00** E! Entertainment Specials **16.00** Style Star **16.30** Style Star **17.00** Kill Reality **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Rich Kids: Cattle Drive **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** E! News **23.30** The Soup **0.00** Rich Kids: Cattle Drive **1.00** The E! True Hollywood Story

AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ENSKI BOLTINN

14.00 Bolton – WBA frá 22.10 **16.00** Aston Villa – Wigan frá 22.10 **18.00** Að leikslokum (e)
19.00 **Upphitun**
19.30 **Spurningaþátturinn Spark (e)**
20.00 **Spurningaþátturinn Spark**
20.30 **Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e)**
21.30 **Upphitun (e)**
22.00 **Að leikslokum (e)**
23.00 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt" (e) **0.00** Upphitun (e) **0.30** Arsenal – Man. City frá 22.10 **2.30** Dagskrárlok

Í KVÖLD
Á SIRKUS
FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

VIÐ MÆLUM MEÐ...

The Corporation **Sirkus** kl. 21.40

Áhorfendur fá að sjá hvernig stórfyrirtækin hagnast

Ógn fyrir framtíðina

Í þessari heimildarmynd er farið ítarlega ofan í allt sem tengist stórfyrirtækjum nútímans. Jafnframt kemur bersýnilega í ljós hvers konar ógn stórfyrirtækin eru fyrir heim okkar og framtíð. Myndin sló í gegn þegar hún kom út og vann til átta verðlauna, meðal annars á Nordisk Panorama og Litlu Kvikmyndahátíðinni þar sem hún endaði sem aðsóknarmesta myndin. Leikstjórar eru Jennifer Abbott og Mark Achbar.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.00 Fréttir **7.10** Morgunútvarpið **9.10** Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið. **13.10** Hrafnaþing **14.05** Birta **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

19.30 Morgunútvarpið e. **20.50** Allt og sumt e. **22.50** Á kassanum e. **23.20** Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e. **0.50** Hrafnaþing e.

1.35 Birta e. **2.25** Fréttaviðtalið e.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.05 Árla dags **6.50** Bæn **7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

12.20 Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.30** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

18.25 Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Heimsókn **20.30** Kvöldtónar **21.00** Fjallkonur fyrr og nú **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir

0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Einn og hálfur **7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari **10.03** Brot úr degi **12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

16.00 Fréttir **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2 **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar

18.25 Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir og Kastljósið **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Popp og ról

22.10 Næturvaktin **0.00** Fréttir

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL
Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS
Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT
12.00 Tennis: WTA Tournament Linz **15.00** Tennis: ATP Tournament Basel **16.00** Football: Top 24 Clubs **16.30** Tennis: WTA Tournament Linz **19.30** TNA Wrestling: USA **20.00** TNA Wrestling: USA **20.30** Rally: World Championship Catalunya Spain **21.00** Football: Top 24 Clubs **21.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.00** Xtreme Sports: Xgames 05 **23.00** Football: Top 24 Clubs

BBC PRIME
12.00 Two Thousand Acres of Sky **13.00** Teletubbies Everywhere **13.10** Little Robots **13.20** Andy Pandy **13.25** William's Wish Wellingtons **13.30** Boogie Beebies **13.45** Fimbles **14.05** Tikkabilla **14.35** 50/50 **15.00** The Life Laundry **15.30** Ready Steady Cook **16.15** The Weakest Link **17.00** Holby City **18.00** The Life of Mammals **19.00** French and Saunders **19.30** Manchild **20.00** Knowing Me, Knowing You... With Alan Partridge **20.30** Fields of Gold **22.00** The Scold's Bridle **23.00** Wellington: The Iron Duke **0.00** Mohammed Reza Pahlavi: The Last Shah **1.00** Spain on a Plate **1.30** Make German Your Business **2.00** The Money Programme

NATIONAL GEOGRAPHIC
12.00 Beyond Fear **13.00** When Expeditions Go Wrong **14.00** Asteroid – the Doomsday Rock **15.00** The Day James Dean Died **16.00** Seconds From Disaster **17.00** Egypt's Napoleon **18.00** Beyond Fear **19.00** When Expeditions Go Wrong **20.00** Mount St Helens Eruption **21.00** Eruption At Pinatubo **22.00** Air Crash Investigation **23.00** Mount St Helens Eruption **0.00** Eruption At Pinatubo

ANIMAL PLANET
12.00 Big Cat Diary **12.30** Predator's Prey **13.00** Eye of the Tiger **14.00** Animal Cops Houston **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Meerkat Manor **17.30** Monkey Business **18.00** Animals A-Z **18.30** Predator's Prey **19.00** The Natural World **20.00** Miami Animal Police **21.00** Meerkat Manor **21.30** Monkey Business **22.00** Venom ER **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** The Natural World **1.00** Meerkat Manor **1.30** Monkey Business

DISCOVERY
12.00 Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Extreme Engineering **14.00** Extreme Machines **15.00** Scrapheap Challenge **16.00** Thunder Races **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Brainiac **20.00** The Great Biker Build-Off **21.00** Spy **22.00** Mythbusters **23.00** Forensic Detectives **0.00** Spy Master

MTV
13.00 Wishlist **14.00** TRL **15.00** EMA Build-Up Show **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** The Osbournes **20.00** EMA Build-Up Show **20.30** EMA Build-Up Show **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

VH1
12.00 VH1 Hits **15.00** So 80s **16.00** VH1's Viewers Jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** VH1 Presents **20.00** MTV Live Shakira **20.30** Beat Club **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

CLUB
12.10 Crimes of Fashion **12.35** Lofty Ideas **13.00** Staying in Style **13.30** The Review **14.00** Girls Behaving Badly **14.25** The Villa **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Retail Therapy **17.15** The Review **17.40** Girls Behaving Badly **18.05** It's a Girl Thing **18.30** Paradise Seekers **19.00** Arresting Design **19.25** Single Girls **20.15** Sextacy **21.10** Ex-Rated **21.35** Sex and the Settee **22.00** Cheaters **23.00** Simply Indian **23.30** City Hospital **0.25** Girls Behaving Badly **0.50** Completely Hammered **1.15** Innertainment **1.45** The Review

CARTOON NETWORK
12.00 Dexter's Laboratory **12.30** Ed, Edd n Eddy **13.00** Codename: Kids Next Door **13.30** The Powerpuff Girls **14.00** Sabrina, The Animated Series **14.30** Atomic Betty **15.00** Teenage Mutant Ninja Turtles **15.30** B-Daman **16.00** Codename: Kids Next Door **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **17.00** Duck Dodgers in the 24 1/2 Century **17.30** Charlie Brown Specials **18.00** What's New Scooby-Doo? **18.30** Tom and Jerry **19.00** The Flintstones **19.30** Looney Tunes **20.00** Dastardly & Muttley in Their Flying Machines **20.30** Scooby-Doo **21.00** Tom and Jerry **22.00** Dexter's Laboratory **22.30** The Powerpuff Girls **23.00** Johnny Bravo **23.30** Ed, Edd n Eddy **0.00** Skipper & Skeeto **1.00** Spaced Out **1.30** Spaced Out

JETIX
12.20 Goosebumps **12.50** Black Hole High **13.15** Spiderman **13.40** Moville Mysteries **14.05** Digimon II **14.30** Totally Spies **15.00** W.i.t.c.h **15.30** Sonic X

MGM
12.35 Those Secrets **14.05** Someone I Touched **15.25** Killing Mr. Griffin **17.00** Through Naked Eyes **18.35** Save Me **20.10** Toy Soldiers **22.00** Rosebud **0.05** Jessica **1.50** Cold Room

TCM
19.00 Grand Prix **21.45** The Year of Living Dangerously **23.40** The Man Who Laughs **1.20** Old Acquaintance **3.10** MGM: When the Lion Roars

HALLMARK
12.45 Christy: Choices of the Heart **14.15** Christy: Choices of the Heart **16.00** Ordinary Miracles **17.30** McLeod's Daughters V **18.15** Arthur Hailey's Detective **19.45** Free of Eden **21.30** Lonesome Dove: The Series **22.15** H2o **0.00** Arthur Hailey's Detective **1.30** Lonesome Dove: The Series

BBC FOOD
12.00 Secret Recipes **12.30** A Cook's Tour **13.00** Made to Order **13.30** United States of Reza **14.00** Off the Menu **14.30** Deck Dates **15.00** Douglas Chew Cooks Asia **15.30** Masterchef Goes Large **16.00** Nigel Slater's Real Food **16.30** Forever Summer With Nigella **17.00** The Thirsty Traveller **17.30** Great Wine Walks **18.00** Gary Rhodes **18.30** Wild Harvest **19.00** Neil Perry Rockpool Sessions **19.30** The Tanner Brothers **20.00** Secret Recipes **20.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **21.00** The Best **21.30** Saturday Kitchen

DR1
12.00 Rabatten **12.30** Showtime: Udfordringen **13.00** TV Avisen med vejret **13.20** Forsvundne danskere **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Boogie Listen **15.00** Svampebob Firkant **15.20** Jungletrommer **15.30** AMIGO **16.00** Fredagsbio **16.10** Postmand Per **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Showtime **19.00** TV Avisen **19.30** Showtime: Kåringen **19.45** Blondinens hævn **21.20** Djævelsk spil **23.05** Boogie Listen

SV1
11.45 Tv-huset **13.00** Debatt **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Utgrävarna **15.30** Mitt i naturen **16.00** BoliBompa **16.01** Supersnällasilversara och Stålhenrik **16.25** Popverkstan **16.45** Häxan Surtant **17.00** Combo **17.30** Rapport **18.00** Doobidoo **19.00** Djävulen och jag **20.30** En gränslös rapsodi **21.00** Rapport **21.10** Kulturnyheterna **21.20** En andra chans **23.20** Sändning från SVT24



HRÓSIÐ

...fær heimspekingurinn Valur Brynjar Antonsson fyrir sýninguna Föðurmorð og nornatími í Norræna húsinu.

REYKJAVÍKURNÆTUR **HARPA PÉTURSDÓTTIR FURÐAR SIG Á UPPSÖGNUM Á MSN**

Djöfullegt internet-dömp

Vinkona mín kom að tali við mig á MSN um daginn og sagði: Hæ, mér var dömpað á MSN! Eins og mér finnist ekki nógu asnalegt að tilkynna mér þetta á MSN en að hann hafi í raun og veru hætt með henni í tölvusmáskilaboði fannst mér gersamlega fyrir neðan allar hellur! Ég missti hökuna niður í kjöltu yfir ósmekklegheitunum og lúðaskapnum í aumingja drengnum. Hún sýndi mér síðan þessi merkilegu skilaboð yfir kaffibolla eftir að við ákváðum að hætta að haga okkur eins og við gætum ekki talað saman öðruvísi en í gegnum eitthvert apparat. Skilaboðin voru þessi: Ég er ekki alveg að finna mig í þessu, það er bara ekki pláss fyrir aðra manneskju í lífinu mínu, þetta ert ekki þú heldur ég og ég þarf að taka til í mínum málum áður en ég fer út í frekara samband. Hún náttúrlega sprakk úr hlátri eins og hver heilvita manneskja myndi gera og svaraði honum svona: Ha ha ha, en ófrumlegt að enda þetta á MSN og nota frasa sem ég og annar hver jarðarbúi hefur klínt í andlitið á einhverjum sem hann vill losna við, hafðu það gott... Mér fannst þetta helvíti gott hjá henni enda ekkert annað svar við svona dömpi. Stuttu seinna frétti ég af fleiri álíka uppsögnum sem falla undir sama gæðastaðal. Ein vinkona mín hætti með sínum til nokkurra ára í SMS-i sem í stóð: Áhuginn er búinn! Annar kunningi minn sagðist hafa drýgt dauðasyndina leti þegar hann sendi sinni: Ég er ástfanginn af annarri konu, vertu farin á morgun! Stutt og skorinort og engin mannleg samskipti þörf. Þumallinn stimplar nokkra stafi og málið er dautt! Á þetta einhver skilið, ég bara spyr? Mér finnst að eftir allt sem maður þarf að standa í og ganga í gegnum þegar maður er yfir höfuð að leggja á sig samband verðskuldi hver heiðarleg manneskja að viðkomandi hafi aðeins fyrir því að vera sá sem slítur sambandinu. Má ekki bara vera svolítið erfitt að brjóta hjartað í einhverjum og er ekki bara í lagi að sá hinn sami fái sting, örlítið samviskubit og svitni aðeins yfir dramanu sem verið er að skapa? Þróunin undanfarin ár hefur sem sagt skilað sér í því að fólk játar stefnumótaboði í SMS-i og endar svo leikinn, ef hann hentar ekki að svo stöddu, í einu stykki SMS. Ég er ansi hrædd um að næst segi mér einhver að bónorðið hafi komið í gegnum SMS eða MSN og svo á endanum verður örugglega hægt að skrifa undir skilnaðarpappírana, úrskurða um forræði og skipta eignunum „online“.

1	■	2	3	4	5
6	7	■	8		
9		10	■	11	
12			13		■
■	14				15
16		■	17		
18		19	■	20	
21				■	

LÁRÉTT 2 slitrótt tal 6 2 eins 8 struns 9 stormur 11 skyldir 12 ráðagerð 14 hlátur 16 nafnorð 17 mánuður 18 pappírsblað 20 í röð 21 dreifa.
LÓÐRÉTT 1 listi 3 samtök 4 afsal 5 skjön 7 kista 10 bergtegund 13 þrep í stiga 15 fjarskiptatæki 16 á nefi 19 íþróttafélag.

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

SECURED BY RapidSSL 128 bit SSL Security
Örugg vefsvæði
dulkodun.is

HAFNARFJARÐARBÆR: BREGST VIÐ MYNDINNI AF PABBA

Thelma tekur þátt í málþingi

Fáar bækur hafa fengið jafn sterk viðbrögð og Myndin af pabba. Í henni rekur Gerður Kristný sögu Thelmu Ásdísardóttur og systra hennar sem máttu þola hryllilegt ofbeldi af hendi föður síns. Hafnarfjörður hefur verið töluvert í kastljósi fjölmiðla enda áttu stúlkurnar heima þar. Hafnarfjarðarbær hefur ákveðið að efna til málþings í næstu viku meðal þeirra starfshópa sem hafa með málefni barna að gera. Verður málþingið opið starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar en Thelma mun ávarpa það og taka þátt.

Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarfulltrúi og formaður fjölskylduráðs í Hafnarfirði, segir að yfirvöldum í bænum hafi fundist að þau þyrftu að bregðast við en að viðbrögðin hefðu komið þótt þessir atburðir hefðu átt sér stað í einhverju öðru bæjarfélagi. „Svona ofbeldi getur þrifist enn þann dag í dag en til þess að koma í veg fyrir það þarf samstarf allra hópa sem hafa með velferð barna að gera,“ segir Guðmundur og bætir við að honum hafi þótt framtak þeirra Gerðar og Thelmu bæði þarft og djarft. Bæjarfulltrúinn bætir við að það skorti ekki á úrræðin eða tækin heldur vanti sameiginlega vitund okkar um þær skyldur sem við höfum. „Ef fólk hefur minnsta grun á það að láta vita og láta sérfræðinga skoða málin,“ segir hann. Guðmundi finnst það mikilvægt að umræðan um þessi málefni gleymist ekki eftir að hafa farið af stað með jafn miklum hvelli. „Það er skylda okkar að halda henni gangandi. Ekki til að elta uppi einhverja sökudólga heldur til að nýta skelfilega reynslu þessara stúlkna og koma í veg fyrir að slíkt gerist aftur.“

THELMA OG GERÐUR Thelma mun ávarpa málþing sem Hafnarfjarðarbær heldur fyrir þá starfshópa sem koma nálægt velferð barna.

GUÐMUNDUR RÚNAR ÁRNASON Segir að það eina sem geti komið í veg fyrir að svona atburðir geti átt sér stað sé samstarf allra hópa.

Gerður Kristný, höfundur bókarinnar, er mjög ánægð með þau viðbrögð sem bókin hefur fengið. „Alla rithöfunda dreymir um að skrifa bók sem kemur góðu til leiðar. Mér finnst stórkostlegt að Myndinni af pabba hafi tekist það,“ segir hún en bætir við að hvorki hana né Telmu hafi grunað hver viðbrögðin yrðu. „Fólk vindur sér að manni úti á götu og vill fá að ræða við mig um sögu Thelmu.“

Gerður segir að Myndin af pabba sé hverjum og einum nauðsynleg lesning en hún hafi passað sig á því að skrifa hana þannig að allir gætu lesið hana. „Við þurfum að geta talað um kynferðisbrot. Það er mjög auðvelt að halda að það sem ekki er talað um sé ekki til.“

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sá orðrómur er kominn á kreik að Quentin Tarantino muni mæta og afhenda Edduna fyrir bestu kvikmyndina. Ekkert hefur þó fengist staðfest í þeim efnum og eftir því sem næst verður komist hefur erindið ekki verið borið upp við Tarantino sjálfan. Hann er væntanlegur til landsins ásamt leikstjóranum Eli Roth í tilefni af heimsfrumsýningu Hostel, nýjustu hryllingsmyndar þess síðarnefnda. Tarantino er sagður vera ákaflega jákvæður maður og hann á það til að segja já við hinu og þessu. Hann er víst einnig þekktur fyrir að láta ekki sjá sig þrátt fyrir vilyrði þess efnis. Það er því ljóst að aðdáendur Eddunnar koma til með að vera með öndina í hálsinum þegar hulunni verður svipt af því hver hljóti þann heiður að afhenda verðlaun fyrir bestu myndina í ár.

Þorsteinn Guðmundsson, leikari og fyrrum Fóstbróðir, hefur verið fenginn til þess að vera kynnir á Eddu-hátíðinni sem fram fer 13. nóvember. Þykir fólki þetta benda til þess að nú eigi að gera verðlaunin meira í ætt við Óskarinn eða BAFTA þar sem kynnar gera óspart grín að viðstöddum og fjarstöddum. Eru aðstandendur þess fullvissir um að Þorsteinn eigi eftir að draga sjónvarpsáhorfendur að skjánum enda vinsæll með eindæmum.

Fundar um glæpi í Vilníus

Rithöfundinum Árna Þórarinssyni hefur verið boðið á alþjóðlega krimmahátíð í Vilníus, höfuborg Litháens, dagana 9.-12. nóvember, en hún er haldin af Norrænu ráðherranefndinni. Hátíðin nefnist Vilnius Alibi en hana sækja glæpasagnahöfundar frá öllum Norðurlöndum auk höfunda frá Eystrasaltsríkjunum og Rússlandi en umræðuefnið verður glæpir, glæpasögur og samfélag,

„Það kom bara boð á tölvupósti og ég tók því kurteisislega og fagnandi,“ segir Árni þegar hann er inntur eftir því hvernig standi á þessari ferð hjá honum. Höfundurinn segist hlakka til ferðalagsins enda hafi hann aldrei komið til Vilníus. „Mér skilst að mannlífið sé mjög skrautlegt og að þeir séu ekki síður að glíma við glæpi en við,“ segir hann en bætir við að þó ákveðinnar tilhlökkunar gæti sé hann ekki mikill ráðstefnukarl.“ Ég hef ekkert sérstaklega gaman af málþingum en auðvitað eru undantekningar á því,“ viðurkennir hann.

Ráðstefnuhaldarar báðu alla höfunda um að skrifa smásögu sem gerðist í Vilníus án þess að vita hvort einhver af ráðstefnugestunum hefði komið þangað. „Mér fannst þetta djarft hjá þeim en gat því miður ekki tekið þátt í tilrauninni þar sem ég var að klára Tíma nornarinnar,“ útskýrir hann en bætir við að þetta hefði örugglega reynt verulega á hugmyndaflugið. „Einhverjir tóku þátt og þær smásögur koma út í bók,“ segir hann.

ÁRNI ÞÓRARINSSON Undirbýr nú jómfrúarferð til Vilníus. Þar mun hann verða í góðum félagskap glæpasagnahöfunda sem ætla að ræða glæpi, glæpasögur og samfélag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Humar
1.290, kr/kg
Ótrúlega gott verð á fínum humri.
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Það eru allir að tala um hann!

Þá er Buzz™! The Music Quiz komið á markaðinn en hér er á ferðinni glænýi spurningaleikurinn sem allir eru að tala um.
Buzz!: The Music Quiz er gerður aðeins fyrir PlayStation 2 og er blanda af leik og sjónvarps glamúr, en leikurinn er settur upp í formi spurningaþáttar, eins og þeir voru á gullöld sjónvarpsins. Með leiknum fylgja sérstakir stýrihnappar eða buzzerar, þannig að Buzz!: The Music Quiz er klárt til að breyta stofunni þinni í studio, þar sem skær ljósin skína, buzz stemmingin er í loftinu, svalur og flottur kynnir sveimar um og hinn þokkafulla Rose, aðstoðar við leikinn, það er því ljóst að spurningakeppni hefur aldrei verið jafn flott og nú. Meira en 1000 lagabútar og meira en 5000 spurningar.

Kominn í BT

Óóójeee óóónóóó!

4.999

BT

Frá framleiðendum SingStar!

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



BAKÞANKAR

SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR

Jóakim frændi

Níðskupúki var skammaryrði þegar ég var að alast upp í Keflavík - sem var á svipuðum tíma og slatti af íslensku ríkisstjórninni var að bardúsa við að komast á legg í öðrum plássum. Ef mig hefði grunað þá að heimurinn ætti eftir að líma þetta skammaryrði á íslensku þjóðina hefði ég sleppt því að heillast af landi, þjóð og sögu, drifið mig í Kanann upp úr fermingu og sest að á einhverju nábýli í Kansas þangað sem ekki berast fréttir frá umheiminum.

VIÐ Íslendingar höfum alltaf verið fallegust og sterkust - um það er engum blöðum að fletta. Við erum alveg að verða ríkust og fundum greinilega samfara því sterka hvöt til að sanna orðatiltæki sem hljómar á þá leið að margur verði af aurum api.

EN ÉG vil ekki trúa því að þegnar þessa lands séu níðskir, þótt mér sé löngu orðið ljóst að þeir sem stýra þjóðarbúinu hætti að skilja mælt mál þegar á það er bent að aðstoða þurfi þá sem eiga um sárt að binda í lífinu og þarfnast hjálpar. Það er eins og þeir hafi snúið hinu undurfagra og sársaukafulla ljóði, sem Bjartur í Sumarhúsum kveður til Ástu Sóllilju í Sjálfstæðu fólki, upp á andskotann og kveði við raust: Spurt hef ég tíu milljón manns/sé myrtir að gamni utanlands/sannlega mega þeir súpa hel/ég syrgi þá ekki/fari þeir vel.

UM LEIÐ og ég vona að vísubrotið sé rétt munað hjá mér þar sem ég hef ekki bókina uppivið, get ég ekki varist þeirri hugsun að við Íslendingar þurfum að staldra við og hugsa okkar gang.

VIÐ VILJUM vera þjóð meðal þjóða, láta taka mark á okkur, fá að stýra Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og vera í klíku stóru strákanna í hnattvæðingunni. Við viljum vera aðal. Það er hins vegar nokkuð ljóst að við viljum ekki axla ábyrgðina sem því fylgir og leggja af mörkum það sem okkur ber til hnattsamfélagsins. Við viljum taka við, þiggja og láta dást að okkur en gefa minna en við komumst upp með í staðinn.

VIÐ ERUM á góðri leið með að verða Jóakim frændi meðal þjóða og ættum því hvorki verða undrandi, sár né hneyksluð þegar Rip, Rap og Rup fara að kasta í okkur grjóti um leið og þeir æpa á eftir okkur: Níðskupúkar! Níðskupúkar!